

A close-up portrait of a man with light blue eyes and a flat cap. The man's face is the central focus, with his eyes looking slightly to the right. He has a fair complexion and some light stubble. The cap is a dark, textured material, possibly tweed. The background is a soft, out-of-focus green, suggesting an outdoor setting. The text 'Endurreist þjóðveldi 2013' is overlaid on the upper part of the image, and 'GUÐJÓN E. HREINBERG' is overlaid below it.

Endurreist þjóðveldi 2013

GUÐJÓN E. HREINBERG

Endurreist þjóðveldi 2013

GUÐJÓN E. HREINBERG

© 2013 Guðjón Elías Hreinberg Ívarsson. Efni bókarinnar er verndað af höfundarétti og öll réttindi áskilin. Óheimilt er án endurgjalds að vista efni þessarar bókar á rafrænan hátt, prenta það, fjölfalda og dreifa. Sérstaka heimild þarf til breytingar eða þýðingar á efni hennar og skyldi þá í öllum tilfellum getið heimildar og vísað í upprunaefnið.

ISBN 978-9935-9156-0-3

www.not.is

Efnisyfirlit

Um Þjóðveldið	4	25. Hugsað út fyrir rammann	90
Þjóðveldishátíð 2013	5	26. Borgaraleg óhlýðni	92
Endurreist Þjóðveldi 2013	6	27. Þjóðveldið hvarf	100
1. Frjáls Íslendingur	6	28. Íslensk þjóðarsál	101
2. Við nútíma Íslendingar	8	29. Ísland til sölu	103
3. Bókaþjóðin elskar menntun	11	30. Fjallkonan í fyrsta sæti	104
4. Íslendingar eru út fyrir rammann	14	31. Þjóð skiptir um kennitölu	109
5. Með Þjóðveldið í blóðinu	18	32. Þrautreyndar hugmyndir	111
6. Íslenska lýðræðið var lagt af	20	33. Ástríða lýðræðis	113
7. Fulltrúa lýðræði samtímans	23	34. Kóngur valdi fánann	117
8. Að móta stjórnarskrá	27	35. Gildi Íslands sálar	122
9. Héraðsþing í hverri byggð	30	36. Endurvarp á umræðuna	124
10. Þrjúhundruð og þrjátíu ár	33	37. Kraftur landvætta	127
11. Hinn ábyrgi Íslendingur	36	38. Við erum öfgakennd og sterk	134
12. Hvernig endurfæðist Þjóðveldi	39	39. Að kúga kerfið	138
13. Grunnildin og alþýðan	43	40. Sæmd er að góðri Stjórnarskrá	142
14. Embættismenn og kosningaréttur	44	41. Nöldurkeppnin	147
15. Arfleifð frelsis	48	42. Skrýttinn maður en venjulegur	152
16. Hugmyndir móta veruleika	50	43. Fjölmiðlavægi	156
17. Virðing Alþingis	57	Stjórnlagagrunnur	158
18. Þú hefur verðmiða	59	Mótunarskref stjórnarskrár	160
19. Þjóðmál í hjólfari hugans	67		
20. Þjóðveldiskrafturinn	75		
21. Heimsveldi óttans	77		
22. Íslendingar eru andlegt fólk	81		
23. Jafnrétti, heilbrigðismál og menntun	83		
24. Hin Íslenzku gildi	86		

Um Þjóðveldið

Vilji Þjóðin breyta eigin veikleika í styrk þarf hún að breyta innri umræðu. Sú umræða sem mest hefur verið áberandi einkennist af gagnrýni, umkvörtunum, áánægju og ósamlyndi. Sú aðferð að einblína á það sem rétt er gert, er okkur til sóma og styrkja það góða munum við sjálfkrafa auka styrk okkar og smám saman afmá það sem er þjóð okkar óæskilegt.

Mikilvægt er að koma með ábendingar sem Þjóðveldissinnar getga svarað. Það slípar málefnið og styrkir áherslur en mikilvægi málefnaþegra áherslna skal undirstrikað. Þannig er hin lýðræðislega nálgun, að meðan umræða fer fram skuli allar skoðanir eiga erindi upp á borð, allar eiga rétt á skoðun, en í lokin fer fram kosning þar sem vilji meirihlutans ræður úrslitum.

Einn af hornsteinum Þjóðveldisfélagsins er einmitt sá að nálgast sömu viðfangsefni og áður en frá nýju sjónarhorni. Ekki til að gera *skrýtnar lausnir* heldur til að losa umræðu sem er föst í gömlu hjólfari upp í nýtt hjólfar sem víkki sjóndeildarhringinn og bjóði ný tækifæri og aukinn styrk.

Tökum dæmi um öðruvísi sjónarhorn. Myndum við geta skipt lýðræðislega yfir í Íslam í dag? Tilhugsunin er óhugsandi. Þetta gátu þó forfeður okkar og þeir vissu nákvæmlega hvað þeir vildu í trúmálum. Þeim þótti jafn óhugsandi að skipta yfir í nýja trú. Hvers vegna gátu þeir samt tekið svo stórt skref að skipta um opinbera trú, og jafnframt lögfesta einskonar trúfrelsi? Hugleiddu hversu sterkir þeir voru. Erum við minna sterk?

Við höfum meiri þekkingu, tækni og möguleika en þeir, og jafnvel aukna víðsýni. Hinn almenni maður hefur lítinn áhuga á að skoða *eitthvað gamalt* og þannig séð úrelt. Samt ef hugsun og menning Þjóðveldisaldar er skoðuð nánar má finna þar viðhorf, skoðanir, þekkingu og innsæi sem skarar fram úr okkur um margt.

Að endingu megum við ekki gleyma ættjarðarást. Því þó við séum ósammála um margt og sumir vilji ganga svo langt að gefa landið undir erlent vald, þá elskum við nærri öll okkar land.



Þú finnur ættjarðarást þegar sungið er „Ísland er land þitt“ og flestum finnst „Ó guðs vors lands“ mjög leiðinlegt lag og kunna jafnvel ekki texta þess. Þó staldrar hver einasti Íslendingu við þegar hann heyrir þjóðsönginn fluttan, því hann táknar eitthvað sem okkur öllum er kært.

Þjóðveldishátíð 2013

Alþingi Þjóðveldis var fyrst sett á sumarsólstöðum á Þingvöllum, árið 930. Fram að þessum degi var Ísland byggt landnemum af ýmsu þjóðerni, en frá þessum degi var það byggt Íslendingum.

Síðan ríkti sú hefð að þinghelgi væri sett hvern fimmtudag við sumarsólstöður. Hélt sú hefð til 1264. Íslenska Þjóðveldisfélagið vill endurreisa þessa hefð. Gerum við það í minningu hins forna Þjóðveldis. Þetta er aðal tilgangur og markmið hins Íslenszka Þjóðveldisfélags.

Starfsemi félagsins, tilgangur þess og markmið, snýst um þinghelgi á fimmtudegi við sumarsólstöður, hinu forna Alþingi til heiðurs. Íslenszka Þjóðveldisfélagið er þannig stofnað til heiðurs fornri lýðræðishefð Íslendinga.

Er hver sá velkominn í félagið sem hefur áhuga á sögu Þjóðveldis hins eldra, og hvernig gildi þess geti gagnast í samtíma okkar.

Sjáumst á sumarsólstöðum.



Endurreist Þjóðveldi 2013

1. Frjáls Íslendingur

Ég er frjáls Íslendingur og bý í frjálsu landi. Ég hef engan áhuga á að búa í Evrópu enda væri ég þá farinn, því ég veit hvar flugvöllurinn er. Ég hef áhuga á því að búa á Íslandi.

Ég mæli á Íslenska tungu. Ég er alinn upp í Íslenskri sveit og hef búið öll mín fullorðinsár í Íslenskum bæ, Íslenskum kaupstað, Höfuðborg Íslands. Ég hef rekið fyrirtæki á Íslandi. Jafnvel setið í hegningarhúsi á Íslandi, það var kannski minnst ánægjulegt af öllum pakkanum.

Ég er alinn upp af föðurömmu minni. Hún leit á sjálfa sig sem Íslending og hún var stolt af því að vera Íslendingur. Hún var stolt af sögu sinni. Hún var stolt af formæðrum sínum og forfeðrum. Hún var selt af tungunni, og sögu okkar. Hún var stolt af því hver hún er og hún vann.

Hún var fædd 1914 og hún var sterk kona sem var alin upp í samfélagi sem var ekki sanngjarnt við konur. Amma mín var harður jafnréttissinni. Hún var stolt af því að hafa kosið Vigdísi sem fyrsta kvenforseta Íslenska lýðveldisins.

Hún var stolt af þeim árangri sem Íslenska samfélagið hefur náð á tuttugustu öldinni, því hún mundi þá tíma þegar Íslendingar bjuggu í moldarkofum og hituðu hús sín með því að hafa kýrnar inni í húsi. Hún mundi þá tíð þegar að þú skaraðir upp glóðina í öskunni á kolaeldavélinni til að geta hellt upp á morgunkaffi og hitað hafragraut handa fjölskyldunni.

Hún var frjáls Íslendingur og var stolt af þeim arfi menningar sem Ísland á.

Við Íslendingar höfðum ekki sömu getu og Evrópubúar til þess að byggja fallegar dómkirkjur, stórar hallir og mikla kastala. Við vorum of fá og við höfðum of lítinn efnivið. Svo ég vitna í Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta: „Orðin eru kastalar okkar Íslendinga.“



Við ortum ljóð og við skrifuðum sögur. Skandinavískar þjóðir þekkja konungasögur sínar vegna þess að þær voru skrifaðar uppi á Íslandi, á skinn, í moldarkofum. Við ritljós frá lýsislömpum. Úti í fjósi, jafnvel.

Íslenskir fjölskylduféður áttu ekki kost á, í gegnum aldirnar, að verða lögfræðingar, hagfræðingar, verkfræðingar, tölvunarfræðingar, eða bifvélavirkjar. Þeir áttu kost á því að vinna til sveita á sumrum og róa eftir fisk á vetrum, en þeir létu sig hafa það.

Þeir kunnu að yrkja fegurstu ljóð og þeir litu niður á leirburð. Þeir kunnu að semja góðar sögur og þjóðsögur þeirra eru ríkar. Það var ekkert grín að róa út á Atlantshafið, öldum saman, og renna til fiskjar á opnum bátum. Við erum synir þeirra og dætur.

Þetta var andlega sinnað fólk sem vissi að það yrði að lifa í jafnvægi gagnvart náttúrunni. Þeir báru virðingu fyrir álfunum og huldufólkinu, þeir báru virðingu fyrir tröllunum og þeir trúðu á áframhald eftir dauðann og þeir trúðu á Guð.

Þeir voru það andlega sinnaðir og svo sterkir á þessu sviði, að þó að þeir færu í kirkju og heyrðu þar preláta og presta útskýra himnaríki og helvíti, þá höfðu þeir samt sína barnatrú. Því hver einasti Íslendingur ber í brjósti eigin hjarta og fagra barnatrú.

Það var ekki að ástæðulausu árið 1000 að við kusum kristni en völdum að hver maður gæti verið heiðinn á laun. Vegna þess að í Íslensku þjóðarsálinni býr andleg viska, innsæi og þekking sem stendur skrefi framur andlegum veruleika annarra þjóða.

Sá sem þessi orð ritar hefur unnið með trúmál og dulvitund allt sitt líf og hann þekkir af eigin raun að þú segir ekki Íslendingi hverju trúa skal. Hann veit það sjálfur hvað snýr upp eða niður.

Hver einasti Íslendingur sem ég hef hitt er fær um að vera andlegur leiðbeinandi. En hann otar því ekki fram því honum finnst það ekkert merkilegt. Alveg eins og verkfræðingi finnst ekkert merkilegt að hann kann að reikna.



Þú getur fengið hvaða húsmóður sem er, á Íslandi, til að segja þér hvað snýr upp eða niður á heimspekinni. Það er ekkert víst að hún nenni að ræða þau mál en hún skilur þau.

Við erum svolítið sérstök þjóð, Íslendingar. Við erum fyrst og fremst andleg og frjáls þjóð. Ég er Íslendingur.

2. Við nútíma Íslendingar

Við erum frjálst fólk í frjálsu landi. Við erum fyrst og fremst andlega sinnuð þjóð og sterk þjóð. Við sem búum í dag á Íslandi stöndum með höfuð okkar og herðar upp úr.

Því við stöndum á herðum forfeðra okkar og formæðra. Fólks sem byggðu sitt land og ólu upp sínar fjölskyldur öldum saman við erfiðar aðstæður á norðurhjara Evrópu. Aðstæður sem ekki þóttu mönnum bjóðandi í Evrópu.

Hvarvetna í Evrópu gastu hitað upp hús þín með því að nota við, enda vex hann úti um allt. Við áttum engan við nema fyrstu öldina, en þegar eldivið skorti þá notuðum við tað og mó. Við björguðum okkur og þannig eru Íslendingar enn.

Það er ekki að ástæðulausu að það er þjóðarslangur að segja „þetta reddast“. Því við vitum dálítið sem aðrar þjóðir vita ekki. Við trúum á og treystum á okkar eigin mátt til þess að bjarga okkur, til þess að koma niður standandi og til þess að berjast móti straumnum.

Forfeður okkar ferðuðust hér á öldum áður á milli norðurlands og suðurlands um hávetur, dúðaðir inn í gæruskinns úlpur og gæruskinns galla, með skonrok, þurrkað kjöt og flatkökur í poka. Þeir víluðu ekki fyrir sér að labba yfir hálendið á sauðskinnsskóm í snjónum. Oft þurfti að taka krók til að finna ísilagða á og komast leiðar sinnar. Sumir urðu úti. En við gerðum'etta.

Ég hef orðið vitni að því að maður norður í landi var að keyra fólk heim af balli um miðja nótt. Það bilaði drifið í jeppanum hans en hann fór á skyrtunni með skiptilykil undir bílinn. Smástund síðar kom hann undan bílnum skjálfandi af kulda en það var hægt að keyra áfram.



Við Íslendingar gerum það sem gera þarf. Því við vitum hvað í okkur býr og að hvaða styrk við búum.

Það er ekki að ástæðulausu að við segjum við útlendinga „how do you like Iceland“. Því við viljum vita hvort útlendingar sjái það sem við sjáum. Við sjáum hinn heiða himinn. Við sjáum hina skáldlegu gáfu. Við sjáum í gegnum holt og hæðir. Við sjáum þann styrk sem í manninum býr þegar hann trúir á sjálfan sig.

Þannig spyrjum við útlendinga „sérðu, án þess að horfa?“


Hver einasti Íslendingur skilur þessi orð og hugsar „já þetta er rétt“. Ég reyni að segja þessa hluti við útlendinga og þeir segja „ertu eitthvað skríttinn“. Þeir hafa heldur ekki hina andlegu sýn sem við berum í genunum.

Þó hef ég hitt útlendinga sem sjá þetta og segja „vá, þetta er landið! Hér er heiður himinn, hér sé ég til fjalla, hér finn ég mig uppnuminn. Ég vil koma aftur.“

Ég hef sjálfur notað netið til samskipta við fólk víðsvegar um heiminn. Ég hef ánægju af að hitta útlendinga og hef ferðast mikið en síðustu tíu ár hef ég ekki átt heimangengt. Ég nota því netið til að kynna fólk erlendis. Ég á samskipti við fólk víða um heim, í öllum heimsálfum, og stundum rekst ég á fólk sem hefur átt ferð til Íslands. Það talar um hve vel það man ferðina til Einskislands þar sem ekkert er. Að því er virðist eyðimörk, en þetta er ekki eyðimörk því hún er ekki andleg eyðimörk.

Við erum þjóðin sem varðveitti sterka andlega sýn sem týndist um aldir í sögu Evrópu! Við erum þjóð sem stendur öðrum þjóðum frammar og ég ætla að útskýra það nánar. Sumt fólk í dulspeki telur okkur vera afkomendur hinnar fornu prestþjóðar Ísraels. Þó mér finnist það vera frekar langsótt, þá skil ég hina andlegu merkingu og skrif mín hér munu leiða það í ljós.

Ég trúi því að andleg sýn Íslendinga eigi erindi við nútímann á heimsgrundvelli og þegar þjóð mín vakni af doða sínum muni hún skína sjálfkrafa meðal þjóðanna. Ég fyllist af þjóðarstolti þegar ég lít yfir Íslendinga og Íslenska sögu.



Við búum á versta norðurhjara Evrópu og um aldir áttum við ekki þann kost að eiga samskipti við Evrópu nema tvisvar á ári. Öldum saman vorum við háð því að skipakomur væru erlend skip. Við gátum ekki smíðað eigin skip en við sættum okkur við það því við vissum eitthvað sem aðrir vissu ekki.

Við erum andlega frjálst fólk og við trúum á það sem í okkur býr og við sigrumst á því mótlæti sem lífið býður uppá. Við skiljum hvað það merkir að vera frjáls maður í frjálsu landi og trú á sjálfan sig, Guð og náttúruöflin.

En við villtumst af leið. Allir Íslendingar vita að við þurfum stundum að villast af leið, og taka á okkur krók og lenda í mótlæti til þess að skilja aftur það sem við vissum áður. Til þess að herða okkur í þeirri trú sem við vitum að skiptir máli. Þjóðveldisskrif mín byggjast að hluta á þessu þema, að við vorum bæld til þess að styrkja okkur. Það er okkar hlutverk að leiða þjóðir heimsins til friðar og umsköpunar. Til þess að geta það þurfti að herða okkur og villa okkur af leið.

Ég hef sjálfur lent í mótlæti í lífinu og ég hef þurft að skoða mitt eigið brjóst og hef þurft að spyrja sjálfan mig hvað er það sem skiptir máli? Ekki bara mig, sem einstakling, heldur það samfélag sem ég er hluti af og þá þjóð sem ég er sprottinn frá. Eins og tré sem er sprottið úr jarðvegi. Ég fann þann styrk sem í sjálfum mér bjó, ég ræktaði upp þá jákvæðni sem ég átti eftir. Mótlæti lífsins hafði hert mig og gert mig neikvæðan, reiðan og bitran en mér tókst að láta það visna. Í því ferli fór ég líka að sjá það jákvæða og góða í fólkinu mínu.

Ég ætla nú ekki of djúpt ofan í þá sálma hér enda er þeim hlutum gerð skil á öðrum vettvangi sem heitir „Ferli hins jákvæða vilja“ og er smátt og smátt að fæðast á vef mínum not.is.

Inntakið hér er fyrst og fremst þetta : Sjáðu hver þú ert, sjáðu hvernar þjóðar þú ert, sjáðu hver saga þín er og sjáðu hversu mögnuð hún er.

Það er ekki fyrir hvern sem er að búa þetta land. Það er ekki fyrir hvaða þjóð sem er að búa á þessu landi, sem við höfum byggt í tólf hundruð ár. Hinar öflugu þjóðir Evrópu, þessar stóru ríku og flottu menningarþjóðir, hefðu ekki ráðið við þetta. Annars hefðu þær gert það.



Við erum rétt liðlega þrjú hundruð þúsund manns. Við tölum eina elstu tungu heims. Hver einasti Íslendingur getur lesið fornsögurnar eftir stutt námskeið og jafnvel Austur- og Vestur-Gotnesku, tungur sem voru mæltar í Evrópu fyrir fimmtán hundruð árum. Við getum ort fallegustu ljóð á vorri tungu. Við varðveittum frumtungu norðurlanda. Við varðveittum sögu þeirra og við gerum það enn. Við þurftum engar hallir og þurfum þær ekki enn.


3. Bókabjóðin elskar menntun

Ég sat nýlega á kaffihúsi, í hópí fólks að ræða hugræn málefni. Sem endranær þegar maður situr á Íslensku kaffihúsi með Íslensku fólki og ræðir um ýmislegt: Maður kemur aldrei að tómun kofanum. Bókabjóðin er víðlesin, athugul og íhugul. Hún elskar menntun, þekkingu, skilning og innsæi.

Menntun, endurmenntun og símenntun er málið hjá okkur. Við erum að fara á fimmtugsaldri í endurmenntun í Háskóla eða að klára stúdentinn um fertugt. Mæður sem eru loksins að sjá börnin flytja út, drífa sig í skóla, koma sér þannig í gang aftur, lifa lífinu og mennta á sér hausinn.

Við erum pínulítið þorp, ef að við erum borin saman við England, Þýskaland eða Frakkland. Þó höfum við fleiri bókasöfn á höfðatölu og hvert einasta heimili á sjálft sitt bókasafn. Við höfum mörg útgáfufyrirtæki og gefum út skáldrit, fræðirit og ljóðabækur á okkar tungu. Við jafnvel gleymum því stundum hvað þetta er merkilegt því þetta er svo sjálfsagður hlutur hér á landi. Ef útgáfustyrkurinn og útgáfumagnið er borið saman við erlend ríki stöndum við með höfuð og herðar upp yfir þeim því við iðkum andans listir af mun meiri krafti en gengur og gerist í samfélagi þjóða.

Við vitum hvar andleg verðmæti liggja. Því þau liggja í okkur sjálfum en ekki í höllum, lystigörðum og gullforða. Þannig er hin Íslenska þjóð, hinn frjálsi maður og frjálsa kona í voru frjálsa landi, við vitum hvað skiptir máli. En við erum langt frá Evrópu og langt frá Ameríku svo við gleymum samanburði. Við gleymum að bera okkur saman á raunverulegan hátt. Samt er þetta litla smáþorp að bera sig saman við stóru þjóðirnar!



Þess vegna er ég að minna á það. Við ferðumst og kynnumst fólki og við berum okkur saman við stærð þeirra í sýnlegum heimi. Við sjáum hversu stórar þær eru miðað við höfðatölu, framleiðslugetu og aðrar áþreifanlegar stærðir. Við gleymum að bera okkur saman við hinn andlega innri veruleika, þá sýn sem Íslendingurinn hefur. Hvar finnur þú smáborg af okkar stærð sem getur og gerir það sem við gerum?

Fyrir um það bil tólf hundruð árum síðan, um átta hundruð eftir krist, fréttu fáeinir Norðmenn af liltu eylandi í vestri sem væri óbúið. Þeir voru þreyttir, leiðir, rétt eins og Ísland er í dag. Þeir voru þreyttir og leiðir vegna ofríkis konungavelda.

Þeir fréttu af þessu eyðilandi vestur í Norður Atlantshafi, og þeir fylltu pínulitla báta af búfenaði og því fólki sem komst með og sigldu vestur um haf og numu hér land. Þeir réru yfir hafið með allt sitt á opnum bátum.

Þeir byggðu sér ból og lærðu að lifa af í þeirri óblíðu náttúru sem ríkir á Íslandi og völdu landinu nafn, Ísland. Þeir hefðu getað nefnt landið Grænland. Hefðu þeir gert það þá hefði fullt af Evrópubúum komið hingað. Þeir vildu ekki slíkt.

Þeir sem nefndu jökulinn fyrir vestan okkur Grænland voru menn sem vildu lokka landnema með sér vestur um haf. Það voru glæpamenn sem höfðu verið dæmdir útlægir á Íslandi og sú saga fór eins og hún fór. Sá sem vill skilja það betur hefði gagn af að lesa Grænlendingabók, hún er stutt lesning og afar fróðleg.

Þeir fóru til þessa lands og nefndu það Ísland svo að þeir sem myndu sigla í kjölfarið gætu vitað að þeir færu til erfiðs lands. Þessir menn kunnu markaðssetningu. Þeir höfðu siglt um alla Evrópu, meðfram öllum ströndum og upp margar ár. Þeir börðust við þorp og áttu í viðskiptum við önnur. Þeir þekktu ríkin þar, höfðingjaveldi og konungsríki. Þeir voru þekktir um alla Evrópu sem Víkingar. Harðduglegir, grimmir og harðir en jafnframt blíðir menn sem vissu hvað klukkan sló og hvað skipti máli, bæði í vísindum og sköpun.



Þeir voru erfiðir andstæðingar en traustir vinir þeirra sem að þeim var hlýtt til og báru virðingu fyrir. Virðing skipti þessa menn miklu máli. Svo hvað vildu þeir hingað út?

Þeir vildu vera frjálsir menn í frjálsum landi. Þeir flýðu ofríki sem að þeirra mati var að sliga þá fjárhagslega og andlega. Þetta voru andlegir menn, þeir vissu hvað skipti máli. Þeir voru tilbúnir að standa með því eða falla ella.

Tæpri öld eftir að landnám á Íslandi hófst var orðið þéttbýlt í landinu og mikið af höfðingjum víða um land. Þá kom upp þörf til að fara að ráða landsmálum. Þá riðu menn á milli héraða, ræddu sín mál og niðurstaðan var augljós. Niðurstaðan var eðlileg að þeirra mati: „Við þurfum að mynda Alþingi“.

Það hvarflaði ekki að þessum mönnum að fara út í valdabaráttu sem myndi orsaka að konungur Íslands yrði valinn. Þetta eru menn sem komu úr menningu Skandinavíu þar sem konungaveldi þótti sjálfsagðasta mál.

Þessir menn voru að koma úr menningar arfi konungavelda en þeir sigldu vestur um haf og byggðu sér ból í eyðilandi. Um leið og landið var orðið nógu þéttbýlt að ráða þurfti málum og setja þurfti landslög þótti þeim eðlilegt og sjálfsagt að reisa hér Alþingi. Fyrirbæri sem var óþekkt í heiminum!

Þetta heitir á nútímamáli „að hugsa út fyrir rammann“ eða út fyrir boxið. Þetta voru menn sem höfðu sýn! Þetta heitir einnig jákvæður sköpunarkraftur.

Þessir menn vissu eitthvað sem við höfum smám saman gleymt í algleymi erlendra sjónvarpsstöðva og hringiðu nútíma fjölmiðlunar. Nútíma fjölmiðlun birtist oft sem dálítið grunnhyggin og jafnvel barnaleg á stundum.

Íslensk þjóð á betra skilið en að vera alin upp við andlegan barnaskap. Hún er betur lesin en það og hún er betur hugsandi en svo að hún eigi slíkt skilið. Ég legg í hendur mér meiri manna að meta og dæma þar. En ala þarf upp fjölmiðlun nútímans að nýju. Þjóðin er samsett úr þroskuðu fólki og hún þarf andlega næringu frá slíkum.



Erindi mitt er þó ekki nútímaffjölmíðlun heldur annað: Hvaðan kemur þessi feikna djarfa, skapandi, hugsun til lýðræðis, á tíunda áratug landnáms aldar. Í upphafi landnáms á Íslandi, þegar við byggðum Alþingi. Valinn var maður til þess að ríða um landið og velja Alþingi stað. Hann stakk upp á sínum tillögum og Alþingi var reist á Þingvöllum. Annar maður var einhuga sendur til Gulapings að nema lög í þrjú ár.

Hvaðan kom þessi sýn? Hvaðan kom þessi djarfa og skapandi hugsun? Hvaðan kom þessi djúpa frelsis og sköpunarþrá sem enn lifir með þjóðinni, svo sterk að Þjóðveldið lifir enn í hjörtum þjóðarinnar.

Það eru til fræðirit sem ég hef rekist á. Þau reyndar eru ekki viðurkennd en ég hef rekist á fræðirit sem segja að þessir Norðmenn hafi áður flakkað um Evrópu, leitandi að þeim stað þar sem þeir gætu búið í friði. En ég ætla ekki út í þá sálma hér en bendi á bókina „Uppruni Íslendinga“ eftir Barða Guðmundsson fyrrum þjóðskjalavörð.

4. Íslendingar eru út fyrir rammann

Þjóðveldið lætur mig ekki í friði. Hugmyndin læddist að mér einhvern tíma á árinu 2011, kannski fyrr, en frá hrúni hef ég oft heyrt fólk nefna þjóðveldi. Þannig að kannski er hugmyndin upprunalega frá öðrum komin. Það er svo gaman að hugmyndum og eins og ég áður nefndi: Íslendingar kunna að hugsa út fyrir boxið. Þeir gleyma því stundum, en þeir kunna það.

Þegar fólk hafði miklar áhyggjur af tannskemmdum krakka, fyrir tuttugu árum, var fundinn upp nammidagur til að stýra nammineyslu. Víða er reynt að minnka gosdrykkjaneyslu krakka og unglunga en aðferðin er ekki fundin enn. Hún mun þó finnast því við kunnum að hugsa út fyrir rammann og laga okkur að aðstæðum.

Nú hafa margir áhyggjur af því að börn séu að fitna of mikið. Það kemur að því að við hættum að borða Cheerios í morgunmat og hamborgara í kvöldmat og förum að grennast aftur. Kannski förum við aftur að borða þjóðlegri mat sem hefur reynst vel í gegnum aldirnar. Hver veit? Því saga nútímans er ekki meitluð



í stein og þó þjóðarsál samtímans hafi eina skoðun hefur hún fyrr snúið til eldri skoðana.

Þjóðveldið lætur mig ekki í friði og saga okkar er mér hugleikin. Saga þjóðar minnar. Ég sé ekki sjálfan mig lengur sem einstaklinginn Guðjón Hreinberg. Ég sé mig sem afsprengi minnar þjóðar og minna forfedra. Ég finn þjóðararfinn í blóði og hugsun minni. Sama þjóðararf og mótaði mig og ég ber takmarkalaus virðingu fyrir arfi geginna kynslóða.

Ég þekki söguna um hvernig Ísland nýtti sér meðbyr í stríðinu til þess að hefja gríðarlega uppbyggingu. Hvernig við á þrjátíu árum bjuggum Ísland til. Afar okkar og Ömmur, feður okkar og mæður bjuggu til, á örskömmum tíma, gríðarlegt hagsældar og velsældar samfélag hér.

Fyrir heimsstyrjöldina síðari var ekkert varið í að búa á Íslandi. Það var skítapleis. Fáeinir bændur höfðu náð að byggja sér steinhús: Það var hörkudugnaður og sjálfsafneitun á bak við þau þrekvirki. Nítján hundruð og fimmtíu voru menn að nota orf og ljá til sveita, meðan Evrópa var byrjuð að nota dráttarvélar.

Þegar ég var krakki upp úr nítjánhundruð og sjötíu þá voru dráttarvélar og nýmóðins heivinnutæki úti um allt. Menn hættu að handmjólka og fóru að nota mjaltavélar. Þetta var gríðarlegt átak og við sem búum á Íslandi eftir hrun og erum að væla og mjálma, vælandi yfir einhverjum erfiðleikum. Þetta fólk, afi og amma, hefði híað á okkur.

Hvað breyttist? Ég veigra mér við að segja sjónvarpstækið. Ég hef ekkert út á sjónvarpstæki að setja, ég nota þau. Ég vel mér oft menningarefni í tækið en ég nenni ekki sjónvarpsstöðvum sem sturta yfir mig ódýru erlendu efni, oft misvel framleiddu ódýru sjónvarpsefni sem er ætlað fyrir vonsvikið fólk sem vinnur einhver verksmiðjustörf víðar í heiminum.

Slíkt efni höfðar ekki til mín. Ég spyr stundum hvort þetta hálfvelgju og miðjumóðs efni sé að hafa áhrif á hugsun okkar Íslendinga? En ég hugga mig við unga fólkíð sem minnir mig gamla manninn oft á það hvort segja skuli pylsa



eða pulsa. Það minnir mig á ef ég rita ekki tungu vora rétt. Það minnir mig á að ungdómurinn í dag er ekki fyrsta kynslóðin sem eldri kynslóðin örvæntir yfir og ekki sú síðasta. Því veit ég að Íslandi verður borgið, menningarlega, af því hef ég engar áhyggjur.

Í þrjúhundruð og fimmtíu ár bjuggu Íslendingar við Þjóðveldi, og það er það sem lætur mig ekki í friði. Það var skipulagt á eftirfarandi hátt: Hvarvetna um landið voru héraðsþing og þau voru ekki skipulögð þannig að það væri hver fjórðungur með litla valdaklíku og þar væri kosið í einhverjar nefndir sem enginn hefði yfirsýn yfir.

Í minni sveit voru til svæði sem eru nefnd eftir þingstöðum. Þingeyri og Þinghóll og fleiri. Hefurðu heyrt þetta? Farðu um landið, hittu bændur og spurðu „hvar er staður sem heitir Þing-eitthvað?“ Þeir skipta tugum þessir staðir. Þeir voru valdir með tilliti til þess að fólk á bæjum í sinni sveit eða sínu héraði ætti auðvelt með að ríða til þings.

Þjóðveldismennirnir voru frjálsir Íslendingar sem numu hér land og byggðu hér upp frjálst land og þeir héldu sín þing. Þeir helguðu ákveðna reiti fyrir sín þing, heima í héraði. Þar átti hver einasti frjáls Íslendingur erindi. Á hverjum þingstað ríkti þinghelgi og þeir þingmenn sem ekki virtu hana voru dæmdir fjörbaugsmenn.

Hver einasti Íslendingur gat farið á sinn þingstað til að ræða þar landsins gögn. Hver einasti Íslendingur gat þar kveðið sér hljóðs. Þaðan kemur þetta hugtak að kveða sér hljóðs, til þess að mæla á þingi í heyranda hljóði.

Hver einasti Íslendingur gat þannig sótt sitt þing, kveðið sér hljóðs, og rætt þau mál sem honum lá á hjarta. Hann gat leitað sér fylgis til þess að halda sínu máli fram og síðan var kveðinn upp úrskurður. Í flestum málum sættu menn sig við niðurstöðu á sínu þingi og undu sáttir við sitt. Því þeir báru virðingu fyrir lögum, rétti og lýðræði. Þeir iðkuðu Frelsi og Virðingu og þó rifist væri meðan málefnaleg umræða færi fram, þá undu menn niðurstöðu kosninga, niðurstöðu meirihluta og úrskurði dómenda. Virðing var þessu fólki mikilvæg.



Á Íslandi var höfuðsyndin jafngild því að hljóta útleigðardóm. Þú varst ekki tekinn af lífi eða settur í fangelsi heldur hlaust útleigðardóm. Þannig fékkst þú tuttugu ár þar sem þú varst réttðræp mannvera innanlands en ekki utanlands. Hver sem var gat vegið þig án þess að vera sóttur til saka, í tuttugu ár. Flestir sem hlutu útleigðardóma forðuðu sér úr landi, sumir komu aftur síðar, enn fleiri settust að erlendis.

Borin var virðing fyrir því að menn gætu unnið úr sínum syndum og komið til baka með hreinsað mannorð. Á þessu byggjum við enn í dag - virðingu. Réttarkerfi Íslands byggir á þessari hefð. Ég hef sjálfur farið í gegnum Íslenskt réttarkerfi.

Ég er ekki sáttur við þann dóm sem ég hlaut. Hluti hans var rangur. Hluti af því sem ég var dæmdur fyrir, gerðist ekki. Ég gat þó ekki sannað það fyrir dómi og nútímadómskerfi okkar hefur villst af leið. Hægt er að dæma menn seka sé talið að þeir séu sekir, en nú er ég kominn út fyrir efnið sem er þetta: Ég hlýt mínum dóm. Niðurstaða er fengin og ég virði okkar fornu dómshefð.

Þó mun ég ekki fela sögu mína, því hún getur stuðlað að umbreytingu til hins betra fyrir fleiri, og þannig vinnur hin Íslenska menning. Ég hef axlað ábyrgð á mínum dóm, því ég ber virðingu fyrir hinu Íslenska réttarkerfi, fyrir hinni Íslensku lögræðishefð. Þetta er mergurinn málsins: Virðing fyrir okkar menningararfi. Í mínu hjarta. Mínum hug. Mínum vilja.

Þetta er það sem ég á við með orðunum „að standa á herðum forfeðra minna.“ Þetta er hin Íslenska saga. Meðan Evrópa laut valdi konunga, keisara og annarri valdniðslu voru Íslendingar, fremstir í flokki þjóða, fyrstir manna í mannkynssögunni að reisa þjóðríki á grundvelli lýðræðis, opinnar umræðu og réttarfars sem mark væri takandi á. Þar sem virðing fyrir lífi einstaklingsins væri í heiðri.

Þetta var ekkert smámál fyrir þúsund árum og það er það ekki heldur nú. Því fulltrúa lýðræði samtímans byggir á valdniðslu valdhafa en forn-íslenskt lýðræði byggir á virðingu og frelsi!



5. Með Þjóðveldið í blóðinu

Síðast ræddi ég um héraðsþing og virðingu Íslendinga fyrir lögum. Ef þú fórst fyrir þitt héraðsþing sem frjáls Íslendingur og undir ekki málalokum. Varst ekki sátt eða sáttur við málalok eða lyktir máls, þá hafðir þú rétt til þess að reka málið fyrir Alþingi. Hefurðu heyrt talað um nöfn á borð við Lögrétta, Almannagjá?

Eins og Njáll sagði forðum „land skal með lögum byggja en ólögum eyða.“

Þú gast rekið þitt mál fyrir Alþingi. Þar gast þú aflað þér fulltingis og stuðnings. Þar gátu menn tekist á og menn gerðu það. Menn ræddu lög landsins og þeir ákváðu málalyktir lýðræðislega og í sameiningu. Ekki voru allir alltaf sáttir en menn undu málalokum því þetta var markmið Héraðsþinga og Alþingis. Þetta var tilgangurinn á bak við þingin og menn virtu þann tilgang og þannig byggðum við okkar land.

Þegar ég minnst á þessa hluti fæ ég ábendingu um það ofbeldi og ofríki sem spratt fram á Sturlungaöldinni, sem var borgarastyrjöld sprottin af því að Noregskonungur vildi seilast hér til yfirráða. Við skulum aðeins skoða þau mál í ljósi samtímans.

Þeir sem lesið hafa Sturlungu og kynnt sér sögu Sturlungualdar, vita vel að hér tókust menn á í hagsmunaárekstrum á milli héraða og valdahópa. Byggð hafði verið hér í landinu í um það bil þrjúhundruð ár. Erlent vald var að sækjast hér til áhrifa og dæla fé í menn til þess að ota fram sínum málum og vinna fyrir þessi erlendu áhrif. Þetta er ekki að gerast á Íslandi í dag, er það?

Við vitum hvaða saga gerðist í kjölfarið á næstu sjöhundruð árum. En við höfum núna færi á því að binda enda á þá sögu. Ekki gleyma því, kæri Íslendingur, að þjóðríkið sem við erum alin upp í er byggt á danskri hefð, dönsku réttarfari og danskri stjórnarskrá.

Við vorum alin upp alla tuttugustu öldina við leifar af kerfi sem danskurinn byggði hér upp. Við reyndum að aðlaða það Íslenskri hugsun en okkur mistókst. Það er eðli okkar Íslendinga að viðurkenna þegar okkur hefur mistekist því við hugsum út fyrir boxið.



Ég heyri daglega umræðuna í fjölmiðlum. Ég hlusta á útvarpsstöðvarnar og fletti þeim fáu dagblöðum sem eru í boði. Ég hlusta á umræður í heitu pottunum, á umræður á kaffihúsum, og umræður manna í millum. Ég heyri það meðal þjóðarinnar að menn þrá að sjá nýtt þjóðveldi. Þetta gamla fyrirkomulag þjóðarinnar er enn lifandi meðal fólks, það var byggt á einhverju sem neitar að hverfa.

Oft hitti ég Íslendinga sem hafa engan áhuga á stjórnmálum, vilja ekki koma nálægt þeim á nokkurn hátt. Yfirleitt ef ég eyði fimm mínútum með þeim og útskýri þjóðveldishugmyndina segja þeir „ég verð með!“ Vegna þess að Þjóðveldið er í blóðinu á okkur.

Í mínum huga er spurningin ekki lengur hvort við viljum nýtt fyrirkomulag.

Ég hef í fáeina mánuði rætt þessa hugmynd við fólk í mínu nærumhverfi. Hugmynd sem fæddist bara í eldhúsinu heima hjá mér í fáeinum umræðum við hugsandi vini. Vissulega fæ ég mótsvör en þau eru mjög fá.

Það sem varð mesti viðsnúningurinn í mínum huga og varð til þess að ég ákvað að tala um þetta víðar var að tveir af mínum elstu og tryggustu vinum reyndu engar mótbárur þegar hugmyndin var útskýrð. Báðir miklir röksemdamenn og vanir rökræðum í heimspeki og trúspeki, klárir í alls kyns þrætum og vanir að líta á umræður sem baráttu þar sem þeir hafa sigur ef þeir mögulega geta. Þegar menn sem eru þaulvanir þrætum og líta á þrætur sem íþrótt treysta sér ekki til að bauna niður svo byltingarkennda hugmynd, þá er hugmyndin þess virði að ræða hana frekar.

Báða þessa menn hef ég sannreynt að því í meira en tuttugu ár að þræta um allar hugmyndir sem þeir heyra, til þess að reyna þær, sannreyna þær. Láta þær standa fyrir sínu máli. Þetta eru miklir hugsuðir og ég ber mikla virðingu fyrir þeim. Þeir eru sterkir Íslendingar og ég hugsaði „fyrst þessir tveir menn berjast ekki gegn hugmyndinni þá er eitthvað hér í gangi sem tala þarf um.“

Ég vil sjálfur sjá nýtt Þjóðveldi rísa og hef síðustu mánuði viðrað hugmyndina, og útfærslu hennar, við fólk og mæti hvarvetna áhuga. Flestir hvetja mig til að



skrifa um Endurreist Þjóðveldi. Því brennur á mér að leggja fram þessa einföldu hugmynd, og athuga þannig hversu mörgum Íslendingum öðrum rennir blóðið til sögu sinnar.

Ég fer ekki of nákvæmlega í Íslands söguna enda býst ég við því lesandi góður að þekkir hana betur en ég. Mergurinn málsins er og það er minn rauði þráður við upprifjun hins forna Þjóðveldis og rýni í þjóðarsálina, að velta þessu við, og skoða í ljósi okkar samtíma: Virðing okkar Íslendinga fyrir okkur sjálfum og þeirri menningu sem skóp okkur.

Ég hef því valið að ganga fram fyrir skjöldu og ræða þessi mál á Vefnum, þó allir þeir sem mig þekkja vita að mig langar mest að flytja upp til sveita og fá að búa þar í einrúmi, með mínum leitarhundum.

En það er arfur okkar Íslendinga að við viljum Íslandi allt. Minn hagur verður bara að bíða. Ísland kemur fyrst.



6. Íslenska lýðræðið var lagt af

Nú hef ég stuttlega rakið heimspekilegar forsendur til þess að ræða um Þjóðveldið og hvers vegna það er ólgandi í blóðinu. Ég hef rekið mig á það í samræðum við fólk að það hefur sama blóð.

Svo hvernig stofnum við Þjóðveldi?

Hvernig er þetta framkvæmanlegt?

Hvernig á að fara að þessu?

Í dag höfum við Alþingi yfir Íslandi. Alþingi var stofnað árið 930 eða á því árabili. Það starfaði óslitið fram til 1264 þegar gengið var undir „Gamla sáttmála“. Síðan starfaði það fram yfir 1700 í mismunandi myndum en ekki óslitið. Fyrst á Þingvöllum en síðar var það flutt til Reykjavíkur og breytti þá í núverandi starfshætti.

Við fengum fulltrúa lýðræði í arf frá Dönum. Gamla Íslenska lýðræðið var lagt af. Hafði reyndar lognast út undir konungsvaldi en var endanlega ýtt til hliðar þegar sett var upp þingræði að danskri fyrirmynd.

Hinn almenni Íslendingur hafði þá misst öll tengsl við Íslenska lýðræðishefð sem forfeður okkar höfðu fyrst notað. Spilling stjórnmalanna, tengsl við viðskiptalífið og sú samþjöppun valds sem fólst í svokölluðum þrettán fjölskyldum, og þær klíkumyndanir sem orðið hafa í kjölfarið, sömuleiðis oft á tíðum einhliða umfjöllun fjölmiðla og einhliða viðhorf: Olli því að smám saman sofnaði Íslendingurinn á verðinum.

Samfélagið stækkaði og lífsbaráttan á Íslandi er hörð. Hinn venjulegi Íslenski karlmaður sem hefur fyrir fjölskyldu að sjá, þarf að vinna myrkranna á milli. Hann hefur lítinn tíma til að sinna þeim félagsstörfum og sjálfsmenntun sem raunlýðræði krefst. Andi hins upprunalega býr þó enn í honum.

Allir Íslendingar voru hlynntir því að fram kæmi jafnrétti kynja. Auðvitað þurfti aðeins að tala um fyrir fáeinum hugsana tréhestum, og konur þurftu að berjast fyrir jafnrétti en það þótti frekar auðunnið hér á landi. Sérstaklega með tilliti til jafnréttisbaráttu í mörgum öðrum löndum.

Íslensk umræðuhefð samtímans er enn rík, rétt eins og í fornöld. Ég heyri að menn á Íslandi eru stoltir af jafnrétti kynjanna og það eru margir karlmenn hneykslaðir á því að konum er enn víða mismunað í launum.

Stundum hefur þó femínistabaráttan farið dálítið út í öfgar, það er líka talað um það. Ég hef stundum heyrt þá fullyrðingu að „ef það á að vera kynjakvóti í stjórnnum fyrirtækja á þá ekki líka að vera kynjakvóti um borð í togurum?“

En Þjóðveldis umræðan snýst ekki um einstök baráttumál í pólitík s.s. jafnrétti, launamismun eða önnur smærri atriði. Þjóðveldis umræðan er fyrst og fremst þverpólitísk enda snýst hún um stjórnmalakerfi þjóðarinnar.

Ef ég ætlaði að tala um mínar persónulegu skoðanir í pólitík þá þyrfti ég að fara út í skoðanir sem ekki eiga erindi inn í umræðuna um Þjóðveldið. Stundum er



erfitt að greina þar á milli, svo ég bið þig hlustandi góður að afsaka ef ég stundum misstíg mig á því þrönga einstigi.

Hvernig er Endurreist Þjóðveldi framkvæmanlegt?

Alþingi samtímans hefur misst alla virðingu. Hvar sem ég kem, heyrir ég engan halda því fram að hann beri virðingu fyrir Alþingi. Ég er fjörutíu og sex ára gamall og þegar ég var að alast upp og var unglingur fyrir þrjátíu árum síðan heyrði ég fólk tala um Alþingi og Alþingismenn af virðingu, og stundum ráðherra. Í dag heyrir ég aldrei þennan virðingartón.

Ég var alinn upp við að bera virðingu fyrir landsfeðrum. Það var talað um að landsfeður væru prestar, biskupar, þingmenn og ráðherrar. Þetta voru veraldlegir og andlegir leiðtogar þessa lands. Við litum á þá sem landsfeður. Við litum upp til þeirra og við treystum þeim. Slíkt er horfið! Það er litið niður á alþingismenn, stjórnámálamenn og því miður oft á tíðum andans menn.

Ég trúir því og ég veit í hjarta mér að Íslendingar munu umbreyta þessu ástandi.

Íslendingurinn hefur kosningarétt og nærri því án undantekninga þar sem ég heyrir fólk ræða saman bera það virðingu fyrir kosningaréttinum og hefur hann í heiðri. Fólk veit í gegnum arf kynslóðanna að kosningaréttur er ekkert sjálfsagður hlutur.

Í síðari heimsstyrjöldinni var milljónum manna fórnað á altari lýðræðis, þegar bandamenn voru að vinna sigur á Nasistum. Hægri sinnuðum fasistum sem vildu afnema frelsi einstaklingsins og reistu alræðisríki sem óð yfir hinn frjálsa heim. Mönnum þótti leitt í lok stríðsins að hafa ekki haldið því áfram og ráðist gegn alræði kommúnismans sem einnig var alræðisríki og afnam frelsi einstaklingsins.

Menn vilja kosningarétt og þegar þú mætir á kosningastað þá ertu ekki bara að velja á milli vinstriflokka, miðjuflokka og hægri-flokka eða stakra málefna. Þú ert að sýna því virðingu í verki að lýðræðisréttur þinn er ekkert sjálfsagt mál. Menn og konur hafa þurft að berjast fyrir honum.



Þessi réttur hefur kostað fórnir og í hvert skipti sem þú sniðgengur kjörstað ertu að lítilsvirða þessar fórnir og arfleifð. Með einni undantekningu þó.

Það er til fólk sem ekki mætir á kjörstað vegna þess að það trúir ekki á það fyrirkomulag lýðræðis sem við búum við. Það lítur svo á að fjarvera frá kjörstað sé yfirlýsing vanþóknunar á fyrirkomulagi þess lýðræðis sem við búum við. Þetta er mjög umdeilt viðhorf, mjög umdeild skoðun en málefnalega gild.

Ég hef heyrt menn deila um þessa skoðun og ég hef heyrt menn af hita halda því fram að þeirra atkvæði þegar þeir mæta ekki á kjörstað sé atkvæði með öðruvísi fyrirkomulagi. Ég ætla ekki nánar út í þá umræðu hér, en þetta er stór fullyrðing og stenst rök.

Ég trúi því að við sem viljum Þjóðveldið, ættum að sniðganga stjórnmál lýðveldis. Við eigum að mæta á kjörstað, til að sýna virðingu við lýðræði en við eigum ekki að velja á milli flokka Lýðveldis, því við veljum á milli flokka Þjóðveldis.



7. Fulltrúa lýðræði samtímans

Fulltrúa lýðræði samtímans hefur þróast í rólegheitunum frá 1874. Í raun á það lengri sögu en það fulltrúa lýðræði sem við búum við hefur sterk tengsl inn í hagsmuna samþjöppun efnahags lífsins og byggir líka á hefð atvinnustjórnmála.

Stjórnmála maður sem á þingi kjörtímabil eftir kjörtímabil verður innviklaður í þær flækjur, framapot og goggunarröð sem hans flokksvél notar. Hann verður atvinnu stjórnmálamaður sem kann að koma fyrir sig orði, kann að finna málamiðlanir á milli fylkinga, kann að bindast vináttuböndum á þverpólitískum vettvangi: Það er ákveðin hefð í gangi og við vitum hvað hún gerir við heiður, sanngirni, og efndir.

Í áratugi var ákveðin fjölmiðlun í gangi þar sem hvert stjórnmálalafl hafði sinn eigin fjölmiðil. Menn sem aðhylltust ákveðnar stjórnmálaskoðanir voru með áskrift að þessum fjölmiðlum. Umræður fór oft fram á vettvangi lesendabréfa í þessum miðlum og á öflugum flokksfundum. Þetta hefur breyst því nútímafjölmiðlun hefur umbreyst.

Það er ákveðið fyrirkomulag í gangi innan stjórnmálaflokkanna og þinn aðgöngumiði að þessu fyrirkomulagi er tvenns konar. Þinn aðal aðgöngumiði er eitt atkvæði á fjögurra ára fresti! Hinn aðgöngumiðinn er að skrá sig í stjórnmálaflokk og stunda þær samkomur sem sá flokkur skipuleggur. Kynnast þar fólki og smámsaman koma þér áfram. Annað hvort til að þín rödd heyrist eða ef þér gengur vel og aflar þér vina og brautargengis, getir komist í hóp atvinnumannanna.

Ég sjálfur er skráður í einn flokk og hef tekið þátt í samkomum þar, en hætti því þegar ég gekk í Þjóðveldisfélagið, til að undristrika hlutleysi mitt gagnvart flokkum lýðveldisins þar til Þjóðveldi rís. Allir flokkar eiga þar erindi alveg eins og allir Íslendingar. Þú munt sjá það eftir því sem ég rek hugmyndafræði Þjóðveldis að hún getur náð til allra Íslendinga. Hvar í flokki sem þeir standa, utan sem innan.

Þinn aðal aðgöngumiði og sá sem flestir Íslendingar nýta er atkvæðisréttur. Ég sem Íslendingur hef rétt til að mæta á kjörstað á fjögurra ára fresti, krossa við þann sem ég vil veita brautargengi og vona að næstu fjögur árin standi viðkomandi við orð sín. Ég hef þó engin áhrif á hve oft skal kosið, með hvaða fyrirkomulagi né hvað sé í boði, sú ósvinna nær til allra kosninga sem lýðveldið hefur haldið.

Sé ég vonsvikinn að fjórum árum liðnum get ég kosið sama aðila aftur og vonað aftur eða kosið einhvern annan og vonað á hann. Margir Íslendingar eru orðnir vonsviknir eftir áratuga vonbrigði. Því okkur finnst við ekki hafa neina rödd. Okkur finnst atkvæði okkar engu skipta og við höfum misst virðingu fyrir þessu kerfi.

Við notum kerfið enn því við eigum ekki valkost að neinu öðru og við sjáum ekki að þeir sem vilji breytingar séu boðberar breytinga. Við höfum svo oft séð þá ganga inn í kerfið og verða því samdauna. Við trúum ekki einu sinni á nýjar raddir, enda hafa þær oft verið sömu tömu tunnurnar og hinir.



Þó eru að spretta fram alls kyns smáframboð því menn vilja breytingar en ég hef hvergi séð, og ég undirstrika aftur, ég hef hvergi séð lista yfir raunhæfar breytingar. Ég er því vondaufur. Hvern á ég að kjósa?


En við trúum ekki lengur á þetta kerfi. Við sjáum hvernig það nauðgar Íslensku þjóðinni. Ég bið þig hlustandi góður að fyrirgefa mér sjómanna orðbragðið en ég get ekki annað. Ég er að sjá Íslendinga hundruðum saman sniðganga kjörstað því þeir bera ekki lengur virðingu fyrir þessu kerfi.

Á síðasta ári var mjög virk umræða á landinu um nýja stjórnarskrá. Hún var skammarleg. Það birtust á annað hundrað greinar fyrir nýja stjórnarskrá. Hún er samin af stjórnlagaráði sem var kosið til af leynilegri kosningu. En kosningin var dæmd af hæstarétti ólögleg.

Nú má deila um þennan dóm og ég hef heyrt marga deila um hann en í lýðræðishefð Íslensks réttarfars þá er borin virðing fyrir dómi hæstaréttar. Dómskerfið er ein af meginstöðum til að tryggja að fulltrúa lýðræðið virki. Þegar ríkisstjórn, og Alþingi getur sniðgengið dómskerfið þá er lýðræði og stjórnkerfi okkar í uppnámi. Svo er einnig ef dómskerfi getur sniðgengið Alþingi og ríkisstjórn.

Umræðan sem skapaði málefna grundvöll fyrir stjórnlagaráð, sem síðar varð stjórnlaganefnd, var byggð á vinnu smá hóps sem byggður var á úrtaki úr þjóðskrá. Úrtakinu var smalað saman í stutta helgarumræðu. Umræðan meðal þjóðarinnar sem á að fá þessa stjórnarskrá var nærri engin. Sú litla umræðuviðleitni sem fram fór meðal almennings var byggð á ofureinföldun fjölmiðla sem nýtti sér fjórar til sex megin greinar til að selja fólki nýja stjórnarskrá.

Þegar stjórnmalastéttin með naumum meirihluta ákvað að svívirða dóm hæstaréttar, var mörgum heiðvirðum Íslendingum nóg boðið. Kosningin til þessa stjórnarskrár-ráðs var dæmd ólögleg, og því hefði átt að kjósa aftur og þá væntanlega með nýjum hætti. Væntanlega að undangenginni opinberri umræðu um með hvaða hætti, því þetta mál snertir alla Íslendinga. Bæði núlifandi og ófædda og við eigum öll rétt á því að fá að leggja orð í belg.



Þetta skiptir okkur öll máli og tiskustraumar núliðandi stundar mega ekki svæfa vandlega íhuguð málefni. Tilfinningahiti má ekki yfirskyggja málefnalega umræðu og yfirvegum. Virðing verður að ríkja.

Það var ákveðin stjórnmalahreyfing sem vildi fá stjórnlagabing og sú stjórnmalahreyfing hefur gengið fram með þeim hætti síðustu ár að menn hafa misst á henni traust. Ég sá í umræðunni að margir efuðustu um þau heilindi sem þarna lágu á bakvið. Jafnvel hef ég séð þær fullyrðingar að stjórnarskrárvinnan hafi öll verið lögð fram til að auðvelda inngöngu í Evrópubandalagið, og umræða um það á fullan rétt á sér, en hefur verið þöggð.

Stjórnar tillögum var síðar meira og minna sturtað yfir okkur í krafti tveggja slagorða. Viltu aukna möguleika á þjóðarkosningum, og viltu persónukjör? Viltu aukið lýðræði? Þetta var farmiðinn til að selja okkur nýja stjórnarskrá. Við vissum öll að sú stjórnarskrá þyrfti að fara í gegnum umræðu hjá fulltrúalýðræðinu og síðan skolast þar til.

Við físum að við fengjum takmarkað vægi til þess að taka afstöðu til nýrrar stjórnarskrár sem frjálsir Íslendingar og þarna var í fæðingu. Við vissum að umræðan um tillögurnar voru of harðsoðnar og umræðan hvorki nógu ýtarleg né nægileg þáttaka almennings, eigenda valdsins. Það sýndi sig síðar í þeirri skoðanakönnun sem var haldin í október 2012, dulin í orðunum „ráðgefandi kosning“. Þriðjungur Íslendinga sniðgengu hana!

Á að velja nýja stjórnarskrá þar sem þriðjungur þjóðarinnar virðir hana einskis? Það er ekki val um nýja stjórnarskrá að mínu mati.

Vil ég persónukjör? Vissulega.

Vil ég aukið lýðræði? Fullkomlega.

En vil ég láta sturta yfir mig einhverri stjórnarskrá sem ég hef ekkert um að segja sem þegn Íslenska lýðveldisins? Fyrirbæri sem ráðgefandi lögfræðinefndir hafa útpýnt og Alþingis-ómynd hefur mjetlað í. Vil ég þess konar spuna sem búið er að beita þessa umræðu síðustu tvö árin. Nei, hana vil ég ekki.



Vil ég nýja stjórnarskrá? Vissulega.

Ég vil sjá lýðræðislega mótaða og sterka stjórnarskrá sem ég get borið virðingu fyrir. Stjórnarskrá sem er mótuð og valin með raunlýðræði að undangenginni ábyrgri umræðu þar sem allir þegnar þessa lýðveldis geta komið að kæri þeir sig um. Mér finnst hún eigi að taka þann tíma sem hún þarf, og að eigendur valdsins fái þess konar aðkomu að henni að þeim finnist hún vera sín.

Ég vil ekki stjórnarskrá með þeim hætti sem lýðveldið er að matreiða ofaní mig, frá þeirri stjórnmalavél sem er notuð til þess. Ég vil nýja stjórnarskrá engu að síður. Ég vil Íslenska stjórnarskrá, sem er valin og mótuð af Íslendingum sjálfum. Ég vil raunlýðræði.

8. Að móta stjórnarskrá

Þjóðveldi Íslands er stórt mál. Það hefur áður komið fram að ég hef sagt fólki sem ég hitti frá þessari hugmynd á þrem til fimm mínútum. Hún er í kjarnann nógu einföld til þess. Fólk hefur þrýst á mig að segja frá henni opinberlega svo ég reyni hér að koma þeim hugsunum sem hún grundvallast á í ritað form og miðla þeim á Vefinn kvöldið 10. desember 2012.

Ég vil nýja stjórnarskrá. Ég vil að Íslendingar móti hana allir. Ég vil að þegar hún verður valin, verði það því sem næst einróma. Ég vil ekki Íslenska stjórnarskrá nema 85% að lágmarki segi Já!

Ef það tekur tíu eða tuttugu ár að ræða hana, fínpússa og móta þá er það vel. Höfum við einhverju að tapa? Við höfum verið hér í tólf hundruð ár. Við erum ekki að fara neitt.

Ég vil sjá þannig fyrirkomulag sem setja má upp rafrænt að allir Íslendingar geti tekið þátt í þeirri umræðu ef þeir vilja. Ég vil sjá efnistökin kynnt á þann hátt að allir Íslendingar sjái sér beinan hag, löngun og vilja til þess. Ég vil sjá virka grasrótur umræðu um nýja stjórnarskrá. Ég vil ekki að neinu sé sturtað yfir mig.

Ég vil sjá Héraðsþingin endurfæðast. Ég vil að hvarvetna sem því sé viðkomið sé mótað héraðsþing. Ég bý sjálfur í suðurhluta Hafnarfjarðar. Hafnarfjörður er



tuttuguogfimmþúsund manna bæjarfélag, plús mínus eitthvað. Ég sé í hendi mér að ekki er auðhlaupið að því að halda tuttuguogfimmþúsund manna héraðsþing. Kannski þyrfti fimm héraðsþing á Hafnarfjarðarsvæðinu. Hver veit?

Ég veit ekkert um það hvernig ætti að búta í kjörgengi, þúsund eða fimmþúsund eða tíuþúsund manns. Mér er slétt sama um tæknilega útfærslu. Ísland er yfirfullt af vel þenkjandi fólki sem getur komið fram með lausn á þeim vanda.

Ég vil geta mætt á héraðsþing eins og Íslendingar gerðu til forna og taka þar þátt í umræðu sem varðar beinlínis hag þess héraðs þar sem ég bý. Þar vil ég geta greitt atkvæði fjórum sinnum árlega.

Ég vil sjá héraðsþing haldin ársfjórðungslega. Þar sem Íslendingar geta mætt og tekið þátt í opnum umræðum. Rifist og skammast eða sameinast hvernig svo sem það fer og að liðinni kosningu um hvert málefni sameinast um úrlausnir þeirra. Þannig er málefnaleg umræða.

Oft er bent á að Íslendingar séu alltaf að rífast. Það er ekkert að því að rífast. Út úr rifrildum kemur oft það besta í mannlegri hugsun. Deilur eru forsenda vaxtar. Þetta þekkja allir þeir sem alist hafa upp við akademíska umræðuhugsun. Hugmynd sem kemur fram og er ekki gagnrýnd eða getur ekki staðið fyrir sínu máli, það er ekki hugmynd.

Ég vil því deilur um Þjóðveldið. Ég vil sjá umræður. Ég vil sjá hvort þessi hugmynd er einhvers virði. Ég vil sjá hana standa fyrir sínu máli. Ég vil sjá hana þússaða af öðrum Íslendingum. Upprunalega hugmyndin sem ég varpa fram mun vafalaust breytast. Ég fagna því. Það er einmitt það sem ég vil sjá. Málefnaleg umræða er ein sterkasta stoð Íslenskrar þjóðar og hún er gild.

Ég vil að lokum sjá lýðræðislega niðurstöðu sem hentar meirihlutanum. Fyrst vil ég sjá umræðu um hvernig eigi að komast að niðurstöðu. Mér finnst til að mynda vera lélegur meirihluti þar sem eitt atkvæði ræður úrslitum til meirihluta.

Ef meirihluti er ekki 60% þá er hann einskis virði. Meirihluti undir sextíu prósentum, er enginn meirihluti. Það er mjótt á mununum og umræðan skal þá



fara fram aftur. Við höfum nógan tíma. Við erum það sterk þjóð, við erum það úrræðagóð. Tíminn vinnur með okkur. Við höfum engu að tapa.

Ég vil sjá umræðu vettvang þar sem mitt atkvæði vegur meira en eitt atkvæði á fjögurra ára fresti. Ég vil greiða mitt atkvæði fjórum sinnum á ári fyrir mitt hérað, rafrænt ef ég get ekki mætt.

Ég vil geta tekið þátt í umræðu um þann hag sem er bestur fyrir mitt hérað. Ég vil fá að setta mig við þegar mitt viðhorf er í minnihluta. Ég trúí á og ég treysti á vit Íslendinga. Sérstaklega þegar þarf að hafa vit fyrir mér, og ég vil sjá það vaxa.


Ég vil sjá glampann sem vaknar í augum fólks sem ég hef rætt við þegar ég segi „þú hefur atkvæði sem skiptir máli!“ Fólk hefur vanist því áratugum saman að atkvæði þeirra skipti engu máli, tilhugsunin að fá raunlýðræði kemur blóðinu af stað.

Kæri Íslendingur: Ætlar einhver að halda því fram að fyrst ég geti skráð mig inn í bankann með auðkennislykli og meðhöndlað fé mitt með rafrænum hætti, að ég geti ekki kosið rafrænt? Núverandi kosninga fyrirkomulag er úrelt fyrir hálfri öld.

Þegar fulltrúalýðræðis hugmyndin var valin, var það gert til hagræðingar. Þegar menn hönnuðu núverandi kjörstaða fyrirkomulag hafði almenningur ekki einkabíla, jarnbrautalestir og flugvélar. Slíkt var ekki til. Menn fóru ríðandi á kjörstað og margir gangandi. Það þurfti að safna saman atkvæðunum með sama hætti og allt tók þetta tíma. Það tók langan tíma að safna atkvæðunum saman af landinu og telja þau.

Í dag gætum við kosið með rafrænum skilríkjum beint á netinu. Auðvelt væri að hafa rafræna kjörklefa á lögreglustöðum og hjá sýslumönnum sem væru opnir dögum saman meðan kosning færi fram. Það eru svo margar leiðir í boði, að gamla kerfið er staðnað eða hentar valdaklíkum.

Við getum nú orðið talið fram skattinn á netinu, við getum ráðstafað fjármálum okkar á netinu, við getum verslað með verðbréf á netinu. Við erum að stofna nýjar fjölskyldur með því að kynnast næsta maka á netinu. Netið er ekki lengur í tölvunum heldur komið í símana.



Netið er samskiptamáti nútímans, en við fáum ekki að kjósa á netinu? Hypjaðu þig, auðvitað getum við kosið á netinu. Nú þegar eru lög Íslenska lýðveldisins á netinu. Þú getur lesið öll frumvörp til laga á netinu og myndað þér afstöðu til þeirra á meðan þau eru í umræðu. Þú færð þó ekki að taka þátt í ráðgefandi kosningu á netinu!

Hið eina sem þarf að tryggja er leynd kosningar. Íslendingar vilja taka ákvörðun í kyrrþey og engum kemur við annarra atkvæði. Við greiðum því atkvæði í leynilegri kosningu. Við berum virðingu fyrir leynd, því þannig sýnum við virðingu fyrir skoðun annarra.

Það er ekkert mál að koma þessu á. Við erum með alla tölvuþekkingu til staðar í landinu. Við höfum alla menntun í landinu til þess að koma þessu á. Við getum gert þetta á innan við ári, jafnvel hálfu ári. Við gætum hæglega gert öllum Íslendingum kleyft að kjósa rafrænt til allra laga sem hér eru notuð. Það er ekkert mál tæknilega. Það eina sem þarf er að við viljum gera það. Í raun er Alþingi líka úrelt, ef því er að skipta, en við skulum hemja okkur.

Þú ert þegn Íslenska lýðveldisins. Ég undirstrika þetta hugtak. Þú ert þegn lýðveldis sem byggir á Alþingis-ómynd að danskri fyrirmynd. Að kalla þetta þing Alþingi er móðgun við upprunalegt Alþingi frjálsra manna sem byggðist á valdi Héraðsþinga þar sem allir áttu atkvæðisrétt og allir áttu kjörgengi.

Þetta gamla kosningafyrirbæri er orðið úrelt fyrir löngu síðan. Eina ástæðan fyrir að verið er að halda í það er sú að það er einhver að græða á því og ég veit ekki hver, og það samrýmist ekki minni lýðræðislegu hugsun. Ég er í hjarta mínu og sál, frjáls borgari hins Íslenska Þjóðveldis.

9. Héraðsþing í hverri byggð

Ég er nýbúinn að lýsa því í stuttu máli hvernig ég sé fyrir mér að við Íslendingar myndum okkar eigin héraðsþing í hverri byggð. Það er til nóg af húsnæði í öllum héruðum til þess að koma á héraðsþingum, og ég hef áður útskýrt hvernig formennirnir mynduðu þingin eftir þörfum og hagkvæmni aðstæðna.



Ég sé fyrir mér að héraðsþing séu haldin ársfjórðungslega. Ekki segja mér hvað sé ekki hægt. Segðu mér hvernig það megi hugsanlega vera hægt. Prófum svo að framkvæma það saman.

Erum við ekki betur menntuð en forfeður okkar? Þeir hugsuðu út fyrir rammann. Erum við ekki menntuð í því? Þeir voru duglegir, erum við minna dugleg? Hver einasti Íslendingur á erindi á sitt héraðsþing. Ef hann á ekki heimangengt getur hann tekið þátt í umræðu rafrænt og jafnvel kosið rafrænt. Þetta sé ég fyrir mér en ég sé líka fyrir mér dálítið annað.

Ég sé fyrir mér að héraðsþingin, sem ein heild, kjósi til Alþingis. Fjórða hvert héraðsþing kys alþingismann. Alþingismenn eru þá jafn margir og héraðsþingin og hvert héraðsþing kys varamann. Heimaðing alþingismanns getur þá skipt honum út ef hann stendur ekki við loforð sín við hérað. Ég sé fyrir mér að á hverju vorþingi sé kosið til Alþingis. Hvort alþingismaður sé flokksbundinn eða ekki skiptir ekki máli, héraðsþingmenn kjósa einstaklinginn.

Ég kys á mínu héraðsþingi, og er þar héraðsþingmaður. Ég kys til Alþingis þann mann sem ég trúi og treysti á að muni fylgja eftir málum síns heimadings í samræmi við vilja þess samfélags sem sendir hann.

Það gefur auga leið að þegar alþingismaður kemur heim í hérað ári síðar, hafi hann ekki staðið fyrir sínum málum þannig að fólk sé sátt við, þá verður hann tæplega sendur aftur. Stjórnarskrá lýðveldis tryggir alþingismönnum rétt til að skipta um skoðun, en Þjóðveldi krefur hann um orðheldni. Verður alþingismaðurinn þinn atvinnuþingmaður?

Vilt þú heyrandi góður, geta mætt á þitt héraðsþing? Hvort sem rætt er um skólamál þinnar byggðar, samgöngumál eða einhver önnur mál. Viltu geta mætt á staðinn og tekið þátt í umræðunni, komið þínu sjónarmiði á framfæri, jafnvel sammælst með öðrum sem eru sömu skoðunar og þú? Viltu taka virkan þátt í hvernig þitt samfélag er mótað? Vilt þú taka virkan þátt í að velja hver fer til Alþingis og hvort hann eigi skilið að fara þangað aftur?



Vilt þú taka virkan þátt í umræðu um lagasetningu Alþingis hverju sinni? Viltu gera það rafrænt, með rafrænum umræðum og kosningum eða viltu gera það í gegnum héraðsþingið þitt?

Hvernig land viltu?

Hvernig Ísland viltu sjá?

Hvernig Íslandi viltu búa í?

Hvernig Ísland viltu sjá börnin þín búa?


Viltu taka þátt í mótun þíns samfélags og byggja það upp? Hafa áhrif á hvernig því er ráðdeilt, eða viltu núverandi fyrirkomulag fulltrúalýðveldis? Lýðveldis sem þú veist að er gjörspilt, efnahagslega flækt og ber enga virðingu fyrir vilja þjóðarinnar. Viltu lýðveldi þar sem fólk hangir heima í vondeyfð og sér ekki tilgang til þátttöku og fær fá tækifæri til að rísa upp og sýna hvað það vill eða viltu virkt raunlýðræði frjálsra og stoltra borgara þjóðarinnar?

Það er ekki að ástæðulausu að við höfum misst virðingu fyrir Alþingi. Því virðing er áunnin og virðing vex af virðingu. Ef einhver sýnir þér virðingu þá berðu virðingu fyrir honum á móti. Alþingi er löggjafarsamkunda Íslenska lýðveldisins og hafi það misst virðingu þjóðar sinnar þá er ástæðan augljós.

Íslenska lýðveldið sýnir þér enga virðingu. Hvernig átt þú að bera virðingu fyrir því? Hvernig áttu að geta trúað á það?

Svo hvernig verður Þjóðveldi endurreist? Hvernig reisum við Þjóðveldi Íslendinga? Hvernig förum við að þessu? Þverpólitískt, sem ein hreyfing, sem einhuga hreyfing!

Við höfum séð síðustu ár að kerfinu verður ekki breytt innanfrá. Embættismannakerfinu verður ekki umbylt. Nefndarkerfi sem er nærri ógegnsett. Stjórnvaldskerfi sem getur skelt leynd á fundargerðir sínar og skýrslur. Stofnanakerfi sem þarf sértæka atvinnulöggjöf svo erfitt er að reka vanhæfa starfsmenn. Það er tvöföld atvinnulöggjöf á Íslandi.



Það eru sérlæg fyrir opinbera starsmenn, ríkisstarfsmenn, réttindi þeirra og skyldur. Síðan er til atvinnulöggjöf Íslendinga. Embættismannakerfið ver sinn hag og það sprettur úr háskóla umhverfinu. Skoðum þetta nánar.

Þegar Íslendingar kusu nánast einróma um Icesave, þá voru nefnda-, stofnana- og háskólakerfi lýðveldisins hlynnt því að samþykkja Icesave. Alþingi var meira og minna þverpólítískt fylgjandi því að samþykkja Icesave! Ríkisstjórnin vildi einróma samþykkja Icesave.

Ríkisstjórn hafði verið mótfallin því sem Icesave stóð fyrir áður en hún fékk völd. Hvað gerðist þarna í millitíðinni á bak við tjöldin? Ríkisstjórn sem var búin að tuða í átján ár um hvernig ætti að stjórna landinu sveik allar sínar fullyrðingar þegar hún fékk völd. Kannski ekki alveg allar, en fyrirgefðu lesandi góður, mér hitnar í hamsi, því hún sveik öll stóru loforðin.

Ég elska Ísland. Ég elska fjöllin okkar og sveitir landsins, tungu okkar og sögu. Ég er alinn upp til sveita. Ég hef att minni lífsbaráttu í höfuðborg okkar og ég elska að vera sprottinn úr okkar umhverfi. Ég elska okkar menningu, hún er partur af því sem gerir mig að mér.

Ég hef mætt bæði góðu fólki og vondu fólki. En það er allt Íslendingar og flestir sem ég hef hitt elska þetta land. Þeir fáu sem gera það ekki vilja Evrópu! Þeir vita hvar flugvöllurinn er.

10. Þrjúhundruð og þrjátíu ár

Landfræðilega erum við mitt á milli Ameríku og Evrópu. Við jafnvel fundum Ameríku, ekki má gleyma því. Við reyndum að nema þar land en urðum frá að hverfa. Okkur var sama þá og er sama enn, það er ekkert að því að reyna og mistakast.

Við reistum og nýttum Þjóðveldi í þrjúhundruð og þrjátíu ár. Ég ætla að reisa það upp. Ég tek þátt í því lýðræði, sjálfstæði og frelsi sem það hjúpaði. Ég er að leita að Íslendingum sem vilja það líka. Við þurfum ekki Evrópu. Við getum myndað efnahagssamning við hvaða ríki sem er. Við búum þannig að okkar auðlindum



að við getum vel sett upp verðmiðann ef við þorum því og þurfum ekki að semja neitt af okkur.

Perú og Síle veiða margfalt meiri fisk en við og þeir selja hann ekki til Evrópu, þeir selja út um allan heim. Við erum ekki háð Hull, Grimsby og Bremerhaven til að selja fiskinn okkar, þó að fjölmiðlar haldi öðru fram. Það eru þjóðir úti um allan heim sem eru til í að borða fiskinn okkar og borga fyrir hann. Það eina sem við þurfum er markaðssetning og athuga í hvaða liði fjölmiðlar eru.

Það er til fullt af hugviti á Íslandi til þess að fara út í þessi mál. Ég hef heyrt óteljandi viðtöl við sérfræðinga sem hafa mörg fersk sjónarhorn og þekkingu, fólk sem hefur bent á margar hugvitsamar leiðir. En pólitískt og efnahagslegt umhverfi Íslands þaggar niður hugsun sem fer út fyrir rammann. Hún reynir að sniðganga hugsanir af því tagi sem hér koma fram. Ég nota því netið til að koma þjóðveldi á framfæri.

En aftur að Icesave. Embættismannabáknið vildi fá Icesave. Ég hef áður minnst á hvernig það verndar sinn hag. Í sértækri atvinnulöggjöf opinberra starfsmanna eru ákvæði sem gera það nánast ómögulegt að reka óhæfa starfsmenn hjá hinu opinbera. Ég hef sjálfur unnið hjá hinu opinbera og þekki þetta.

Það er margt gott fólk að vinna hjá hinu opinbera. Það er ekkert að stofnunum þannig séð, enda þurfum við opinbert kerfi. En við þurfum líka réttlæti, sanngirni og jöfnuð. Við þurfum að hafa atvinnu-umhverfi þar sem hinn duglegi, útsjónarsami, Íslendingur fær notið sín en er ekki bara verndaður í bómull.

Það stjórnfyrirkomulag á Íslandi sem ræður ríkjum í dag, elur á ótta, kvíða, reiði og hefnigirni. Þú þekkir þetta vel. Ef þú lítur í kringum þig er alþýða manna alin upp við það áratugum saman að óttast, efast, vantroysta og vera reið og bitur. Við erum ekki reið og bitur í dag bara vegna þess að það sé okkar eðli. Ef þú rýnir í umfjöllun fjölmiðla og orð ráðandi manna bæði í pólitík og stjórnámálum þá sérðu hvernig undirtóninn er notaður til að halda fólki kyrru.

Það er búið að ala okkur upp í nútíma fjölmiðlun á viðhorfum sem bæla skapandi hugsun. Við erum alin á þeim viðhorfum að treysta skuli landsfeðrunum, að



við sjálf séum of vitlaus til að vera treyst. Við kjósum á þing á fjögurra ára fresti með einskisnýtu atkvæði í gegnum flokksvélur sem við höfum ekkert vald yfir og höfum ekki hugmynd um hvernig tengjast inn í raunveruleg valdaáhrif og valdahlutföll. Fólkið sem við kjósum lítur á okkur samskonar augum og bóndi lítur búfenað, þetta eru þung orð en sé rýnt í þau sérðu hvað átt er við.

Svo hvernig reisum við Þjóðveldi á ný?

Við vorum svo lánssöm að hafa kosið okkur forseta árið '86 og halda honum við völd í mörg kjörtímabil. Mann sem hefur haft það í fararbroddi, í sínu starfi sem forseti að sýna Íslendingum virðingu. Hann var mikið gagnrýndur í hruninu. Menn voru fljótir að gleyma þeirri gagnrýni enda var megnið af henni óraunsæ, óraunhæf, ósanngjörn og sögð í hita stundarinnar. Íslendingar eru mjög ástríðufull þjóð. Hún segir margt í hita leiksins en hún er fljót að fyrirgefa.

Þetta er mögnuð þjóð. Við erum magnað fólk. Ég veit ekki hversu oft maður hefur lent í rifrildi við einhvern Íslending og jafnvel ekki talast við í tvö, þrjú ár, og svo allt í einu hist í Bónus og sagt „nei blessaður hvað segirðu?“

„Bara allt fínt. Hefurðu það ekki gott?“ Málið er löngu gleymt.

„Við rifumst hérna einu sinni, hmmm.“

„Æi já, já.“

Við þekkjum'etta. Við erum Íslendingar. Við erum dálítið hvatvís í orðum en þegar við hugsum málið og hitinn dofna kemur í ljós hversu djúp við erum.

Við vorum svo heppin að hafa forseta sem hafði bein í nefinu til að segja nei við stjórnkerfi lýðveldisins og leggja þar með Icesave í hendurnar á þjóðinni. Við kusum því sem næst einróma að hafna samningi sem átti að roðfletta okkur.

Við höfnuðum honum. Núna eru þau mál fyrir einhverjum Evrópudómstóli en hvar sem ég kem þá er Íslendingum, meira eða minna, upp til hópa, allir sem einn: Slétt sama.



Því við stóðum saman í þessari kosningu. Alveg eins og við stóðum saman þegar við færðum út efnahagslögsögu Íslands. Alveg eins og við stóðum saman gegn Bretum þegar við ákváðum að eiga þorskin okkar sjálf.

Vegna þess að við erum ennþá sömu Íslendingarnir og við vorum þá, þó nútímafjölmiðlun hafi reynt að telja okkur trú um annað. Við erum tilbúin að standa með þessari ákvörðun.

Þetta er Íslendingurinn, þetta ert þú. Þú ert tilbúinn til að taka djarfar ákvarðanir og standa með þeim. Það er miklu meira í þig spunnið en reynt er að telja þér trú um.

11. Hinn ábyrgi Íslendingur

Ég hef áður komið inn á að ég ræði við fólk hvar sem ég kem. Ég er ræðinn maður og hef gaman af að hitta fólk, ég hef áhuga á öðru fólki og ræði við það hvar sem er. Fólk hefur gaman af að spjalla og maður er fljótur að kynnast Íslendingum, einu hef ég komist að: Ég hef ekki enn hitt þann Íslending sem sér eftir að greiða skatta.

Íslendingar sem eiga fjölskyldu og eru að eignast eitthvað eða vinna fyrir sér og sínum, líka ungt fólk sem er að byrja að feta lífsbrautina í skóla eða vinnur fyrir sér, það vita allir að við þurfum ákveðna hluti og það þarf að greiða fyrir þá með sköttum, og við erum stolt af því. Þá sjaldan að ég hitti einhvern sem segir að hann hafi ekki borgað skatt út af einhverju, segir hann það sneypur og í hálfum hljóðum. Hann skammast sín fyrir það.

Allir sem einn vilja hafa áhrif á það í hvað skatturinn fer en stjórnkerfið telur okkur óhæf til að kjósa um skattaálögur, álagningar eða ráðstöfun í fjárlögum. Buddan er valdið og Lýðveldið hefur hrifsað valdið af okkur. Við erum félagslega meðvituð þjóð, og þetta þarf ekki að útskýra nánar. En ég veit líka annað.

Íslendingar eru hugsandi fólk. Hefurðu tekið eftir að ef þú ferð í hraðbanka og ætlar að taka út pening en ert ekki í hraðbanka frá þínum banka þá er lagt færslugjald ofan á það. Ástæðan er mjög einföld. Hún er ekki út af kostnaði við



rekstur hraðbanka, heldur út af því að bankakerfið er enn svo ofþanið að það vill halda seðlamagni sem mest inni í bönkunum. Fólk hefur lært eftir hrun að þegar hætt er að nota kort og í staðinn notað reiðufé sparast tíu til fimmtán prósent af útgjöldum, svo fólk notar meira reiðufé.

Fjármál okkar eru innvikluð í bankakerfið og við alin upp við það. Þetta gerist nánast sjálfkrafa. Þú færð launin beint inn á bankareikning, ekki er lengur í boði ávísun eða peníngaumslag. Skatturinn er tekinn af laununum jafnóðum og þú vinnur þau inn, og það fer sjálfkrafa í gegnum tölvukerfið.

Kerfið ætlast til þess að við notum plastkort frekar en peninga. Það vill fjarlægja penínga úr höndunum á okkur. En barátta mín snýst ekki um bankakerfi. Ég læt þjóðinni eftir að ákveða hvernig fjármálakerfi hún vill.

En ég hef tekið eftir því í gegnum árin frá því ég var barn og varð fullorðinn Íslendingur að það er yfirgnæfandi viðhorf í gangi. Viðhorf okkar eigin fulltrúalýðræðis, þess bákns sem það hefur búið til utan um sig: Íslendingum sé ekki treystandi til þess að kjósa um mikilvæg mál. Eigum við að ræða aftur um Icesave?

Ætla einhver að halda því fram að Íslendingum sé ekki treystandi til að kjósa um fjárlög? Rifjum snöggvast upp stjórnarskrár tillögurnar frá 2012, þessa ýsu í þorsklíki. Það átti að leyfa ákveðnum fjölda Íslendinga að biðja um þjóðaratkvæði, nema ekki um ákveðin mál svosem fjárlög og önnur valin atriði!

Ég treysti hinum ábyrga Íslendingi, til að kjósa um þætti fjárlaga, jafnvel rafrænt, kynna sér þau rafrænt og taka afstöðu. Ég treysti hinum Íslenska kjósanda. Ég treysti hinum Íslenska manni. Ég treysti hinni Íslensku konu, til að taka ábyrga afstöðu til fjármála þjóðarinnar.

Þjóðveldi lítur þannig á að fjárlög þurfi ekki að endurmóta árlega. Við þurfum ekki að ákveða á hverju ári til hvaða málaflokka okkar sameiginlega ráðstöfunarfé skuli renna. Við vitum alveg hvað við viljum kaupa eða borga fyrir. Við vitum að við viljum heilsugæslu, við vitum að við þurfum vegakerfi, menntakerfi og



ýmsa aðra hluti. Við getum vel mótað sameiginlega stefnu í gegnum „288“ reglu héraðsþinga hvernig móta skuli fjárlagastefnu þjóðríkisins.

Lýðveldið Ísland er spilt kerfi. Það sést á því hvernig það hagar sér. Ég veit að Íslendingum er treystandi til að velja fjárlagabreytingar árlega. „Við þurfum að borga aðeins meira í þetta sameiginlega!“ Ég treysti Íslendingum til þess að ákveða ef þeir vilja hækka skattana sína eða breyta hlutföllum.

Ég treysti þessu fólki, þetta er gott fólk. Ég veit líka að ef Íslendingar ákveða allir sem einn að minnka útgjöld sín til efnahagsmála þjóðarinnar eða til þessa sameiginlega, ef þeir sjá að það er slæmt fyrir landið veit ég að þeir eru tilbúnir að borga meira.

Því ég sé það á Þorskastríðinu. Ég sé það á Icesave. Ég sé það á því hvernig fólk lifir. Fólk á Íslandi er frá náttúrunnar hendi ábyrgðarfullt og vandað fólk. Að halda því fram við ábyrgan vinnusamann Íslending að honum sé ekki treystandi til að taka afstöðu til fjárlaga, hvað þá annarra mikilvægra mála, er móðgun við frjálsan Íslending. Sérstaklega þegar sú móðgun kemur frá spilltum atvinnu stjórnamálamanni eins og þeir birtast okkur í dag.

Ég bið þig lesandi góður að fyrirgefa þó mér hitni í hamsi við umræðuna um þessi mál og noti stundum gífuryrði, ég bið þig sömuleiðis að hafa við mig þolinmæði þó sumar greinar mínar séu í lengra lagi, en þetta er mikið hitamál.

Við erum tólf hundruð ára þjóð. Við eigum reyndar eldri sögu þó mikið af henni sé gleymd, svo þetta er hitamál: Ég er frjáls Íslendingur í frjálsu landi. Ég er tilbúinn að bera ábyrgð á því, ég er tilbúinn að vinna fyrir því, ég er tilbúinn að taka afstöðu og ég er tilbúinn að falla með þeirri afstöðu. Eins og aðrir Íslendingar.

Svo hvernig endurreisum við Þjóðveldi?

Mig langar að vitna í eina Íslenska konu sem tók nýlega þátt í umræðu um Þjóðveldið og sagði: „Þetta er svolítið eins og gamla ungmennafélagshugsjónin.“ Ungmennafélagshugsjónin eru til enn, hraust sál í hraustum líkama, samvinna þrautir vinnur allar!



Það eru mörg mál sem brenna á þjóðinni. Hvernig við ættum að endurmóta lífeyrissjóðakerfið. Hvernig ætti skattalöggjöfin að vera. Hvernig ættum við að kjósa forseta og hvaða völd hann ætti að hafa? Hvernig ætti ráðherraval að vera mótað. Í dag höfum við, borgarar þjóðarinnar, eigendur valdsins, engin áhrif á þessa þætti.

Ég er sjálfur hrifinn af núverandi forsetakerfi. Þjóðin velur sér forseta og lítur á hann sem sameiningartákn. Ég er hrifinn af þessari Íslensku hefð. En hvernig eigum við að velja ráðherra og ríkisstjórn? Það eru til ýmsar hugmyndir. Á Alþingi að gera þetta? Á flokkakerfið að gera þetta? Á forsetinn að tilnefna ríkisstjórn? Ættu héraðsþingin að kjósa til ríkisstjórnar? Ætti að ráða ráðherrana sem embættismenn, og þá til tveggja, þriggja, fjögurra eða jafnvel sex ára? Við höfum engan umræðuvettvang til að skoða slíka umræðu.

Mig langar að sjá virka umræðu. Mig langar í lýðræðislega umræðu. Mig langar að sjá tillögur frá öðrum. Mig langar að sjá Íslendinga stíga fram! Mig langar að sjá fleiri viðhorf. Mig langar að sjá hvernig mín viðhorf standast skoðun í ljósi skoðana annarra Íslendinga. Mig langar í raunverulegt lýðræði!

Mig langar að sjá Ísland stofna til alvöru lýðræðis í annað sinn á þúsund árum, fremst meðal þjóða heimsins. Það er engin þjóð sem býr við það lýðræði sem ég er að leggja til, og ég er að leggja til eitthvað sem forfeður okkar sömdu og notuðu í þrjúhundruð og þrjátíu ár!

Raunlýðræði Þjóðveldis er hvergi annarsstaðar til í mannkynssögunni. Eina tilfellið í mannkynssögunni þar sem raun-lýðræði þjóðríkis var til var á Íslandi! Fyrir þúsund árum.

12. Hvernig endurfæðist Þjóðveldi

Hugmyndin er fullmótuð í mínum huga. Ég er langtíma-atvinnulaus forritari. Ég er með ofbeldisdóm í fortíðinni og fæ ekki vinnu. Mitt heimili er því á hausnum. Ég hef misst aleiguna, stórskuldugur í kjölfar þess dóms sem ég hlaut. Þó sannað væri við réttarhöld að ég hafði aldrei áður beitt ofbeldi er ég þó stimplaður á annan veg af dómi götunnar. Ég hef unnið úr þessum málum hvað mig snertir, og



Því er gert skil á einkavefsvæði mínu not.is, en hið nútímalega Ísland sem lifir í reiði, biturð og hefnigirni heldur mér í fjötrum.

Þetta er ekki dregið fram til að sýta mín örlög heldur draga fram allt annað viðhorf. Mér meiri menn hafa lifað og barist gegn meira mótlæti. Ég stend, því ég á gott fólk að og góða vini í félagsnetinu sem vita hvern mann ég geymi. Þannig stendur hver Íslendingur sína ágjöf. Í styrk þeirra Íslendinga sem með honum standa.

Þess vegna dreg ég þetta fram. Ég hefði vel getað flutt af landi þegar mannorð mitt lagðist í rúst. Ég hefði vel getað endurbyggt mannorð mitt í öðru landi, óþekktur, eins og svo margir aðrir sem gefist hafa upp eftir hrún. Íslendingar eru sérstakir, sumir vilja eiga auðvelt líf, aðrir standa í fætturna og berjast. Ég valdi að vera frekar fátækur Íslendingur hér heima en efnaður útlendingur annarsstaðar.

Svo hvernig endurreisum við Þjóðveldi? Hvernig endurmótum við raun-lýðræði forfeðra vorra? Hvernig förum við að þessu?

Ég hef mótað mína útgáfu á fáeinum mánuðum. Ég hef hitt mikið af fólki, fengið rökræður, mótbárur og tillögur sem ég hef unnið úr. Ég hef þússað og slípað, lesið mér til og endurmótað tillögurnar, prófað þær í umræðum og bregst nú við þeim þrýstingi fólks sem hvetur mig til að koma þessu á framfæri.

Ég kom fyrstu útgáfu þessara tillagna á Vefinn að kvöldi 10. desember 2012. Tillögurnar eru einfaldar en djarfar. Fólk þarf tíma til að hugsa þær, leyfa þeim að meltast. Margir hafa talað við mig löngu eftir að þeir sáu eða heyrðu tillögurnar fyrst, og höfðu þá snúist með.

Þannig sjáum við Þjóðveldi Íslendinga, fæðast. Ekki af mínum hugmyndum heldur endurmótaðar, endurskapaðar og fagaðar, af fólki eins og þér, lesandi góður, fólki sem hefur hugsað um þær og ákveður að taka afstöðu.

Ég er aðeins maðurinn sem klifraði upp á hólinn, mótaði lítinn snjóbolta og ákvað að sjá hvað gerist þegar honum er velt af stað niður hlíðina. Útkoman er komin undir þeim sem segja við sjálfa sig „ég er frjáls og sjálfstæður Íslendingur sem hef ábyrga afstöðu.“ Það er komið undir fólki eins og þér.



Hugmyndin er kristaltær. Héraðsþing frjálsra Íslendinga eru haldin ársfjórðungslega og kjósa á vorþingum til Alþingis Þjóðveldis Íslands. Alþingismenn eru kosnir persónukjöri árlega og þeir eru skyldaðir til að vera fulltrúar sinna héraða en ekki eigin sannfæringar. Héraðsþingin skyldu mótuð eftir hagkvæmnis sjónarmiðum hvers héraðs fyrir sig.

Ég vil sjá umræðu um þetta. Hugmyndin er byggð á Þjóðveldi hinu eldra en útfærð til nútímahorfs. Fáir hugmynd þessi vængi vil ég sjá mér hæfari menn verða hennar málsvavarar. Menn með hreina fortíð og betur máli farna, mér betri menn og konur.

Svo hvernig endurreisum við Þjóðveldi? Hvernig myndum við Þjóðveldi? Frjálst ríki ábyrga manna og kvenna: Við göngum út úr Lýðveldinu! Við yfirgefum það og skiljum að baki.


Við sniðgöngum stofnanir þeirra. Afskrifum þeirra skuldir, þeirra ábyrgðir, þeirra samninga. Við skiljum þetta eftir. Við löbbum bara út. Við tökum eignir okkar og auðlindir með og sniðgöngum rest með borgaralegri óhlýðni. Við tökum aftur það sem við eigum, valdið og landið.

Við myndum þjóðríkið á Þjóðveldishátíð. Það verður enginn þjóðfundur eftir einhverju slembiúrtaki úr þjóðskrá og einhverju fólki smalað inn í Laugardalshöll. Ónei. Við höldum þjóðveldishátíð í afmælistánuði Alþingis, við sumarsólstöður. Þinghelgi Alþingis var fyrst sett á sumarsólstöðum árið 930 og síðan árlega til 1264.

Þeir Íslendingar sem eiga heimangengt og sækja vilja geta mætt. Við höldum hátíð í fjóra daga. Þar hittum við aðra Íslendinga og höldum þar okkar fyrsta þing í átta hundruð ár. Við breytum Þingvöllum úr túristastað í þingstað á ný.

Haldið verður Þjóðveldisþing, þar sem við tökum eina ákvörðun. Hún er sú hvort ganga skuli út úr Lýðveldinu og inn í Þjóðveldið. Síðan getum við rætt hvort móta skuli stjórnarskrá Þjóðveldis og endurreisa Alþingi Þjóðveldis.

Á þing þjóðveldishátíðar eiga allir Íslendingar kjörgengi. Allir rískiborgarar lýðveldis geta mætt. Þar getur þú komið, hafir þú Íslenska kennitölu, þar getur þú



hitt aðra Íslendinga, þar getur þú ráðið þínum ráðum með öðrum borgurum, lagt þitt fram og kosið um það hvort við stofnum nýtt Þjóðveldi eða ekki.

Ég mun mæta á þjóðveldishátíð. Ég veit ekki hvaða Íslendingar ætla að mæta. Þó þekki ég til einstaklinga sem hafa engan áhuga á stjórnmálum en segja „ég verð með, ég ætla að mæta!“

Ég veit ekkert hvernig Ísland mun verða á hinn nýju Þjóðveldisöld, en ég hlakka til að sjá það fæðast! Frjálst land, frjálsra Íslendinga, ef Guð gefur mér líf til að sjá.

Viljum við Þjóðkirkju? Kjósum um það. Ákveðum það sjálf. Höldum þjóðveldisþing. Hittumst og endurmótum Ísland, sem ein hreyfing frjálsra Íslendinga! Þar getum við ákveðið hvernig við ætlum að móta nýja stjórnarskrá. Við getum hafið umræðuna þar. Við getum jafnvel haft framhald umræðunnar á Vefnum.

Það er lýðræði sem ég vil sjá. Lýðræðisleg umræða sem ég vil fá.

Við göngum út og skiljum draslið eftir. Þjóðveldið á byggingarnar, réttinn til landsins og auðlinda þess. Þjóðveldið er þjóðarinnar. Við eigum þetta land. Við eigum að byggja það upp.

Ósóminn og skuldahalarnir, ofbeldið og ofríkið, spillingin og þvættingurinn verður eftir hjá Lýðveldinu. Séu einhverjir sem vilja fylgja Lýðveldinu þá getum við markað því stað úti í Viðey eða einhvers staðar.

Ég legg til að Íslendingur sem gengur Þjóðveldinu á hönd komi þangað inn með sínar eignir og skilji skuldirnar eftir.

„Hvað verður þá um menntakerfið, heilbrigðiskerfið eða erlent lánstraust?“

Ég segi „hafðu engar áhyggjur, því fólkíð sem kemur yfir í Þjóðveldið og byggir það upp mun viðhalda og enduruppbyggja kerfin okkar. Auk þess þurfum við ekki erlendar lánalínur, því þjóðin á nægt fé, fjölmiðlar bankakerfisins hafa talið þér trú um annað því þeir þrífust á erlendum yfirdrætti.



Við fórnunum engu sem okkur er hagur í að halda, en við brennum það sem við höfum ekkert við að gera. Eigum við erindi í Nató, Evrópubandalagið, Evrópska efnahagssvæðið? Látum þjóðina velja það sjálf, og taka afleiðingunum af sínu vali, rétt eins og með Icesave og Þorskastríðin. Hún gat bjargað Vestamannaeyjum í gosinu, hún getur bjargað sjálfri sér frá fjárhagsþrælkun og eignauppböðum.

Ég vil sjá okkar þjóð vakna til dáða og segja „ég tek ekki lengur þátt!“

Ég vil sjá fólk sem hefur engan áhuga á þáttöku í samfélagslífi, vakna til dáða, ég vil sjá það fá ljóma í augun og segja „já, ég tek þátt í svona Íslandi“.

Guð blessi Þjóðveldið Ísland, það á það svo sannarlega skilið.

13. Grunnildin og alþýðan

Hornsteinn Þjóðveldisins er virðing og traust. Virðing fyrir öðru fólki og traust til Íslenskrar alþýðu. Raunlýðræði getur aðeins orðið veruleiki að hinn almenni maður beri virðingu fyrir ákvörðun meirihlutans þar sem meirihlutinn velur það sem hann telur að sér sé fyrir bestu.

Hinn almenni maður hefur fyrir heimili að sjá og margir fjölskyldu og börnum. Meirihluti fólks gengur til sinna starfa og hefur þörf fyrir áreiðanleika varðandi störf. Ef maður missir starf þarf hann að geta fundið annað og geta treyst á að atvinnulíf í sínu samfélagi sé traust. Hann þarf að geta treyst því að samfélag hans standi vörð um hans þörf fyrir trausta búsetu. Að samfélagið standi vörð um þörf hans til að eiga heimili fyrir sig og sína fjölskyldu, hvort sem hann leigir húsnæði eða kaupir.

Börn þurfa að geta gengið til menntunar, sótt til uppeldisstofnana og geta treyst að störf þar séu unnin af heilindum, umhyggju og festu. Fólk ber almenna virðingu hvert fyrir öðru því við höfum öll sömu þarfir og sömu kröfur.

Við búum að fulltrúalýðræði og höfum eitt atkvæði á fjögurra ára fresti. Hvernig getum við tjáð okkur um hvernig samfélag við viljum með verðlausu atkvæði? Þeir fulltrúar sem við kjósum gerast ítrekað sekir um að halda því fram að við



séum ekki hæf til að taka ákvarðanir, fyrir okkar hag, fyrir okkar fjölskyldur, fyrir okkar samfélag.

Sjálfur treysti ég þjóð minni til að taka þær ákvarðanir sem eru bestar fyrir hennar eigin hag. Ég ber virðingu fyrir þjóðarviljanum, ég hef sjálfur þurft að beygja mig undir hann og blætt fyrir hann. Virðing mín hefur bara aukist við það. Ég tók því líka þannig að ég yrði vinna úr. Þess vegna get ég mætt hverjum sem er, hnarreistur, en við erum ekki að tala um mig.

Við erum að tala um hvort við getum treyst alþýðu landsins til að lifa eftir þeim grunngildum og arfleifð sem við fengum frá forfeðrum okkar og hvort við séum að kjósa okkur málsvara sem eru þess verðir að vera okkar málsvarar.

Þetta er kjarninn í því hvað Þjóðveldi Íslands snýst um.

14. Embættismenn og kosningaréttur

Embættismanna kerfið hefur í gegnum áratugina búið svo um hnútana, að það sé útilokað að segja upp vanhæfu starfsfólki. Einnig er mjög erfitt fyrir þjóðina að henda reiður á samsetningu og innbyrðis tengslum kerfisins.

Það segir allt sem segja þarf um áhuga embættismanna á skilvirkni, áreiðanleika og heiðarleika. Toppurinn á embættismannakerfinu, skattstofan, er búin að koma sér þannig fyrir að hún hefur beinan aðgang í veskið þitt: Þér er ekki lengur treyst til að borga skattinn þinn.

Kerfið er þannig uppbyggt að viljir þú borga skatta árlega eða mánaðarlega, þá er þér ekki treyst til þess. Vinnuveitandi þinn borgar skattinn fyrir þig mánaðarlega og þú átt ekkert val um það. Á kerfið eitthvað með það að vaða ofan í veskið þitt og taka þaðan skattinn beint? Áttu ekki að fá val um það með hvaða hætti þú greiðir skatt til kerfis sem þú átt?

Ef kerfi embættismanna treystir þér ekki, af hverju ættir þú að treysta embættismönnum?



Mér þykir felast heilbrigt viðhorf í að kosningaréttur sé ekki sjálfsagður. Ég hef tekið eftir umræðu bæði hérlandis og erlendis, og sérstaklega í Bandaríkjunum að vaxandi fjöldi fólks ber enga virðingu fyrir kosningaréttinum. Í lýðræðissamfélögum þar sem lýðræði hefur lengi verið við lýði, er fólk varla að nenna að mæta á kjörstað og taka afstöðu.

Að sumu leyti er ástæðan sú að það er fer vaxandi ákveðið virðingarleysi gagnvart stjórnmálum. Stjórnmálin hafa síðustu áratugi komið þannig fram við fólk að fólk er smám saman að missa virðingu fyrir stjórnmálum og sér ekki að stjórnmálin endurspeгла viðhorf samtímans.

Ég sé víða merki þessa, í neytendahyggu og algleymi fjölmiðlunar og á ég þá við afþreyingu. Fólk hefur tilhneigingu til að nenna ekki að taka afstöðu til alvarlegra og leiðinlegra mála og sækir frekar í afþreyingu. Hver nennir að spá í eitthvað leiðinlegt þegar hann getur gleymt sér í afþreyingu? Er það okkur í hag að afþreying af hvaða tagi sem er þyki sjálfsögð og í miklu magni?

Fjöldi fólks temur sér ákveðið virðingarleysi, gagnvart sjálfu sér, náunga sínum og samfélagi. Það er ekkert óeðlilegt ef það er almennt vaxandi virðingarleysi, í samfélaginu, að stjórnmálin endurspegli það viðhorf. Það er fátíðlegt að mínu mati að ganga fram, og segja “stjórnmálin eru á villugötum”. Þau endurspeгла okkur sjálf. Séu stjórnmálin á villigötum þá er næsta víst að við séum sjálf á villigötum.

Það var sú tíð hér á öldum áður að kosningaréttur þótti ekki sjálfsagður. Á tímum einvelda konunga, keisara og einræðisherra var ekki hver sem er sem fékk kosningarétt. Þegar Íslenska Lýðveldið var sett á fyrir rúmri öld var aðeins útvalinn hópur manna sem fékk kosningarétt og það tók tíma að víkka út þau mörk. Það var talsverð barátta á öldum áður, sérstaklega upp úr frönsku byltingunni og næstu tvö hundruð ár á eftir, fyrir því að almenningur fengi kosningaréttindi og lýðræði.

Fólk almennt í nútímanum er í raun ekki ábyrgðarlaust. Það er hins vegar mikið áreiti og slagur um athygli þess. Ef fólk kemur þreytt heim úr skóla eða amstri



vinnudagsins, hvers vegna ætti fólk að velta sér upp úr leiðinlegum umræðum sem það hefur engin áhrif á ef það getur valið afþreyingu og hvílt sig?

Fyrir fáeinum áratugum var fólk ekki eins þreytt og það er í dag vegna þess að það var ekki eins mikið áreiti. Það ríkti miklu meiri kyrrð. Með aukinni tækni höfum við ýtt kyrrð út úr lífi okkar og það þarf ákveðið átak að rækta kyrrð. Þetta er vel þekkt í andlega geiranum.

Ég kem hér fram með einfalda tillögu að því hvernig við getum endurvakið áhuga fólks á atkvæðisrétti sínum. Hvernig við getum endurvakið tilfinningu fólks fyrir því að hvert atkvæði skiptir máli. Þó þú sért bara með eitt atkvæði á móti mörg hundruð þúsund atkvæðum þá skiptir það máli. Ekki bara atkvæði þitt núna heldur að þú hefur rétt til að kjósa.

Hundruðir þúsunda fólks lét lífið fyrir þennan rétt. Það er ekki sjálfsagt mál að þú hafir hann. Síðari heimsstyrjöldin sem slátraði milljónum manns snérist að miklu leyti um þetta. Höfum við réttinn til að kjósa? Höfum við lýðræði? Höfum við lýðveldi? Skiptir frelsi máli? Þetta er akkúrat kjarni málsins: Skiptir frelsi máli?

Fólki finnst sjálfsagt að vesturlönd séu frjáls. Það virðast fáir vita að fyrst og fremst tveir menn báru ábyrgð á að sigur vannst á Nasistum í heimsstyrjöldinni síðari. Þessir menn stóðu fastir fyrir þegar hagsmunahópar þjóða þeirra vildu semja frið við Nasista. Þeir trúðu að hægt væri að sigra þvert á almenna skoðun samtíma síns. Í hvorum hópnum ert þú? Þeim sem taka enga afstöðu en þusa af miklum móð eftir skoðunum stundarhagsmuna, eða þeim sem hafa kjark og festu í sálinni?

Þess vegna kem ég fram með eftirfarandi tillögu. Borgari Þjóðveldis þarf að ljúka landsprófi. Það er almennt talað um samræmdu próf grunnskólanna í dag en það var talað um landspróf hér áður, þetta er sama fyrirbærið með öðru nafni. Hafi borgari ekki lokið landsprófi með fullnaðareinkunn, þá hefur hann ekki kosningarétt. Mergurinn málsins er sá að ef þú vilt vera virkur borgari Þjóðveldis og hafa atkvæðisrétt þá þarftu að sýna að þú sért verðugur þessa réttar.



Tökum þessa hugsun einu skrefi lengra og bætum við: Á landsprófi þarftu að sýna fram á lágmarks getu til að lesa lög. Þú þarft ekki að kunna lög en þú þarft að hafa getu til að lesa og skilja einföld og almenn lög. Þannig að ríkisborgari Þjóðveldis geti tekið upplýsta ákvörðun um gildi þeirra laga sem hugsanlega þarf að kjósa um í framtíðinni. Umfram allt ætti hann að taka próf sem sýnir að hann skilji stjórnarskrá Þjóðveldis.

Sömuleiðis ætti ríkisborgari Íslenska Þjóðveldisins að skilja Íslensku. Íslensk tunga er okkar þjóðmál og það er eðlileg krafa að kjósandi – frjáls borgari Íslenska Þjóðveldisins– skilji Íslensku, geti lesið lög og skilji stjórnarskrána. Að hann geti þar með upplýst sjálfan sig og geti þannig verið virkur þáttakandi.

Við höfum nú þegar tækifæri til að lesa öll Íslensk lög á Netinu. Enginn Íslenskur þegn lýðveldis hefur þá afsökun að hann þekki ekki lög. Hann getur lesið þau hvenær sem er, svo sem þegar eitthvað leiðinlegt er í sjónvarpinu.

Þessi grein snýst einmitt um að gera atkvæðisréttinn verðmeiri. Ef þú sem borgari Íslenska Þjóðveldisins nýtir ekki atkvæði þitt, segjum tvö héraðsþing í röð, þá missirðu atkvæðisrétt þinn á þriðja þingi (en ekki hinu fjórða). Að sama skapi ef þú hefur ekki greitt skatta tvö ár í röð missirðu atkvæðisréttinn á vorþingi. Ekki til frambúðar heldur bara það ár.

Ábyrgur borgari Íslenska Þjóðveldisins vill borga skattana sína og hann vill nýta atkvæðisrétt sinn. Ef hann sýnir þessu óvirðingu fær hann milda áminningu með þessu sniði.

Að endingu vil ég draga fram mikilvægi þess að mæta og kjósa, hvort sem líklegt er að málefni þitt fái góða kosningu eða ekki. Því þegar þú kýst ertu að sýna í verki með hverjum þú stendur og þannig standa með þeim sem taka sömu afstöðu og þú. Þannig veistu að þú stendur ekki ein(n) heldur veist hve margir eru á þínu máli. Fjöldinn getur breyst í samhengi við þá sem taka næsta skref í framhaldinu.

Einfalt er alltaf betra en flókið.



15. Arfleifð frelsis

Endurreist Þjóðveldi byggist á hugtakinu arfleifð. Nútíminn er á fleygifart og við gleymum stundum arfi forfeðranna. Hver nennir að spá í menn sem eyddu þrem mánuðum á hverjum vetri í að róa á opnum bátum úti á opnu hafi til að ná í nokkra þorska eða ýsur? Hver nennir að spá í hvernig það var að búa í moldarkofum með tilheyrandi sveppagróðri og ofnæmisvökum? Hver nennir að spá í hvernig það var að ferðast fótgangandi á milli norðurlands og suðurlands?


Hefurðu heyrt kvæðið um að vera einn á gangi um eyðisand um hávetur? Menn fóru fótgangandi eftir snjóalögum hálendisins, á sauðskinnsskóm. Klæddir í gæruskinnsúlpur og lopa og átu þurrkað hangikjöt og flatkökur með smjörklípu sem þeir höfðu meðferðis í pokanum. Þeir vonuðu að komast lifandi á leiðarenda. Hve margir skyldu hafa orðið úti á þessum ferðalögum?

Að ég tali nú ekki um þegar þeir komu að ísilögðum ám. Hvað ef ísinn er brothættur og þú þarft að taka á þig krók. Hver nennir að spá í þetta? Við getum kveikt á sjónvarpinu, kveikt á útvarpinu, farið á Netið, keyrt um í nýlegum og þægilegum bílum. Arfleifð forfeðranna er leiðinlegt efni!

Þú heyrandi góður stendur á herðum forfeðra þinna og mæðra. Fólkið sem byggði okkar land í meira en þúsund ár, vílaði ekki fyrir sér að ganga þvert yfir hálendið um miðjan vetur. Langa langa afi þinn vílaði ekki fyrir sér að eyða þrem til fjórum mánuðum um hávetur til að róa út á Atlantshafið í áttæringum, tíeyringum eða sexæringum.

Þarna voru örfáir karlar í pínulitlum bátkoppum á öldum Norður-Atlantshafsins, að renna færi í sjóinn til að ná í nokkra fiska, dag eftir dag eftir dag, sex daga vikunnar. Menn héldu hvíldardaginn heilagan. Verandi á veri suður með sjó saknandi fjölskyldu sinnar sem bjó fyrir norðan, austan eða einhversstaðar.

Konurnar sátu heima kannski með fullt hús af börnum og eitthvað af eldra fólki sem hætt var að vinna erfiðu störf. Þær þurftu að kveikja upp í hlóðum eða kolavél og hræra í smíðajárnsþotti til að útbúa kvöldmat eftir langan vinnudag. Við erum hér að tala um konur sem fóru á fætur hálf sjö á morgnana til að kynda



upp í hlóðunum. Þær þurftu að elda mat yfir opnum eldi og unnu gríðarlangan vinnudag.

Dæmigerðar kolaeldavélar voru fjögurra manna burður. Það var hörkuvinna að skara upp eld og ef glóðin hafði kulnað í öskunni yfir nóttina þurfti að ganga langan veg um miðjan vetur á næsta bæ til að sækja glóð. Sinna þurfti heimilisfólkinu og elda handa því og það þurfti að laga fötin og stoppa í þau og sníða þau. Það var ekki hægt að skreppa í kringluna! Allur klæðnaður var heimaunninn og oft úr vanefnum.

Það var ekki sofið í mjúkum og þægilegum rúmum, heilbrigðum fyrir bakið. Það var sofið í fletjum. Dýnurnar voru gæruskinn og þetta voru hörð og erfið rúm. Til að halda hita þurfti oft tvo og stundum þrjá í rúmið. Heldurðu að þitt líf sé erfitt?

Hér kemur einmitt mergurinn málsins með arfleifð fortíðarinnar.

Fólkið sem breyttist úr landnemum í Íslendinga á Þjóðveldisöld var fólk sem mat það meira virði að búa sem frjálst fólk í frjálsu landi og stjórna sínum hag sjálft. Það var tilbúið að leggja mikið á sig fyrir lífsgildi sín. Það var tilbúið að leggja á sig hvað sem væri til þess að vera frjáls maður í frjálsu landi og byggja upp til framtíðarinnar.

Þannig hafa Íslendingar búið í tólfhundruð ár. Þetta er þín arfleifð. Þú ert afsprengi harðgerðustu og útsjónarsömustu, hugsjónaþjóðar sem nokkurn tíma hefur búið á jörðinni!

Þú ert búin(n) til úr þeim, þau eru þú, þú átt sama kraft og sama innsæi. Það getur verið að moldarkofinn sé leiðinlegur, að opnu bátarnir séu fráhrindandi, en þetta ert þú. Þú ert kominn af kjarnorkumesta fólki sem nokkurn tíma hefur lifað á þessari jörð. Þetta er þín arfleifð. Seldu hana dýrt, hún var dýru verði keypt.

Þú ert ekki bara nútímamanneskja sem hefur frjálsar trúarskoðanir og frjálsar pólitískar skoðanir og eitthvað áframhaldandi kjaftæði. Þú ert framlenging á þínum forfeðrum. Þetta var kjarnorkufólk, þú ert kjarnorkumanneskja. Fattaðu það, lifðu eftir því. Gerðu langalangafa þinn og langalangömmu þína stolt af þér.



Ef þú ert einn af þeim Íslendingum sem eru aðfluttir og hefur tileinkað þér íslenska menningu og Íslenskt mál, gerðu þá langalangafa þinn og langalangömmu þína stolt yfir að þú ert orðin(n) Íslendingur.

Það er ekkert sjálfsagt mál að vera Íslendingur. Það eru bara þrjúhundruð þúsund Íslendingar á jörðinni í dag.

16. Hugmyndir móta veruleika


Stjórnarskrá er hugtak. Frelsi er hugtak. Stjórnarskráin sem slík er bara hugmynd, hún er einnig mannvirki. Hún er eitthvað sem mannshugurinn smíðar, svo vitnað sé í Láru Magnúsdóttur sagnfræðing.

Þetta undirstrikar hún vel með frábærri samlíkingu þess að stjórnarskráin sem er flókið fyrirbæri á að vera grundvöllur undir aðrar flóknar hugmyndir. Ef þú ætlar að smíða flugvöll þá þarf að taka mörg sjónarmið inn í myndina og gera ráð fyrir mörgum hlutum og eðlilega þarf að gera ráð fyrir sérfræðipækkingu. Lára bendir á smæð Íslands og án þess að gera lítið úr Íslandi þá er smæð samfélags okkar þess eðlis að það væri eðlilegt að sækja sérþekkingu á stjórnarskrárlögfræði erlendis frá þó ekki væri nema til samanburðar við okkar innlendu smíð.

Það er mikilvægt á hraðvirkri tækniöld og hinum smækkandi heimi að hinn almenni maður sé fær um að sjá hversu ríkur heimur hugmyndanna er og að hann hafi getu til að vinna með hugmyndir og móta til þess afstöðu hvaða hugmyndir séu þess verðar að meitla í fast mót og hvenær sé viðeigandi, og þá með hvaða hætti, sé vert að endurmóta hugarmyndir.

Ég vil í þessu samhengi minnst á samstöðu. Hvers vegna fólk á Íslandi stendur sjaldan saman. Við erum vön að benda á þetta sem eitthvað mjög neikvætt en um leið lokum við augum fyrir því hversu þétt við stöndum saman.

Tökum konu sem dæmi sem býr í blokkaríbúð og vill spara hitakostnað. Hún gæti sagt „ég get ekki gert það fyrir alla blokkina, eða stigaganginn“ og hún hefur rétt fyrir sér.



Segjum að í hennar stigagandi séu átta íbúðir og hiti sé sameiginlegur. Hún vill lækka sinn kostnað um 30% en getur það ekki ef hinar íbúðirnar taka ekki þátt. Hún veit fyrirfram að ef hún fer til hinna íbúanna og ræðir þessi mál þá eru helmingis líkur á því að enginn vilji taka þátt.

Kannski fengi hún eina íbúð eða tvær til að taka þátt. En að halda út í eitt eða tvö ár í daglegri varðstöðu við hitarofa á ofnakerfi íbúðanna til að lækka hitan í sameiginlegu átaki margra íbúða? Fólk gleymir og fólk nennir ekki. Hún þyrfti að fylgja því eftir af mikilli hörku, þannig að hún hefur alveg rétt fyrir sér. Það er tilgangslítið að reyna.

Eða hvað? Er til gangslítið að reyna? Er það þess virði að banka uppá hjá fólki, spyrja hvort halda meg íbúafund? Er það þess virði að sniðganga þá sem segja „það verður aldrei samstaða hér“? Eigum við að þegja yfir óréttlæti því allir hinir þegja?

Ef konan næði 30% sparnaði fyrir sína íbúð þá deilist það niður á átta aðila. Það væri svipað og ná 7% sparnaði fyrir fjóra aðila eða 15% sparnaði fyrir tvo. Hún næði 3,5% sparnaði fyrir stigaganginn. Nú myndu ýmsir segja „á ég að spara handa hinum?“

Enginn vill spara handa hinum, enginn vill leggja á sig fyrir hina, og að lokum leggur enginn neitt á sig fyrir samfélagið. Hvað ef við færum í hina áttina í hugsun?

Þegar hinir sjá 3,5% lækkun á reiknigi, þá væru kannski fleiri íbúðir til í að taka þátt. Segjum að tvær íbúðir sláist í hópinn og báðar nái 25% sparnaði. Þá væri kominn 10% heildar sparnaður fyrir stigaganginn. Kannski væri það þess virði að ræða reglulega við hina íbúana og segja „hæ ég er nágranni þinn, eigum við að vinna saman?“

Hvers vegna gerum við þetta ekki? Íslendingar nútímans virðast ekki vilja banka uppá hvert hjá öðru og segja „eigum við að vinna saman?“ Við erum hin upplýsta vel menntaða kynslóð. Þó kunnu þetta ómenntaðir forfeður okkar.



Kannski er það einmitt þess virði að tala við fólk og standa fastur á þeim gildum sem maður trúir á. Sjálfur hef ég talað um gildi skapandi hugsunar mánuðum saman fyrir harðlokuðum eyrum. Það kemur að því að einn og einn opnar eyrun, það kemur að því að ég finn þá sem hafa sömu gildi. Á ég að gefast upp vegna þess að fólk í mínum félagshring er sofandi og latt?

Íslendingar sýna sjáldan samstöðu því þeir eru vanir því að það þýði ekki, enda er lýðveldið mjög miðstýrt af duldum valdaklíkum. Fólk hefur smám saman misst trúna í gegnum síðustu áratugi. Sjáðu samt Búsáholdabyltinguna og Icesave kosninguna, fólk vill trúa á samfélagið, og því er mikilvægt að þú og ég látum í okkur heyra.

Við hlustum ekki á þá fullyrðingu að eitthvað sé ekki hægt, því ef þú trúir að eitthvað sé hægt, ef þú sérð það skýrt fyrir þér, þá er það hægt. Auk þess er maður sem trúir einhverju, hundraðfalt öflugri en sá sem ekki trúir, svo trúðu á Þjóðveldið og talaðu um það svo trú þín styrkist. Því það sem þú trúir á, það vex.

Það er ekki alltaf auðvelt að fá hópsálina með sér og maður þarf að vera undirbúinn fyrir hana, en það er auðvelt að fá einstaklinga með sér. Smám saman móta þeir hópsálina fyrir þig.

Oft er gott að tala við fólk bara til að heyra mótsvörin, fara með þau heim í einrúmið og velja þar hvernig megi svara þeim í næstu umræðum. Þannig varð Þjóðveldisfélagið til, ég fór að tala við fólk, mótaði svör, talaði við fleiri, og dropinn holaði steininn. Fyrir hverja tíu til fimmtán viðmælendur sem sögðu „þetta er ekki hægt“ fann ég einn sem sagði „ég verð með“ og það er þess virði, og þeim mun fjölga.

Þess vegna eru þessar greinar skrifaðar. Til að þeir sem vilja Þjóðveldi geti lesið þær og styrkt trú sína. Svo að þeir sem trúa á raunlýðræði, skapandi hugsun og sterka afstöðu geti lesið sér til og undirbúið sínar eigin samræður!

Auk þess er það blekking að Íslendingar sýni enga samstöðu, og Lýðveldið þrífst á þeirri blekkingu. Það er auðvelt að sjá í gegnum þessa blekkingu.



Segjum sem svo að þú búir í Dublin á Írlandi. Þar býr ein og hálf milljón manns. Ef þú myndir ganga hús úr húsi og með miða sem biðu fólki að koma á borgarafund þá fengirðu kannski þúsund manns. Þúsund manns á einhverju torgi vekur athygli og fólk segir „vá þarna er fullt af fólki“. Segjum að þetta séu mótmæli eða borgarafundur.

Hér á Íslandi kæmu kannski fimmtíu manns og það virkar sem mjög fáir í samanburði. „Hey, það er bara enginn, það tekur því ekki að ég taki þátt. Það er tímasóun. Ég ætla frekar að vinna vinnuna mína og græða pening.“

Við Íslendingar gleymum því oft að fólk sem tekur afstöðu, gerir svo í sama í hlutfalli og gerist erlendis, og oft erum við í raun fleiri hér heima í afstöðu með málum heldur en gerist í stórborgum. Ef við skoðum þúsund manns í Dublin, þar er ein milljón og fjögurhundruð þúsund íbúar, það er eins og það sé einn fjórtándi að mæta og ekki það. Einn þúsundasti, einn fimmtán hundraðasti.

Við Íslendingar erum svo sjálfstæðir. Þeir vilja standa einir. Þeir vilja græða einir. Þeir vilja byggja upp sinn hag einir. Þeir eru sjálfstæðir þverplankar. Þverplanki þýðir í rauninni staðfesta. Maður sem er þverplanki þarf ekki að vera neikvæður og fúll á móti. Hann gæti líka verið maður sem veit hvað hann vill og stendur með því, það er kostur, það er styrkur. Þetta er þáttur sem Þjóðveldið vill sameina.

Þjóðveldi og lýðræði snýst einmitt um þegar margir sameinast um einn málstað. Við viljum kannski ekki sameinast um það að velta ríkisstjórninni. Við höfum kannski ekki engan áhuga á því. Við viljum kannski ekki sameinast um að velta bankanum ef við sjáum ekki að við græðum neitt á því. Gætum meira að segja tapað á því.

Við erum kannski tilbúin að sameinast um frelsi? Við erum kannski tilbúin að sameinast um þjóðarstoltið og arf forfeðranna? Þannig getum við umbreytt veikleika vorum í styrk.

Hvað stóð amma mín fyrir þegar hún stóð við hlóðavélina eða staglaði í sokka og hugsaði til þess að kallinn var suður með sjó vikum saman, daglega úti á opnu hafi í smábát að veiða fisk til að eignast smá pening svo hún gæti haldið jól og



keypt efnivið í föt á krakkana, eða keypt efnivið í að stækka moldarkofann sem þau bjuggu í.

Svona má halda áfram og segja „við bjuggum í ógeðslegum moldarkofum í þúsund ár, en veistu í hverju við héldum lífi? Við skrifuðum bókmenntir norður Evrópu, meðan Norður-Evrópa var að gleyma sögunni sinni vorum við að skrifa hana niður.

Íslensk skáld voru eftirsótt í Svíþjóð og Noregi og Danmörku því þau kunnu upprunalegu tunguna. Hér á Íslandi er talað það tungumál sem var nefnt Danska fram til ársins tólfhundrað. Sagt var að Íslendingar töluðu og skrifuðu dönsku. En um þrettánhundrað var danskan orðin breytt, hún var ekki lengur dönsk. Íslendingar hafa því viðhaldið dönskunni sem einnig var töluð í Noregi á þeim tímum. Okkar tunga er því ekki bara Íslensk tunga heldur upprunaleg frumtungu Skandinavíu.

Þetta er eitthvað sem við getum verið stolt af. Við höfðum ekki getu til að eyða miklum pening í bókaframleiðslu því þá var skrifað á skinn. Við gátum ekki flutt inn fokdýran pappír þegar hann kom, í stað skinna. Við gátum ekki flutt inn fokdýran striga til að gera málalíst. Við höfðum ekki einu sinni efni á að framfleyta málurum. Við höfðum ekki efni á því að framfleyta flottum listum.

Svo við þróuðum okkar eigin list, kveðskapinn. Hér á Íslandi var enginn maður með mönnum nema hann hefði brageyra. Að hann gæti í það minnsta lært fleyg orð, tilvitnanir, vísukorn og ferskeytlur.

Við höfðum ekki peninga í gegnum aldirnar til að skapa hallir eða fokdýrar listir, svo við nýttum það sem við höfðum og skópum úr því ódauðleg verk. Hefurðu lesið fjársjóðasafn okkar Íslensku þjóðsagna, hefurðu séð samanburð á hversu ríkar þær eru miðað við samtímasagnir í Evrópu?

Meðan Jói Jóns var suður með sjó að róa til fiskjar fyrir Siggu sína voru kallarnir að kveðast á í bátum. Rifjuðu upp vísur úr sinni heimabyggð og skiptust á þekkingu í formi sagna og vísna. Þetta var sterkur þáttur í okkar menningu.



Við skrifuðum bækur, sömdum sögur, og við gerum það enn. Við ortum ljóð og við gerum það enn. Við þróuðum hina göfugustu af listum mannssálarinnar. Það að smíða hallir úr orðum. Að smíða og móta hugmyndir, oft hugmyndir sem mótuðu samfélag!


Þetta er eitthvað sem við getum verið stolt af, og við erum ennþá að þessu. Það er ekki að ástæðulausu að við köllum okkur bókaþjóð. Ekki bara það að hér sé gefið út mikið af bókum. Við hendum til dæmis ekki bókum, jafnvel fólk sem les ekki bækur og vill ekki lesa bækur vill ekki henda bókum, því bækur geyma hugmyndir og hugmyndir eru gullkista.

Amma mín, sem er fædd 1914 kunni urmúl af vísum sem hún lærði í æsku. Hún var ekki hagróingur en hafði brageyra. Hún lærði vísur og fór yfir þær í huganum. Þegar hún var við störf fór hún yfir vísur í huganum og gleymdi sér við þetta. Hún hafði gaman af að varpa fram vísum um hitt og þetta og það var gaman að þessum vísum. Hún var lagin að skella fram skemmtilegum vísum sem áttu við aðstæður og umræðuefni.

Hugsaðu þér vinnuna sem fer í að bíta saman orðum og mynda úr þeim bók. Höfundur veit ekki nema það verði mest fimm hundruð manns sem kaupa bókina í næsta jólabókaflóði og að hún gleymist eftir það. Hann er þó að streitast við það í eitt til þrjú ár í frístundum að smíða bókina og leggur sál sína í hana fyrir bara örfáar lesendahræður.

Bókin hans er mikilvæg og fólk kemur í bókasöfn og hlustar á útvarpið til að hlusta á upplestur úr bókum og hrífst af ef vel er samið, vel orðað. Við berum virðingu fyrir orðasmíð, lítum upp til þessa og höfundurinn getur kallað sig rithöfund með sóma. Kannski voru bara tíu manns sem lásu bókina hans, en hann fékk hana gefna út, og þú færð ekki útgefna bók nema það sé eitthvað í hana varið.

Þannig er okkar pínulitla land, því þó við séum fá þá er hugur okkar og sál „stórasta land í heimi“. Við gefum út tugi og hundruð titla á hverju ári. Námsbækur, skáldsögur, ljóðabækur, fræðirit, greinasöfn (allur fjandinn kemst í



bók) og bókin hefur vægi. Fólk fer vel með bókahillur. Fólk fleygir ekki bókum en gefur þær frekar og bókasöfnin eru dýrmæt. Þannig hugsar hin Íslenska sál.

Við erum ekki eins grámygluleg og leiðinleg eins og við virðumst vera ef horft er á fátæklinga í moldarkofum. Íslenskur fátæklingur í moldarkofa hér á öldum áður var forríkur maður í listagyðju skáldsins. Hann þekkti allar sínar ættir aftur fyrir landnám, aftur fyrir þann tíma þegar við Íslendingar numum hér land.

Við vorum frjálssir menn í frjálssu landi sem numum land í óbyggðu landi og undum hag okkar vel. Það var ekki alltaf til súrmatur í tunnunni en við vorum nú ekkert að tala um það, heldur bitum bara á jaxlinn.

Við eigum ekki bara fallegustu konur og karla í Evrópu, heldur duglegasta, harðgerðasta, útsjónarsamasta og mest andlega skapandi fólk á jarðríki. Það er margt í okkur spunnið, okkur Íslendinga.

Íslendingar standa sjaldan saman því fólk er hrætt við að vera ofsótt ef það segir eitthvað sem ruggar bátnum, vera atyrt og jafnvel missa starf. Þetta er lítið samfélag og fólk er viðkvæmt fyrir því að falla í hópinn. Það er erfitt að vera utangarðsmaður í litlu samfélagi. Þannig að oft er ótti á bak við það að Íslendingar standa ekki saman.

Það er ekki að Íslendingar séu þvermóðskufullir eða einþykkir smákóngar. Þetta er út af ótta, mjög eðlilegum ótta. Það getur verið erfitt að standa út úr og verða skotspónn fyrir að vera öðruvísi. Það er mjög eðlilegt vegna þess að það er auðvelt að ofsækja einstakling en það er ekki hægt að ofsækja hóp.

Ég og þú, við getum sýnt samstöðu hér og nú. Við getum breytt sögunni, núna. Við getum verið Íslendingarnir sem standa saman og áður en þú veist af kemur þriðji í hópinn og áður en þú veist af koma þrír í þann hóp og áður en þú veist af erum við hreyfing.

Það sem verið hefur er ekki meitlað í grjóti. Það er ekki frosið í klaka. Lífið er dýnamískt, það breytist. Sagan hún breytist, við erum að breyta henni núna.



17. Virðing Alþingis

Ég er í lopapeysu, hún er grá í grunninn. Hún er með smekklegu, svolítið minimalísku mynstri yfir brjóst og herðar, þrjónuð úr gráum, svörtum og hvítum lit. Ég segi minimalískt því mynstrið er ekki yfirdrifið heldur smekklegt og nett. Peysan er úr meðalþykkum lopa en þétt og vel þrjónuð. Hún er greinilega þrjónuð af manneskju sem er vön að þrjóna. Það er vel gengið frá öllu og hún er sterk.

Tveir yngri hundarnir mínir eiga það til að gleyma sér og flaðra upp um mig, eða hoppa uppá mig í fagnaðarlátum. Þetta eru stórir hundar með sterkar klær sem geta auðveldlega tætt tuskur sundur. Þeir geta grafið holur með þeim og jafnvel tætt skinn í sundur með klónum. Stundum þegar hundurinn Sunna hoppar á mig og krefsar í mig og til að segja „komdu út“ hugsa ég „omg, hún eyðileggur peysuna.“ Lopapeysan heldur velli!

Mér þykir bilað vænt um þessa peysu sem ég eignaðist þannig að góð kona sem ég hef þekkt í yfir þrjá áratugi bankaði uppá hjá mér og færði mér. Einn daginn var bjöllunni hringt. Ég fer til dyra og þessi ágæta kona, sem hefur reglulega litið í kaffi í gegnum árin, stendur fyrir framan dyrnar. Hún er með plastpoka, lítur á mig í dyrunum, hallar örlítið undir flatt eins og hún sé að mæla mig út. Svo dettur upp úr henni „þú passar í hana“.

Svo stormar hún inn og á miðju stofugólfi þrífur hún þessa fínu nýþrjónuðu lopapeysu upp úr pokaum. Réttir hún mér peysuna og segir „farðu í hana, ég veit að þú passar í hana.“ Ég fer í peysuna og hún smellpassar á mig, eins og þrjónuð fyrir mig eftir sjónminni um áætlaða stærð. Þetta getur bara vön Íslensk þrjónakona gert!

Landið er barmafullt af þrjónakonum sem hafa þennan hæfileika. Þær hafa þrjónað árum saman eftir alls kyns mynstrum, stærðum og málum. Þær meðhöndla lopann og vinna úr honum peysuafurðir á fólk úr sinni fjölskyldu og vinahóp. Finna út hvaða stærðir passa. Læra af reynslunni og leggja sál sína í verkið.



Margar þeirra afla sér aukatekna með því að þrjóna fyrir verslanir. Þegar þú ferð í búð og finnur lopapeysu, er hún yfirleitt handþrjónuð af Íslenskri þrjónakonu. Þú þekkir muninn á handþrjónuðum og vélþrjónuðum peysum. Handþrjónaðar peysur eru vel gerðar og þær kosta! Vel þrjónuð og vönduð Íslensk lopapeysa kostar meira en ódýr jakkaföt.

Þegar þú átt lopapeysu sem er þrjónuð af manneskju sem þú þekkir, þá hugsar þú til hennar í hvert sinn sem þú ferð í peysuna. Amma mín þrjónaði á mig fyrstu alvöru lopapeysuna. Ég notaði þessa peysu á hverjum vetri í meira en tíu ár. Ég notaði hana þar til hún nánast tættist í sundur. Ég elskaði þessa lopapeysu. Ég elskaði ömmu mína og ég elska hennar minningu. Ég sakna peysunnar. Ég á fleiri lopapeysur þrjónaðar af konum sem ég þekki eða hef þekkt.


Það er einstök tilfinning að fara í góða flík, ég fer í mína lopapeysu, ég er að nota hana mikið núna í vetur og í hvert einasta skipti sem ég fer í hana verður mér hugsað til atviksins þegar mér var gefin hún og manneskjunnar sem bjó hana til. Slíkt er einstakt, það vekur og varðveitir virðingu, það styður við góð gildi.

Nýlega kom áhugaverð frétt í fjölmiðlum. Fyrirsögnin var reyndar um að einn af ráðherrum ríkisstjórnar var rekin úr Íslenskri lopapeysu í þingsal. Þegar þú lest fréttina kemur í ljós að tveir ef ekki þrír þingmenn, bæði menn og konur, voru rekin úr lopapeysu af forseta Alþingis.

Að voga sér að segja við manneskju sem er í góðri, vandaðri, Íslenskri lopapeysu, líklega þrjónuð af einhverjum sem viðkomandi þekkir: „Úr peysunni og í erlend jakkaföt sem keypt eru í verslun!“

Þegar þú átt eitthvað sem þér þykir vænt um, sem gert er fyrir þig af öðru fólki sem tengist þér með hlýhug og virðingu, og þú berð það utan á þér, varðveitirðu virðingu og styrkir gildismat okkar samfélags.

Að forseti Alþingis skyldi voga sér að reka fólk úr svo mikilvægum flíkum. Bara til þess að geta mætt í pontu eða í þingissal í jakka og bindi. Þessi jakki og bindi lítur kannski vel út. Það kannski smellur inn í eitthvað form sem er einskis virði borið saman við virðingu og natni Íslenskra þrjónakvenna eða skraddara.



Núverandi Alþingi Íslenska lýðveldisins er Alþingisómynd borin saman við það Alþingi sem fornmenn okkar og forfeður grundvölluðu og byggðu upp í þriðjundruð ár. Þetta er formsins þing fyrir jakkaföt og bindi sem að hefur misst virðingu þjóðarinnar með grunnhyggni og yfirborðskenndri hugsun.

Hvað er það sem gerir Ísland einhvers virði? Þetta er einmitt kjarni þeirra gilda sem rak mig út í að ræða Endurreist Þjóðveldi við fólk. Ég vil endurreisa virðingu þjóðarinnar fyrir sjálfri sér og þeim stofnunum sem henni tilheyra.

18. Þú hefur verðmiða


Ég hef rætt um Þjóðveldi í smá tíma við fólk. Þetta hefur áður komið fram en ég hef hugsað um Þjóðveldi mun lengur. Ég ræddi það innan kunningjanetsins á því tímabili. Ég hef farið hægt í sakirnar því hugmyndin er stór og dálítið byltingarkennd. Þó er hún ekki ný heldur samsett úr tveimur eldri hugmyndum sem hafa sannað gildi sitt.

Ég er vanur því sem heimspekingur að varpa fram óvenjulegum hugmyndum og oft þróað tilraunastarfsemi í andlegri hugsun. Fólk sem ekki hefur þjálfað sig í skapandi hugsun bregst oft við með setningum á borð við „Guðjón, enga vitleysu!“

Sumar hugmyndir eru þannig að þær eru meitlaðar í stein. Hugmyndir á borð við „þú skalt ekki stela“ eða „þú skalt ekki ljúga“ eru meitlaðar í stein. Þær eru óbreytanleg hugsun sem við notum til að byggja samfélag. Þær eru engu að síður hugsun eða „bara hugmynd“.

Á ferðum mínum kynnist ég fólki, og eitt sinn þegar ég var staddur í London kynntist ég manni af þjóð sem kallar sig Yoruba. Fyrir þá sem ekki vita hvar Yoruba þjóðin býr þá er hún mjög vel þekkt í Afríku. Hún býr innan um aðrar þjóðir í landi sem er betur þekkt sem Nígíría.

Hann sagði mér að þjóðin sem tilheyrir álitur það sjálfsagðan hlut að gabba þig ef hún getur. Fyrir Íslending er þetta óhugsandi. Þær hugsanir sem hafa mótað okkar gildismat eru meitlaðar í stein. Þú átt ekki að stela eða svíkja eða ljúga.



Nú gæti farið skakkt með heiti þjóðarinnar því ég var þarna á ferð mjög stuttlega. Það verið þjóðin fyrir austan Yoruba eða vestan. Það skiptir ekki öllu máli. Ég er með öðrum orðum ekki nauðsynlega að tala um Yoruba þjóðina heldur einhverja aðra þjóð en okkar.

Þar er fólk alið upp við það í systkinahóp, svo við tökum dæmi, að plata hvert annað og reyna að hafa eitthvað af hvort öðru. Þetta þykir þeim hinn sjálfsagðasti hlutur. Þeim finnst því að ef þú lætur ítrekað plata þig að þú sért fáviti og eigir þá ekki betra skilið en að vera plataður.

Það er áhugavert, í ljósi sögunnar þegar fólk segist fá tölvupósta, bréf, eða eitthvað þvíumlíkt frá Nígeríu með ýmsum lokkunar tilboðum að í Nígeríu búi bara þjófar og svikahrappar. Svo er ekki.

Nánast öll bréf af tagi blekkinga sem fólk talar um að hafa fengið frá Nígeríu eru frá þessari tilteknu þjóð sem hefur siðferði af öðru tagi en okkar. Þeirra hugsun er meitluð í sinn stein. Þeim finnst óhugsandi annað en að reyna að plata þig og það sé þá undir þér komið hvort þú sérð við því eða ekki. Sjáirðu ekki við platinu þá sértu fáviti sem átt skilið að vera plataður. Þetta er þeirra siðferði. Við höfum öðruvísi siðferði.

Ekki má gleyma að í Nígeríu búa minnst þrjár megin þjóðir sem hafa mismunandi tungu og mismunandi siðferði, auk þeirra búa allt að tvöhundruð og fimmtíu þjóðarbrot í landinu sem er sjöunda þéttbýlasta ríki jarðar.

Nú er ég ekki að segja það að Íslenska þjóðin hafi látið plata sig í rúm hundrað ár. Við á Íslandi höfum eina hugmynd sem er meitluð í stein. „Ég er frjáls maður í frjálsu landi.“ Við höfum líka aðra hugmynd sem er meitluð í stein. „Ég er sjálfstæður maður.“ Við höfum fjölda annarra gilda sem móta okkur sem þjóð.

Við erum vön því að sjá landið Ísland og þjóðina Íslendinga sem eina órofa heild. Við hefðum þó gott af að brjóta þá hugarmynd upp og spyrja sjálf okkur hvort sú mynd sé rétt. Ísland er eitt, þjóðin er annað, stjórnskipulag er enn eitt. Þetta þrennt eru aðskildar hugmyndir, misáþreifanlegar.



Nú er það inngreypt í hverja þjóð að ríki hlýtur að eiga sinn stað. Það er óhugsandi í huga okkar að steypa ríkinu og reyndar eru lög á Íslandi sem banna að því sé steyppt. Enda hefur enginn Íslendingur áhuga á því að steypa einu eða neinu úr stóli. Þeir sem vilja Endurreist Þjóðveldi er eina fólkið í heimi, raunar í allri heimssögunni, sem trúir að hægt sé að hafa tvö þjóðríki í landinu án landamæraskiptingar. Hugmyndin er vissulega djörf og líklega flestum óhugsandi, en hún er hugsanleg þó hún sé kannski óframkvæmanleg.

Við höfum það í arf frá forfeðrum okkar að geta hugsað skapandi og út fyrir rammann. Þeir þöldu ekki áþján í Noregi og Skandinavíu. Þeir þöldu ekki ofríki né heldur valdniðslu. Um leið og þeir fréttu af landi sem þeir gátu flutt til komu þeir sér í burtu. Við getum það líka ef hugarland getur verið jafn raunverulegt og fast land.

Rétt eins og frjáls maður verður aldrei kúgaður hafi hann staðfasta afstöðu, svo getur þú ekki kúgað mig til að samþykkja Lýðveldið því hjarta mitt og sál tilheyrir Þjóðveldi. Þetta er hornsteinn að endurreistu Þjóðveldi. Við komum okkur í burtu. Nema í þetta skiptið förum við ekki um borð í skip og siglum til annars lands heldur gerum við það með sniðgengi og óvirkum mótþróa – borgaralegri óhlýðni.

Við höfnum því ríkiskerfi sem beitir okkur valdniðslu, ofbeldi og fyrirlitningu. Við smíðum nýtt eða annað við hliðina á því. Við smíðum uppskriftina og mótum hana, saman á einum vettvangi, og við notum Þjóðveldishátíð á sumarsólstöðum til að viðhalda trú okkar á þau gildi sem móta vora þjóð. Allir sem tilheyra því gamla eru velkomnir í hið nýja. Allir með tölu.

Það er engum meinaður aðgangur í Þjóðveldi sem er af Íslenskri þjóð eða hefur Íslenska kennitölu. Svo er einnig um fyrirtæki þjóðarinnar. Það gildir það sama um alla. Þeir koma yfir með hreinan skjöld. Þeir koma yfir með eignir sínar og skilja skuldirnar eftir. Ef þú átt bíl eða íbúð eða aðrar eignir tekurðu það með. Ef þú átt fyrirtæki þá tekurðu það með. Þú skilur skuldirnar eftir, þær sem stofnaðar eru fyrir 10. desember 2012.



Þetta gerðu forfeðurnir. Þeir bjuggu í Noregi og þeir áttu eignir. Margir áttu risastórar jarðir og skuldbindingar. Þeir settu í bátana það sem þeir gátu tekið með sér og skildu hitt eftir. Þeir skildu skuldir sínar eftir og sigldu yfir úfið Atlantshafið.

Rétt eins og þegar fyrirtæki skiptir um kennitölu. Þú tekur með þer það sem það vilt að eiga og skilur skuldirnar eftir. Þetta er nákvæmlega sama fyrirbærið, þjóðarípróttin nýtt fyrir þjóðina alla.

Það sem gerir hugmyndina byltingarkennda er að við höfum vanist því að ekki megi hugsa svona. Þess vegna þarf þessi hugsun smá tíma til að gerjast. Við erum að binda nýja hugsun við gamla. „Ég er frjáls maður í frjálsu landi. Ég er sjálfstæður maður. Ég virði frelsi mitt meira en allt annað. Ég vil frekar vera fátækur og frjáls en ríkur þræll.“ Þetta er hin Íslenska þjóð sjáðu til.

Ég heyri oft skynsama menn og konur þræta um vafningshluti. Til dæmis er fólk vant þeirri hugsun, sem er meitluð af stein „ég þarf að borga mínar skuldir“! Þarna er hinni Íslensku þjóðarsál rétt lýst. Við viljum bera ábyrgð á okkar skuldum. Ég er sjálfur að borga af skuld sem ég hefði getað sniðgengið fyrir löngu því ég vil borga það sem ég skulda og vil ekki að hún falli á þann sem skrifaði uppá. Við erum ábyrgðarfullt fólk en stundum er nóg komið.

Við erum beitt valdníðslu af ríkiskerfi sem við í orði kveðnu eigum sjálf. Heimili fólks eru beinlínis rænd. Bankakerfið og Íslenska lýðveldið er í dag bókstaflega að ræna þitt heimili. Ég gæti þulið upp langan lista með dæmum um það hvernig verið að er að beita þjóðina hreinni og klárri valdníðslu. Ég þarf þess ekki, þú veist þín eigin dæmi.

Þegar ég lendi í vafningsþrætum þar sem fólk segir við mig: „Hvernig get ég farið skuldlaus yfir, hvernig get ég tekið eignirnar með, hvernig get ég gert þetta, hvernig get ég gert hitt?“ „Bíddu þetta gengur ekki, þetta er ekki hægt!“ Ég svara þessu ekki lengur. Í fyrstu skiptin þá svaraði ég þessu og flestum spurningunum er mjög auðsvarað. Flestar þeirra tilheyra samfélagi óttans sem heldur fólki í spennitreyju.



Ein setning kemur oft upp. „Hvað gerum við ef við missum traust erlendis varðandi lánalínur?“ Það er svo auðvelt að svara þessu. Lánalínur voru lífæð gömlu bankanna sem eru að ræna þig. Lánalínurnar eru opinn yfirdráttur sem bankar hafa í erlendum bönkum sem hjálpa þeim að viðhalda bólu. Þegar hrunið kom þá var spursmál fyrir þá að geta haft yfirdrátt, svo þeir myndu ekki kollvarpast. Íslenska fjölmiðlavélin og stjórnmálavélin sannfærði okkur um það að það væri lífsnauðsynlegt að bankarnir hefðu opnar yfirdráttarheimildir. Bólunni er enn viðhaldið en það er beitt þöggun, fjölmiðlar þegja um það enda hafa þeir áhuga á fleiru en sannleika.

Spurningar sem tilheyra spennitreyju fjöldans eru flesttar þvættingur. Hreinn og klár þvættingur. Ég ansa þeim ekki þegar þær eru notaðar til þess eins að búa til rifrildi eða réttlætingu til afstöðuleysis.

Þegar þáverandi forsætisráðherra, Geir Haarde, setti neyðarlögin svokölluðu, bjargaði hann bönkunum. Hann hefði getað bætt við einni klásúlu í þessi lög og stofnað Þjóðarbanka.

Með einni yfirlýsingu hefði hann getað fært allar inneignir Íslenskra launþega yfir með einu pennastriki. Enda eignaðist ríkið alla bankana, það gat í raun gert það sem það vildi fyrir hag almennings. Hann hefði getað getað opnað launareikning fyrir alla þjóðina eins og hún lagði sig og reiknings númerið verið kennitalan og þar með opnað launareikninga fyrir alla Íslendinga á einni nóttu. Engar flækjur, engir útúrsnúningar, engar réttlætingar, ekkert miðjumóð, og að sjálfsögðu átti að leyfa gjaldþrota einavinafyrirtækjum að fara á hausinn eins og önnur fyrirtæki.

Þar með hefði ekki skipt neinu máli eftir hrun hvort bankarnir féllu eða ekki. Því innistæðurnar okkar hefðu verið færðar yfir. Launin hefðu verið tryggð áfram í flæði. Seðlabankinn hefði getað tryggt að það yrði alltaf til mynt til þess að bakka þetta upp. Skítt með smá verðbólgu í smátíma. Og hefði þetta ógnað ESS samningi eða Evrópureglum hefðum við getað sagt honum upp. Þessi samningur leyfði bóluna!

Seðlabankinn viðheldur ótta okkar við verðbólgu og einhverjar skuggaskuldbingnar sem dular eru í faglegu orðagjálfri. Enginn venjulegur



Íslendingur hefur áhyggjur af verðbólgu. Það eru hagfræðingar Seðlabankans sem pissa í efnahagsvindinn sem hafa áhyggjur af verðbólgu.

Þetta er svo mikil Grýla að þetta er ekki einu sinni fyndið. Ég skal segja þér frá verðbólgu.

Þýskaland er undirstaðan í Evrópusambandinu og borgar 80% af kostnaði Evrópusambandsins. Þetta vita allir sem nenna að lesa. Íslendingar eru með meira læsi en nokkur önnur þjóð á jarðarkúlunni.

Árið 1919 hófst í Þýskalandi mesta óðaverðbólga sem nokkurn tíma hefur sést í mannkynssögunni. Þetta var rétt eftir fyrri heimsstyrjöldina. Fjórtán árum síðar, árið 1933, var hún búin. Henni var útrýmt á öðrum tíma.

Ég hef hvergi séð í Íslenska fjölmiðla eða hagfræðinga á ríkislaunum minnst á eða útskýra opinberlega hvernig Þjóðverjar útrýmdu sinni óðaverðbólgu. Þjóðverjar fengu líka óðaverðbólgu eftir síðari heimsstyrjöldina.

Óðaverðbólga kemur mjög oft upp í ríkjum sem tapa styrjöldum. Ég hef hvergi séð umfjöllun um Argentínumenn leystu þennan vanda eða hvernig Japanir leystu hann. Allt þjóðir sem glímdu um skeið við óðaverðbólgu og leystu hana á met tíma.

Það er ekkert mál að útrýma óðaverðbólgu. Aðeins þarf að skoða hvernig aðrir hafa gert það á met tíma. Það þarf ekki að gera það með verðtryggingu og stýrivöxtum sem tappa blóðinu úr þjóðinni. Þannig að ég ansa ekki þessum vafningsrökum og dóti. Ég vísa í menn sem hafa bent á þessa sömu hluti og útskýra þá betur en ég.

Ég segi bara eitt og aðeins eitt: „Hvers virði er þitt frelsi? Hvers virði er beint lýðræði? Hvers virði er það að vera sjálfstæði manneskja í sjálfstæðu ríki, sjálfstæð þjóð, þar sem fólk býr við raunlýðræði, þar sem stjórnvöld koma fram við þegna sína af virðingu?“



Hvers virði er virðing? Fólk dettur stundum ofan í þrætur á borð við „það má kosta svona mikið og ekki kosta svona mikið, það má kosta þessar fórnir en ekki aðrar fórnir!“ Hypjaðu þig! Frelsi kostar!

Ef þú stendur fyrir eitthvað þá þarftu að sýna það í verki. Þú getur ekki reiknað út frelsi, sjálfstæði og virðingu með reiknivél. Þegar Norskir jaxlar sigldu yfir hafið og breyttust í Íslendinga fórnauðu þeir einhverju. Þeir urðu frjálsir, sjálfstæðir, Íslendingar, svo rækilega að það er enn mark takandi á þeim, það er löngu gleymt hvað það kostaði.


Við erum í dag þrjúhundruðþúsund manna þorp en það er tekið mark á okkur sem þjóð. Það er ekki að ástæðulausu, því frelsi og sýn býr í brjóstum Íslendinga. Ég nenni ekki þrætuþekkingu við fólk sem að talar upp úr reiknivél eða ótta og bölsýni. Ég verðlegg ekki frelsi. En þú? Hvað kostar þú? Hver fær að kaupa þig?

Í dag eru allir Íslendingar á þessari fold eign bankanna. Hver einasti Íslendingur sem skuldar eitthvað í banka eða á greiðslukorti er eign bankanna. Hvað kostar þú? Hálf milljón? Milljón? Fimm milljónir? Þrjátíu milljónir? Hvað get ég fengið þitt frelsi fyrir háa upphæð? Sjötíu milljónir?

Hvað ef ég kaupi frelsið þitt fyrir sjötíu þúsund? Hvar eru mörkin þín? Ertu til í að vera þræll það sem eftir er ævinnar, til að bjarga fjögurra milljón króna skuld, eða átta milljón króna skuld? Eða eignast brot í lítilli íbúð á elliárum?

Ertu Íslendingur? Ertu sjálfstæður maður? Ertu sjálfstæð kona? Ertu frjáls einstaklingur í frjálsum landi? Trúirðu á eitthvað? 90% af Íslenskri þjóð er kristin, trúirðu á kristna trú? Jesús sagði á einum stað „hvers virði er að eignast öll auðæfi heimsins en glata sálu sinni!“

Hver ert þú um áttætt þegar þú lítur til baka og segir „ég stóð á tímamótum með þjóð minni, ég stóð með henni.“ Eða ætlar þú að vera í hinu genginu sem segir „ég stóð með bönkum og sýslumönnum þegar þeir stóðu við dyrnar hjá granna mínum að taka íbúðina því hann missti úr fáeinum afborganir vegna atvinnuleysis!“



Ég keypti einu sinni jeppa á tvær milljónir og tók lán fyrir honum. Ég var búinn að borga 55% af jeppanum þegar ég missti vinnuna og datt niður með örfáar afborganir. Jeppinn var allur tekinn. Ég skuldaði sjö hundruð þúsund af láninu þegar bóúð var að reikna allt upp en ég var búinn að borga ellefu hundruð þúsund. Lýsing sem átti lánið hirti þessar ellefu hundruð þúsund krónur. Það var löglegt?

Vilmundur heitinn Gylfason kallaði slíkt „löglegt en siðlaust“. Lýsing kemur í krafti laganna og segir „Guðjón þú skuldar mér sjöhundruð þúsund, ég tek af þér þessa milljón sem þú átt!“ Ég lít svo á að Lýsing hafi rænt af mér milljón því ég var tilbúinn að leita allra hugsanlegra leiða til að halda bílnum og klára að borga hann.

Ég hafði borgað af honum í fjögur ár og átti þrjú ár eftir. Ég keypti hann lítið keyrðan, og hugsaði vel um hann. Miðað við akstur var hann betur farinn en bílar sem voru minna keyrðir. Ég ætlaði mér að keyra þennan bíl í tíu ár og viðhélt honum þannig. Lýsing er í mínum augum hreinn og klár þjófur. Mér er alveg sama hvað lögin segja, þetta fyrirtæki er í mínum heimi ræningi.

Ég er frjáls Íslendingur í frjálsum landi. Mitt frelsi er ekki til sölu. Ég veit hvað ég stend fyrir. Ég stend fyrir skapandi, jákvæða og kraftmikla, hugsun. Ég stend fyrir náungakærleika, ég stend fyrir ábyrgð, ég ber ábyrgð á mér og mínum.

Ég stend fyrir að ég bý enn á Íslandi fjórum árum eftir að líf mitt hrundi hér. Ég hefði getað flutt erlendis og endurreist mitt líf þar á methraða. Ég er Íslendingur og bý á Íslandi. Ég ætla að búa áfram á Íslandi. Ég stend fyrir þetta. Ég trúi bókstaflega á land mitt og þjóð og ég stend með þessari trú.

En þú? Hvað kostar þú? Ertu frjáls Íslendingur? Ætlaðu að vera það áfram? Stendurðu fyrir eitthvað? Hefurðu afstöðu eða skoðanir? Ætlaðu að segja mér eitthvað upp úr reiknivél eða tölum í bók? Ætlaðu að éta þær?

Ísland skapaði mig og Íslensk gildi mótuðu mig. Ég set Ísland í fyrsta sæti. Hvað setur þú í fyrsta sæti?



19. Þjóðmál í hjólfari hugans

Það er ríkir sá vilji í minni sál að þegar Þjóðveldihátíð verður haldin mæti ég. Það er mín ósk og það er minn vilji að Þjóðhátíð Þjóðveldis verði haldin.


Margt fólk samtímans er fast í neikvæðni, vantrú á sjálft sig og eigin þjóð. Fast í gagnrýni, reiði og biturð. Nýlega lenti ég í samtali við mann sem að fokreiður út af nákvæmlega engu. Hann er reiðibolti. Kannastu við reiðibolta? Ef ekki er hlustað á hann eða hann skilur ekki það sem segir eða tekur ekki mark á rökum hans eða þá að þín rök eru sterkari verður hann bara reiður, reiður, reiður. Aðalatriðið er að vera reiður.

Ég skil þetta fólk því ég var þarna. Ég hef búið í veröld reiðinnar. Ég hef búið í veröld biturleikans. Ég hef verið í öfundskýkinni. Ég hef verið í vantrúnni, þrætugirninni, sjálfsvanmættinum, sjálfs-efa og vanvirðingu. Ég þekki þetta en ég fann „Ferli hins jákvæða vilja“ og vann mig út úr þessu.

Ástæðan fyrir að ég hóf að skrifa um Þjóðveldið og benda á þá leið er einföld. Við sem viljum vera frjálsir Íslendingar í frjálsu landi, við göngum út úr Lýðveldinu. Við löbbum bara í burtu frá reiði, öfundssýki, biturð, vanmætti og þrætugirni. Við löbbum bara í burtu og sniðgöngum. Lausnin er svo einföld að ég skil ekki hvers vegna aumasti sonur Íslands sá hana fyrstur.

Ástæðan fyrir því að Þjóðveldi er geranlegt er nákvæmlega sú sama fyrir þjóð eins og fyrir einstakling. Rétt eins og þegar ég gekk í burtu frá reiðinni fyrir fáeinum árum. Ég hætti að setja hana undir stól eða bæla og leyfði henni að vera til, viðurkenndi hana og að lokum sniðgekk hana. Þú getur bælt það sem þú vilt ekki viðurkenna og sniðgengið það sem þú viðurkennir. Þegar ég vann mig út úr reiðinni átti ég til að vera reiður dögum og jafnvel vikum saman út í ekkert. Þetta var partur af heilun og sú aðferð virkar.

Þegar þú ert reiðibolti en veist ekki af því verður þú reiður út í hvað hvað sem er. Þú lendir kannski í samræðum við einhvern sem skilur ekki þín sjónarmið. Hann er kannski löngu búinn að þau nema hann er að reyna að fá þig til að skilja sín.



Þér finnst hann þá ekki skilja þín. Þínu egói finnst það lítillækkað því hann er ekki að taka mark á Þess heilaga sjónarmiði og verður bara reitt.

Svo magnast reiðin og þú hamast við að koma þínu sjónarmiði á framfæri. Það verður að hringekju í hausnum. Hinn aðilinn er löngu búinn að ná þínu viðhorfi og segir ítrekað „ég skil þig en leyfðu mér að útskýra mitt“ en þú heyrir bara „ég tek ekki mark á þér.“ Þú heyrir ekki með rökum þegar þú ert reiður.

Ég sagði við reiðiboltann fyrrnefnda „hvers vegna erum við Íslendingar framúrskarandi“. Hann varð tjúllaður, ég hélt að hann ætlaði í mig um tíma. Eiginkonan sat við hlið hans. Hún var líka reið eða stóð með manninum sínum því hann var að rífast, eða hún er líka reiðibolti. Hann jós yfir mig skömmum fyrir að fullyrða að Íslendingar væru framúrskarandi.

Ég fékk ekki að komast að fyrir reiðiblaestrinum. Rétt í blálokin þegar hann var að strunsa í burtu náði ég að segja við hann „ég sagði ekki að Íslendingar væru framúrskarandi, ég spurði hvers vegna þeim finnst þeir vera framúrskarandi, hver er ástæðan fyrir að þeim finnst þetta, þetta var bara spurning, þetta er umræðugrundvöllur, eitthvað sem við getum rætt um.“

Fleiru kom ég ekki frá mér því gaurinn var rokinn í burtu í sinni heilögu reiði, sannfærður um að ég væri fáviti að finnst Íslendingar frábærir og sjá ekki hans sjónarmið að þeir séu það ekki. Í rauninni voru engin viðhorf rædd, enda komst bara reiðin að.

Hvað eru margir Íslendingar reiðir og bitrir? Fastir í þessu gamla, blindir á sjálfa sig, blindir á þjóðina, og vilja ekki sjá að við getum risið upp úr hjólfari hugans og uppgötvað og endurhannað eitthvað glænýtt og betra?

Þegar ég fór sjálfur leið innri umbreytingar tók það þrjú ár. Ég var svo heppinn að vera einhleypur á þeim tíma, er það reyndar ennþá. Þannig fékk ég næði til að hugsa og rifja upp, næði til að endurspegla sjálfan mig. Ég var svo ljónheppinn að ég átti á því tímabili frábæran vin sem var tilbúinn til þess að vera spegill fyrir mig.



Þegar ég hringdi í téðan vin og til að spjalla, og ræddi um hugsanir sem ég var að vinna með, leyfði hann mér það. Hann hlustaði á það sem ég hafði að segja, sem var oft æði flókið og gaf mér endurvarp sem hjálpaði mér að lyfta hugsunum mínum upp úr hjólfari hugans.

Góður vinur sem er fær um þetta er gulls ígildi. Maður eða kona sem er fær um að hlusta á það sem þú ert að segja, raunverulega heyra orðin þín og svara þeim – sérstaklega ef þú ert að reyna að sjá sjálfan þig utan frá – er gulls ígildi.

Þar fékk ég vogarafl til þess að lyfta hugarfáknum upp úr hjólfarinu. Hér kemur einmitt mergurinn málsins. Þegar ég nota orðið hjólfar hugans þá á ég ekki við að rúlla litlu dekki eftir hjólfari. Það gæti verið eldgamall Trabant eða lítill Volkswagen. Þetta gæti verið sætur og krúttlegur slyddujeppi. Þetta gæti verið torfæru tryllitæki. Þetta gæti verið skriðdreki. Þetta gæti verið risastórt tryllitæki á stærð við hús. Hvernig sérðu sjálfa(n) þig?

Nú hentar mér þessi líking því ég hef áhuga á fjórhjóladrifnum ökutækjum. Þú gætir séð fyrir þér eitthvað annað. Hvert sem hjólfarið eða farartækið er þá gerist eitthvað nýtt þegar þú lyftir þér upp úr hjólfari vanabundinna viðbragða og formótaðra hugsana. Það gerist sköpun og þú lærir að sjá veröldina í víðara samhengi, um leið opnast þér nýjar lausnir og leiðir. Þetta er vel þekkt í allri hugrækt og er grundvöllur allrar menntunar.

Hjólfarið hjúpar vana í hugsun og viðhorfum. Ég er vanur að reiðast við ákveðnar aðstæður. Ég er vanur að vera öfundssjúkur við aðrar. Ég er vanur því að fyllast vanmætti við ákveðnar aðstæður. Hugsanaferlar koma upp við ákveðnar aðstæður og það er eðlilegt. Rétt eins og þegar maður er svangur þá er eðlilegt að hugsa „ég ætla að fá mér að borða.“ Þetta er hugsanaferill sem er mjög eðlilegur. Svo eftir matinn hugsar maður með sér að líklega hefði mátt fá sér eitthvað hollara, en meðan þú ert í hjólfarinu þá hugsarðu ekki út fyrir það.

Svo gerist eitthvað sem fær mann til að hugsa út fyrir hjólfarið og maður veltir fyrir sér öðrum sjónarmiðum. Til að mynda hvort til sé eitthvað annað sem borða má í skyndi þegar maður er svangur, og svo prófar maður. Eftir það er ekki aftur



snúið. Maður sækir í að borða eitthvað nýtt af því að það er svo gott, maður er frjáls úr hjólfarinu og skilur ekki hvers vegna það gerðist ekki fyrr!

Eitt sinn þegar ég ungur maður vorum við tveir félagar að undirbúa að fara út á lífið að skemmta okkur. Við ákváðum að fá okkur að borða fyrst. Félaginn er áhugamaður um matargerð og vildi að við elduðum. Svo við skruppum í verslun, keyptum okkur eitthvað til að elda. Félaginn sá um eldamennskuna og eldaði eitthvað með ólífum. Þvílíkur viðbjóður!

Ég þverneitaði að smakka ólífur. Það sem færi á minn disk skyldi vera ólífulaust. „Smakkaðu eina, smakkaðu hálfa. Smakkaðu fjórðung. Þá veistu hvernig hún er á bragðið.“ Ég smakkaði og þvílíkt ógeð! Ég skyldi aldrei aftur smakka þetta.

Það leið ekki á löngu að ég smakkaði aftur ólífur og vissi hverju eiga mátti von á. Ólífur eru mjög góðar og það er alltaf til ólífulóla á mínu heimili. Það er eina matarolían sem ég nota við eldamennsku. Ég elska ólífuolíu, mér finnst hún æðisleg!

Þetta er það sem ég á við með hjólfari hugans. Segjum að nú sé kvöldstund og mér leiðist. Ég nenni ekki út að hitta neinn, nenni ekki að hringja í neinn en mér leiðist. Hvað geri ég? Nú sjónvarpið auðvitað.

Það eru margar rásir í boði og auðvelt að flakka á milli þeirra þangað til eitthvað finnst til að horfa á. Efnið þarf ekki að vera skemmtilegt, bara minna leiðinlegt en annað sem í boði er. Svo má niðurhalda einhverju eða horfa á gamalt í heimilissafninu og horfi á eitthvað skemmtilegt.

Ég valdi eitt sinn að slökkva á sjónvarpstækinu mínu í fjóra mánuði. Sjónvarpstæki eru frábær uppfynning, líklega með því sniðugasta sem vísindin hafa fundið upp. Það er hægt að senda hljóð og mynd í loftinu, ósýnilega. Það er hægt að taka á móti því í viðnámstæki og framkalla það upp á nýtt. Þetta er snilld! Heimurinn snarminnkaði, þekking er orðin lifandi á veggnum í stofunni þinni, nú eða afþreying.

Það gæti einhver verið í frumskógum Afríku að taka mynd af górilla apa að hreinsa á sér feldinn og ég sé það í lifandi útsendingu, hinum megin á hnettinum



í rauntíma. Þvílíkt snilld! Eða bíómyndir. Að geta sett saman sögu og gætt hana lífi með ímyndum og hljóðum og litum og hreyfingu og setningum og tónlist.


Þetta er frábært listform til að miðla hverju sem er og það er notað af krafti. Það er ekki að ástæðulausu að hljóðmynd er öflugasti iðnaður veraldar í dag. Það er slegist um yfirráð yfir honum þó það sjáist ekki á yfirborðinu. Þessi miðill er notaður til að hafa áhrif á það hvernig við hugsum, hvernig við eyðum peningunum okkar og veljum afstöðu í stjórnmálum og svo framvegis. Það eru mjög alvarleg fræði sem rannsaka hvernig megi móta afstöðu fólks í gegnum þennan miðil án þess að fólk veiti móttþróa.

Það eru vísindi í ákveðnum háskólum þar sem kennt er hvernig megi nota sjónvarpið sem áróðursvél. Þá er ég ekki bara að tala um mótun fréttæfnis heldur einnig afþreyingarefni. Fólk sem lærir djúpt um miðlun, lærir hvernig hægt er að nota afþreyingarefni til að hafa áhrif á hugsun og skoðanir. Við trúum því hvert og eitt að við látum ekki móta afstöðu okkar en þetta síjast inn og það er auðvelt að sanna það.

Sjónvarpið var að komast á legg upp úr 1950. Þjóðverjar höfðu notað sjónvarp í mörg ár fyrir og í stríðinu til að hafa áhrif hvernig hinn almenni borgari Þýskalands sæi stjórnvöld og stríðið. Nasistar voru gagnert að vinna í þróun sjónvarpstækja til að móta afstöðu fólks. Þeir vildu nota það sem stjórnþæki til að hvetja fólk til að taka rétta afstöðu. Helst án þess án þess að fólk fattaði það sjálft. Þessi vísindi eru enn sprellifandi en nútíma fjölmiðlun kærir sig ekki um að hinn almenni borgari sniðgangi þetta tól svo þetta er ekki rætt.

Margir sérfræðingar á þessu sviði hlæja að fólk, því ekki bara að fólk sé móttækilegt fyrir heilabættinum, það vill hann. Reyndu að fara í heimsókn til fjögurra manna fjölskyldu og fá þau til að slökkva á sjónvarpinu og spjalla: Það kemur ekki til greina að slökkva á sjónvarpinu.

Ég valdi fyrir áratugum síðan að hafa puttann á takkanum. Ég vel mitt sjónvarpsefni sjálfur með gagnvirkum hætti og er gagnrýnninn á það sjónvarpsefni sem fer inn í hausinn á mér.



Ef setið er að meðaltali fjóra tíma á kvöldi, hvað eru það margir dagar á einu ári? Hvers virði er það að sitja í sófa og láta hugsun annarra vaða inn í hausinn á sér? Hvernig er að láta mata sig á hugsun og ímyndum annarra ár eftir ár? Verður heilinn maríneraður eftir annarra hugsun, kannski fólks sem er að reyna að móta hugsun þína?

„Ég á minn þennan haus sjálfur, ég á mitt líf sjálfur, ég á mína afstöðu sjálfur, ég vel að láta mér leiðast á kvöldin frekar en mötunarmótun“

Ég nota bókasafnið og les bækur. Þegar mér leiðist fer ég í bókasafnshilluna og fæ mér bók. Stundum afþreyingarbækur, stundum menningarlegra efni. Eftir því sem tíminn leið hætti mér að leiðast í kyrrð.

Ég uppgötvaði að smám saman leiddist mér sjaldnar. Stundum settist ég bara í sófann minn og horfði út um gluggann eða settist við eldhúsborðið og teiknaði. Ég varð aktívari í að gera hluti. Ég fer oftast út að ganga og hreyfi mig meira. Fyrst fannst mér það leiðinlegt. Í dag finnst mér sjónvarpsefni leiðinlegt, því það skyggir á ríkan hugann.

Smám saman fór ég að skilja að hjólfar hugans sem hafði haldið huga mínum í heljargreipum var að liðkast til. Ég fór að uppgötva að í kyrrðinni fann ég margar af mínum fallegustu og skemmtilegustu hugsunum. Mínar eigin hugsanir urðu mitt eigið afþreyingarefni.

Ef þú forðast kyrrðina og forðast að láta þér leiðast þá missirðu af þínu besta afþreyingarefni sem á upptök sín í þinni eigin hugsun, eigin frjóu hugsun. Þetta er lykilorð. Því hugsun þín er miklu frjórri en þú hjólfarið hefur leyft þér að sjá. Spurðu fleiri sem ekki hafa sjónvarp og þeir munu segja þér þetta sama.

Mín eigin frjóa hugsun er komin í gang. Þetta er mergurinn málsins. Það gæti tekið smátíma að kveikja á henni aftur, en við áttum hana sem börn. Hún kveikir á sér sjálf en fyrst þarf að ganga inn í kyrrðina og leyfa leiðindunum að láta þér leiðast meðan innri kyrrð yfirtekur líf þitt. Fyrst þarf að faðma leiðindin og dansa með þeim, leyfa þeim að vera til.



Ekkert ósvipað og byrjandi á dansnámskeiði. Í fyrstu ertu eins og símastaur og þú þarft námskeið eftir námskeið til að ná nokkrum skrefum og læra að telja í taktinn. Þú æfir þig og dansar við betri dansara og stundum slæma. Svo allt í einu ertu farinn að dansa. Það er vinna að koma sér í form en þegar þú ert kominn breytist streðið í skemmtun.

Þannig er hin frjóa hugsun að hún losnar úr hjólfari og uppskriftum. Sjóndeildin stækkar og möguleikarnir með. Þannig uppgötvast sköpunargáfan.

Þegar þú ferð út með hundinn ertu ekki bara að labba út þessa götu, beygja til vinstri, út þarna og aftur heim. Þú ert ekki endilega að strunsa frá A til B. Þú ert líka úti í góða veðrinu, án stefnu, leyfir hugsunum að fljóta í huganum. Hundurinn þefar af lykt hér og þar. Hann tékkar á því hvar hundar hafa skilið eftir lyktarspor. Þetta er heilt hundasamfélag í hverfinu án þess að þú vitir af því. Þeir hittast aldrei en þeir þekkja lyktina hver af öðrum.

„Út með hundinn“ breytist þannig hæglega í hljóða og notalega útivist. Þú ert bara úti að dunda og hugsa. Þegar þú kemur inn aftur ertu hefurðu kannski komist að niðurstöðu í máli eða fundið innri kyrrð.

Hið eilífa suð er ónæði hugsunar og mótar hugarfarvegi sem við oft tökum ekki eftir. Þetta er viðhorf er afdráttarlaust í „Ferli hins jákvæða vilja.“ Hún gengur út á að yfirgefa heim afþreyingar eða suði nútímans, sem kallast á ensku „chatterbox of modern times.“ Þetta er því vitundarástand.

Þú lifir í stöðugu ónæði: Drífa sig á lappir, drífa krakkana í skólann, hamast í vinnunni, bregðast við athugasemdum, sinna samskiptum, koma sér heim, skutla börnum í afþreyingu, tónskóla eða eitthvað annað, koma við í búðinni, eiga samskipti við maka og fjölskyldu eða þurfa að sinna félagsmálum, sækja í við vini, athuga hvað er í sjónvarpinu, kannski eru fleiri sjónvörp á heimilinu.

Stöðugt ónæði þrengir að hugsun og hvetur hana til viðbragðsástands sem fjarlægir þig frá því vitundarástandi sem þú kannski vildir frekar en kannt ekki að finna. Þú færð ekki rými til að hugsa til enda en tekur samt afstöðu allan tímann án þess að sjá að afstöður þínar byggjast á hjólfari. Þú hefur enga ástæðu til að



gagnrýna vanabundna hugsunum þína og þær og spyrja „er þetta sú manneskja sem ég vil vera?“

Fólk finnur vissa andlega þreytu í þessum slag. Þetta er ekkert annað en slagur og áreysi. Það segir „hlutirnir ættu ekki að vera svona, það vantar eitthvað.“ Það eru kannski atriði undir yfirborði sálar þinnar sem þú ert ekki mjög meðvitaður um. Hins vegar er hraðinn of mikill til þess að finna niðurstöðu. Kannski þarf að þrifa hérna eða mála þarna og sinna hinu. Það þarf að skipta um bíl eða kannski að finna nýja vinnu. Kannski hreinlega að skilja við makann því það er svo mikið vesen í samskiptum okkar.

Það er svo auðvelt að leysa ytri aðstæður en óljóst hverjar innri aðstæður eru. Um leið og þú dettur inn í kyrrð finnurðu innri óþægindi og ef þú hefur ekki þann vana að eiga kljást við þau muntu koma þér út úr þeim og yfir í afþreyingu. Kveikja á útvarpinu, kveikja á tónlist, kveikja á sjónvarpinu, skreppa í bíltúr, fá sér ís, eiga samskipti við börnin, eiga samskipti við maka, eiga samskipti. Maður fer út úr innri ókyrrð og yfir í skemmtilegra áreiti sem slævir innri ókyrrð.

Því meira ytra áreiti sem þú hefur, því meira slævist næmi á þitt eigið sjálf og eigin innri ókyrrð og um leið missir þú af tækifæri til að kynnast innri kyrrð. Allir sem fara í sálkönnun, sálfræðimeðferð, tólf spora kerfið, sjálfs hjálpar þerapiur af einhverju tagi hvort heldur í einrúmi eða með hjálp bóka eða þá í hópvinnu, finna að þegar þú byrjar eigin innri sálkönnun kynnistu fyrst óþægindum. Með því að staldra við í stað þess að flýja af hólmi eyðast þessi innri óþægindi og þú uppgötvar innri kyrrð.

Þetta er ástæðan fyrir því að fólk er myrkfælið. Þegar þú ert einn í myrkri, inni í húsi eða úti í náttúru, og ímyndar þér skugga, framliðið fólk eða einhverja ára. Þá eru þessar neikvæðu ímyndir sem skelfa þig sprotnar frá eigin innri ókyrrð. Þegar þú hefur horfst í augu við þessa skugga breytast þeir í ljós og verða englar, álfar og annað gott. Allt sprettur þetta að innan og eru gleymdar og óafgreiddar vanlíðanir sem ímyndunarafli þitt bregður upp eins og skyggusýning á vegg.

Þetta er ástæðan fyrir því að margir sjá einmitt skrattann í hverju horni. Hann er þá ytri formbirting á eigin innri ókyrrðar. Þetta er líka ástæðan fyrir því þegar við



sjáum fyrst það versta í fari annarra. Yfirleitt þegar við verðum reið og dómhörð í garð annarra er það vegna þess við erum reið og dómhörð í garð okkar eigin sálar, óæskilegra afkima í eigin sál sem við erum ekki fær um að afgreiða.

Þegar þú gengur inn í kyrrð kemur þetta allt saman upp. Það þarf sterka afstöðu og viljastyrk – Ferli hins jákvæða vilja – til að horfast í augu við ára sinnar eigin sálar (Demons of your own soul). Þeir sem fara þennan veg breyta afstöðu sinni í styrk.

Svipað og þú sért á gangi einhvers staðar og mætir skrattanum sjálfum. Horfistu beint í augu við hann og þú starfir hann niður ræktar þú viljastyrka og jákvæða innri kyrrð. Vilji þess jákvæða og hugrakka er ávallt sterkari en vilji þess neikvæða.


20. Þjóðveldiskrafturinn

Ég hef verið að hlusta á útvarpið og heyra þar góða hluti. Gott fólk að segja frá ýmsu varðandi ástandið í samfélaginu. Nýlega heyrði ég skemmtilega samsetningu Ómars Ragnarssonar varðandi samanburð 2007 við 1947. Skemmtilegt erindi og góðar athugasemdir.

Hann nefndi að stór fyrirtæki og alþjóðlegar stofnanir séu að semja og skoða hluti í dag og séu að undirbúa jarðvegin fyrir hvað þeir geti gert þegar kreppunni ljúki. Ég ætla þó ekki að rekja hér þessa hugmyndina eða hina.

Í þeirri Þjóðveldis umræðu sem ég er stofna til skiptir engu máli hvort við eigum að reisa fleiri álver og verksmiðjur eða hlúa að ferðaiðnaði eða hvort við ættum að kjósa forseta áfram eins og verið. Hvort við ættum að leggja niður forsætisráðherrann og láta forseta koma með tillögur að ríkisstjórn sem valin verði af kjósendum svo Alþingi og ríkisstjórn væru aðskilin. Fullt af góðum hugmyndum eru til hjá mörgu fólki.

Kjarninn í mínum málflutningi er að hin Íslenska þjóð á að ráða þessu og að hún þurfi virkan umræðugrundvöll. Þetta tvennt hefur hún ekki í dag.



Ég geri mér ljóst það sem að margir óttast. Íslenska þjóðin er von því að fá málamyndalýðræði. Von því að fá aðeins eitt atkvæði á fjögurra ára fresti, þar sem kosið er um fyrirfram tilbúna valkosti. Við erum heilaþvegin áratugum saman þess efnis að okkur sé ekki treystandi til að taka ákvarðanir.

Því kemur hér eitt sjónarmið sem vegur mikils og er rétt. Okkur hættir til að taka ákvörðun til í kosningum eða skoðanakönnunum eftir tilfinningaástandi líðandi stundar, ekki við sem einstaklingar heldur við sem lýður. Þetta er sama fyrirbæri og lýðskrumarar spila á. Ítalir og Þjóðverjar voru eðlileg fórnarlömb lýðskrumara um 1930 því lýðskrum var þá óþekkt í mannkynssögunni en það er vissulega enn notað af valdafólki.

Ég trúi því að upplýst og menntuð þjóð eins og Íslendingar samtímans sé fær um ábyrga afstöðu, fái hún að sýna það í verki. Hún er vel fær um málefnalega umræðu þar sem sjónarmið og einstaklingar hafa á rödd og virk atkvæði, enda fann hún það upp á Þjóðveldisöld. Hún ætti að geta sýnt það fjórum sinnum á ári ef hún kys að nota það. Slík þjóð verður ekki ginnkeypt með lýðskrumi. Því hver einasti einstaklingur fengi þar að vaxa undir ábyrgð, sýna hvað í honum býr og virkja þann sköpunarkraft og andlega sýn sem býr með okkar þjóð. Með þjóðinni þinni. Með þjóðinni sem fæddi þig. Ég trúi á hana enda trúi ég á sjálfan mig.

Það hvarflar ekki að mér að lítillækka þjóðina, gagnrýna hana eða draga niður á vont svið þangað sem hún gæti dregið mig með. Sumt þarf ekki að útskýra nánar. Okkar þjóð er ein sú greindasta og hreinsýnasta sem jarðarkringluna hefur byggt síðustu tólfhundruð ár.

Það er oft talað um að við þurfum að fá hin og þessi tækifæri. Oft er þess beðið að stjórnvöld geri eitthvað nýtt í atvinnumálum. Það er beðið þess að lífeyrissjóðir geri eitthvað í fjárfestingum. Það er beðið erlendrar fjárfestingar í formi verksmiðja eða virkjana.

Við eigum ekki að bíða. Við eigum að gera þetta sjálf!

Ef við viljum álver getum við sjálf. Við gætum búið til fjögur álver og selt álið og orðið rík á því sjálf. Við gætum byggt upp framleiðslulínur sem nýta álið. Við



gætum gert kísilverksmiðjur og þróað ferðaiðnað á mun ferskari veg en gert hefur verið. Við getum búið til hátækniðnað rétt eins og Finnar gerðu. Við getum þetta allt saman sjálf.

Það eina sem við þurfum er að virkja vinnuafli og hugviti okkar þjóðar. Við þurfum ekki erlent fjármagn til þess að borga brúsann, enda vill það fjármagn fara aftur úr landi með vöxtum.


Við höfum allar mannauðslindir sem við þurfum hér innanlands til að gera hvað sem við viljum, en í dag höfum við ekki kraft til þess því lýðveldið og spilling mergsýgur okkur. Það eina sem við þurfum að gera er að líta á hið opinbera sem eins konar fyrirtæki í rekstri og færa valdið yfir hugviti þjóðarinnar til þjóðarinnar.

Fjöldi stórfyrirtækja erlendis telja fleiri starfsmenn á launum en heildar mannfjöldi okkar þjóðar. Með virku lýðræði, virkri þáttöku og virku hugviti Íslendinga blandað með sameiginlegri ábyrgð getum við reist hér magnaðasta þjóðarfyrirtæki í mannkynssögunni.

Japanir gerðu þetta eftir síðari heimsstyrjöldina. Þeir mössuðu rúmlega hundraðmilljón manna samfélag inn í svona fyrirbæri og byggðu upp eitt sterkasta efnahagslíf sem nokkru sinni hefur sést á jarðarkringlunni á met tíma. Þjóðverjar gerðu þetta. Getum við þetta ekki? Eða eigum við að fara á félagslega kerfið hjá Evrópusambandinu eða spenann hjá erlendri álfjórðfestingu?

21. Heimsveldi óttans

Heimsveldi óttans er eins og hjólfar hugans að maður situr fastur í því. Nú er það svo að það sem rekur mig áfram í Þjóðveldisbaráttu er ekki að ég vilji umbylta þjóðfélagi, þvert á móti. Sem heimspekingur og trúmálakverúlant hef ég engan áhuga á þáttöku á pólitískum vettvangi, þvert á móti. Mig langar því að segja þér kæri lesandi hvers vegna ég er svo fullur af orku í að fjalla um endurreist Þjóðveldi og kjarna Íslenskrar menningar.



Ég trúi á þjóðina mína. Ég trúi á þann sköpunarkraft sem býr með henni. Ég trúi á jákvæð viðhorf og þau sterku gildi sem þjóð okkar stendur fyrir. Ég fylgist með umræðunni, tek fólk tali og heyri mikið af skoðunum og fallegum hugsunum. Ég heyri mikið af góðum hlutum koma fram. Það er margt gott í gangi í hugarveröld okkar Íslendinga. Það er mikill kraftur í okkur en það virðist eins og allar dyr séu lokaðar.

Ég kannast við það úr andlegri hugrækt að þegar að maður ryður eigin neikvæðni og sjálfsvanmati til hliðar opnast fyrir mikinn sköpunarkraft og ríkara hugvit. Þegar maður hættir að trúa því að leiðir séu lokaðar og fer að leita nýrra leiða, þá virkjast mikill kraftur.

Partur af skapandi ferli er að maður lærir að sjá og heyra annað fólk á þann hátt sem það er samansett í raun. Þegar neikvæður maður gengur um, sér hann bara neikvætt og leiðinlegt fólk. Samanber hina frægu setningu „fólk er fífl“. Ég segi frekar „fólk er fyndið,“ enda er fólk fyndið þegar það er sofandi en dreymir að það sé vakandi.

Þegar þú hættir að sjá fólk sem fífl vegna þess að það sé á annarri skoðun og velur frekar að hlusta á eða skilja það ferðu að heyra að það er jafn vel gefið og þú, jafnvel betur. Ef þú leggur egóið til hliðar - „Ég verð að hafa rétt fyrir mér, ég verð að hafa síðasta orðið“ - og svo framvegis muntu leyfa öðrum að njóta sannmælis og þá fæðist málefnaleg umræða.

Þegar tveir menn koma saman og bera saman hvora sína skoðun fæðist sú þriðja. Þegar þú leitar þeirrar þriðju og ert sama um hver eigi hugmyndina, heldur velur að báðir aðilar sameinist um að afla góðri hugmynd fylgis og vinni aðhenni gerist kraftur sköpunar. Hann er það jákvæður að þú munt frekar velja þá bylgju en að standa uppi á hól með skilti og segja „hey, takið eftir mér.“

Þegar ég var að yfirgefa þunglyndi og nota „Ferli hins jákvæða vilja“ fór ég í gegnum svipaðan þroskaferil. Þó ég hafi fyrstur hafið máls á Endurreistu Þjóðveldi í þeirri útfærslu sem hún er kynnt á frelsisvilji.is gæti hún breyst í meðföllum þeirra sem bætast í hópinn. Því hef ég aldrei litið svo á að hugmyndin sé mín.



Hugmyndin er heldur ekki mín þó ákveðin útfærsla hennar komi frá mér. Hugmyndin að Þjóðveldinu og þeirri uppbyggingu sem ég fjalla um kemur frá fólki sem var uppi árið 900. Fyrir næstum tólf hundruð árum síðan notaði fólk þessa hugmynd til að stjórna Íslandi með árangri í þrjúhundruð og þrjátíu ár. Þar til fullveldi þjóðarinnar var afsalað til Noregskonungs eftir borgarastýrljöld sem var fjármögnuð af honum.

Sú umræða er aftur hafin, að afsala fullveldi þjóðar okkar til erlends ríkjasambands.

Það sem þó hefur angrað mig er eftirfarandi: Vil ég sjá Þjóðveldið fæðast ef það skaðar það efnahagslíf sem við höfum nú þegar? Vil ég sjá Þjóðveldið fæðast ef það skaðar þá pólitík sem ríkir á landinu? Vil ég sjá Þjóðveldið fæðast ef það skaðar það embættiskerfi sem við höfum byggt upp?

Það er svo mikil reiði í landinu gegn efnahagslífinu og sérstaklega bankakerfinu og kvótakerfinu. Það er svo mikil reiði í gangi og það eru svo margir sem ég ræði við sem einmitt vilja að þetta dót falli á hliðina. Það er líka mikil reiði í gangi meðal hins almenna manns gagnvart embættismanna kerfinu. Sérstaklega meðal fólks eins og mín sem hefur unnið þar og veit hvernig vinnubrögðin eru þar.

Það er sérstaklega mikil reiði meðal Íslendinga gegn flokkakerfinu og nefndakerfinu. Það setur að mér ugg því Þjóðveldið má ekki grundvallast á reiði. Það má á ekki snúast um að skemma og eyðileggja, heldur byggja upp og styrkja.

Endurreist Þjóðveldi snýst um að frjáls og sjálfstæður Íslendingur yfirgefur misheppnaða tilraun „Íslenska lýðveldisins“ og endurreisir nýtt. Í stað þess að eyða orku í að laga gamalt sem vill ekki breytast endurreisum við eitthvað nýtt. Eitthvað sem er fyrnasterkt og byggt á gömlum þrautreyndum grunni.

Ég er hefu komist að þeirri niðurstöðu að við skulum leita leiða til að leyfa hinu góða viðhalda sér, komið yfir og taka þátt í endurbyggingu með sama krafti og við ætlum að endurbyggja okkar kjarnmikla samfélag.

Það er ekki bara hinn almenni maður sem vill fá virkt lýðræði, heldur allt Ísland sem þráir sinni eigin umbreytinga- og endursköpunarkraft. Það vill laugast af



spillingu og þöggun á réttlæti. Það vill fleygja því sem er okkur til trafala og vansa og taka þátt í endursköpun innar frjálsu þjóðarsálar, okkar helgasta vættar sem er fjallkonan sjálf, sú sem sameinar alla vætti landsins.

Þetta er mergurinn málsins. Ég vil ekki byltingu heldur umbreytingu. Ég vil ekki að fólk berist á banaspjótum og berjist. Ég vil að fólk taki höndum saman, fleygi því sem við þurfum ekki, varðveiti það sem er einhvers virði, og endurbyggjum. Njótum þess sköpunarkrafts og þeirrar andlegu sýnar sem í arfleifð okkar býr.

Það er sagt að Íslendingar kunni ekki samstöðu en þeir hafa sjaldan haft tækifæri til samstöðu! Þú, Íslendingur góður, getur staðið með næsta Íslendingi í nákvæmlega þessari hugsjón, að endurskapa og endurmóta það Ísland sem þú vilt sjá og vilt búa í, á met tíma.

Sumir standa gegn Þjóðveldi því þeir eiga fjármagn eða völd. Við finnum því leið til að sýna þessum aðilum að þeir hafi hag af því að taka þátt í Þjóðveldi. Ég vil reyna að útskýra betur hvað ég á við. Segjum að valdamikill maður eigi milljarð og óttast að missa milljarðinn sinn, nema hann stöðvi Endurreist Þjóðveldi með einhverjum ráðum.

Þjóðveldishugsjónin verður aldrei stöðvuð, hún er komin af stað, endurreist eftir áttahundruð ára kúgun. Það bætist í Þjóðveldishópinn á hverjum degi. Þetta er hugsjón sem snertir hjörtu Íslendinga, þeirra frelsis og sjálfstæðisþrá. Hún byggir á svo gömlum meiði að hvarvetna segir fólk „já, ég verð með!“ Ég er að sjá fólk sem hefur aldrei viljað ræða þjóðmál afla daglegra fréttu. „Hvað er að fréttu af Þjóðveldisumræðunni, ég vil vera með, ég vil taka þátt.“

Ég segi við þennan mann sem á milljarð: „Komdu með! Leggðu þitt lóð á vogarskálarnar. Þú getur líka tekið þínar eignir yfir og afskrifað þínar skuldirnar. Þú getur tekið þátt í að fá þjóðina sem í dag virkjar aðeins 10% af getu sinni, til að virkja alla sína getu, jafnvel nífalda hana! Við getum orðið andlegt heimsveldi á þessari plántu á örfáum árum.“

Hvernig getur Ísland orðið andlegt heimsveldi? Hvaða bull er það?



22. Íslendingar eru andlegt fólk

Íslendingar eru þannig í frumgerð og hafa sýnt með lífshlaupi þjóðarinnar, að þegar þeim stendur ekki á sama láta þeir í sér heyra. Þeir eru þannig týpur að þeir vita að engu skiptir hvort þú mótmælir eins og gert er í útlöndum. Þeir hafa litla trú á slíku.


Andlega sinnað fólk veit að það skiptir engu máli í tímans rás hvort við eigum konung eða forseta, hvort við höfum vinstri eða hægri stjórn. Við vitum að vinstri stjórn fær völd í smátíma og rústar efnahagi fjölskyldna. Síðan fáum við hægri stjórn í lengri tíma þar til við gleymum hvernig vinstri stjórnin var.

Við þekkjum gang sögunnar. Við vitum að „þetta reddast“ allt saman. Við vitum að það sem máli skiptir er það sem í brjósti þér býr. Það er furðulegt með okkur Íslendinga, við vitum margt sem ekki er hafandi orð á og útlendingar eiga erfitt með að skilja.

Ég hef rætt við fanga sem að mati samfélagsins eru dreggjarnar. Jafnvel þeir vita að þú ert í lífshlaupi til að fókusa á andlegan þroska og að þú tekur hann með þér eitthvað annað, en um leið má enginn segja öðrum hvað þessi andlega sýn snýst um því hver og einn á sína eigin trú í eigin brjósti og að hún er hans einkamál. Þeir vita að það skiptir máli að standa með því sem þú trúir á, að dugandi menn bíta á jaxlinn og þrauka. Hvert svo sem siðferði þitt er þá veistu þessa hluti, því þú ert Íslendingur!

Andleg þekking býr í brjóstum okkar allra. Því var frétt næmt að Búsáholdabyltingin átti sér stað. Slíkt er fáheyrt í Íslenskri sögu að fólk arki þúsundum saman á Austurvöll með kröfur. Það eru áratugir síðan svipað hefur gerst en þá var það vegna inngöngu okkar í Nató sem var stór ákvörðun sem lýðveldið neitaði þjóð sinni um að velja sjálf.

Meirihluti þjóðar okkar vill ekki að við séum í hernaðarbandalagi. Hún veit nákvæmlega hvers vegna hún vill ekki her. Þjóðin upp til hópa skyrpir yfir að Íslenska lýðveldið lýsti yfir stríði við Írak. Fólk fyrirlytur þá menn sem gerðu þetta í óþökk þjóðar sinnar.



Það er almennt litið svo á meðal okkar þjóðar að tveir menn beri ábyrgð á þessari stríðsyfirlýsingu lýðveldisins. Andlega sinnaður Íslendingur fyrir lítur þessa stríðsyfirlýsingu og flestir Íslendingar vita að þetta var gert til að halda hernum lengur, til þess að geta mjólkað aðeins meiri pening út úr Kananum, eins og ódýr hóra.

Íslendingar elska að mjólka peninga út úr aðstæðum sínum ef þeir geta. Við viljum græða og erum stolt af því. Við erum synir og dætur víkinga. Menn eru ekki reiðir út í útrásarvíkinga fyrir að fara út í heim til að græða. Menn eru reiðir út í að þeir hafi brennt bakgarðinn sinn, bakgarðinn okkar. Við vitum hvað skiptir máli hérna heima.

Farðu út í heim og gerðu það sem þér sýnist, en ekki skemma bakgarð þjóðar þinnar. Ekki menga heimdragann. Við vitum hvað skiptir máli.

Innblástur orða minna snýst um að ég heyri fólk oft segja „Íslendingar standa aldrei saman.“ Ég hef heyrt fólk segja „Þjóðveldið er góð hugmynd en þú færð enga Íslendinga til að koma og standa saman í þessu.“

„Það er allt í lagi“ segi ég. Það er ekki að ástæðulausu að Íslendingar hafa sýnt litla samstöðu frá 1264 þegar Noregskonungur rændi af okkur Þjóðveldinu í lok Sturlunga aldar.

Íslendingar sýna ekki samstöðu fyrir hvað sem er. Þeir vita hvað skiptir máli og þeir vita hvernig þetta reddast. Hinn andlega sinnaði Íslendingur er ekki tilbúinn til að standa upp úr stofunni og fara á vettvang og berjast fyrir málstað nema hann sé verulega mikils virði.

Við sýndum algjöra samstöðu þegar við yfirgáfum Noreg til að byggja Ísland fyrir tólf hundruð árum. Við höfum ekki þurft mikla samstöðu síðan. Þegar við kusum stjórnarskrá „Íslenska lýðveldisins“ árið 1944 var samstaða vegna þess að um var að ræða eitthvað sem skipti verulegu máli. Eins var rík samstaðan í Þorskastríðunum, Vestmannaeyjagösinu, snjóflóðunum og í hvert sinn sem Íslendingur er veikur erlendis og þarf að komast heim eða þarf í erfiða aðgerð. Manstu þegar þjóðin keypti fiðlu því hún þótti skipta máli?



Þegar málefnið er mikils virði sýna Íslendingar samstöðu. Þetta þarf ekki að ræða frekar. Íslenska þjóðin stjórnast ekki af skoðunum heldur afstöðu, þetta veit hver Íslendingur.

Það verður því að koma í ljós hvort Þjóðveldi skipti Íslendinga máli eða ekki. Ég veit hvernig þjóðin hugsar. Þessi hugmynd er farin af stað meðal fólks en hún ferðast hægt. Hún mun gerjast um tíma og það skiptir engu hvort Þjóðveldi rísi næsta júní eða þarnaæsta júní eða einhvern annan júní.

Það er búið að setja upp tóninn. Það verður haldin Þjóðveldishátíð á sumarsólstöðum í júní og árlega upp frá því. Þegar þetta er ritað hafa flestir meðlimir Þjóðveldisfélagsins boðað forföll vegna sumarfría, ferðalaga eða annarra einkamála. Allt útlit er fyrir að við verðum innan við tíu sumarið 2013. Það skiptir mig engu hve margir mæta. Það skiptir mig máli að sjá með eigin augum hve margir elska Ísland í verki, magn ku ekki gæði.

Einn daginn verður Þjóðveldishátíðin fjölmenn og endurreist Þjóðveldi verður að veruleika. Þjóðveldið hefur beðið í áttahundruð ár, hverju skiptir smátími til viðbótar? Þetta er bara þannig. Þetta kemur.

Það er þannig með okkur Íslendinga. Ef hinum almenna Íslendingi finnst málstaður vera einhvers virði þá myndast samstaða. Það er mergurinn málsins. Íslendingar sýna alltaf samstöðu með því sem skiptir þá máli.

Íslendingar vita hvað skiptir máli og þeir sýna alltaf samstöðu um það. Þeir sýna ekki samstöðu með hvaða hugmynd sem er bara af því að hún hljómi vel en allar hugmyndir eru ræddar og skeggræddar á Íslandi og yfirleitt málefnalega.

23. Jafnrétti, heilbrigðismál og menntun

Þjóðveldið á Þjóðveldisöld var jafnréttissinnað. Kannski ekki á sama hátt og nútímafólk því tímarnir hafa breyst. Þá var til fjöldi kvenna um allt land sem voru ógiftar og áttu eigin bú. Það voru til landnámskonur sem áttu eigin bú, höfðu mannaforráð og þótti sjálfsagt mál. Á þeim tíma máttu konur skilja við menn sína eftir ákveðnum reglum.



Þegar Kaþólska kirkjan kom árið 1000 leið örskammur tími og þá afmáði kirkjan þennan rétt kvenna. Þær gátu ekki lengur skilið við menn sína og gátu ekki lengur átt eigin bú eða haft mannaforráð.

Á Þjóðveldisöld þótti sjálfsagt að hver einstaklingur gæti verið frjáls og sjálfstæður Íslendingur, hvort sem hann hafði typpi eða píku og það var ekki feimnismál að segja typpi og píka. Ég ætla nú ekki að hvetja til dónaskapar en meina að tepruskapur var óvinsæll á Þjóðveldisöld.

Það var því mikið um hjónaskilnaði á Þjóðveldisöld. Það var Kaþólska kirkjan sem innprentaði fólki að það ætti ekki að skilja. Hvað var að því að skilja? Ég sé ekki betur en blandaðar fjölskyldur séu um allt land og gangi vel. Ég veit ekki betur. Það er ekkert að hjónaskilnaði ef sambúðin veldur hjónum og börnum vanlíðan.

Ég er ekki að hvetja til þess að hlaupa frá vandamálum. Einnig er til það viðhorf að þú hendir ekki því sem er brotið heldur lagar það. Margar fjölskyldur í fortíð og samtíð hafa fylgt þeirri formúlu og segja hana betri. Ég sjálfur trúí því en ég er ekki á móti hjónaskilnuðum, heldur fylgjandi frjálsri og skapandi hugsun.

Við vitum vel að ef við getum ekki endurskoðað hugsun finnum við ekki nýjar leiðir og Endurreist Þjóðveldi er einmitt ætluð til að endurskoða Lýðveldisform þjóðar okkar: Tvær hugmyndir sem stefnt er saman til að mynda þá þriðju?

Það er ekki mitt erindi að ræða almennt siðferði. Það sem ég vil undirstinga er að á Þjóðveldisöld þegar menn höfðu ekki síma, rafmagn, bíla né þá vísindapekkingu sem við höfum í dag voru menn ekki síður framfarasinnaðir, frjálsir í hugsun og skapandi, en við nútímafólk.

Eldra fólk er vant því að samfélagið sé eins og það er. Yngra fólk er frá náttúrunnar hendi tilbúið til breytinga og að endurskapa samfélag. Þannig hefur það alltaf verið og þannig verður það alltaf. Eldra fólk er vant því að hafa hlutina í skorðum og minnir okkur á að halda í það sem er einhvers virði. Yngra fólkið vill oft ana áfram. Við sem erum miðaldra stöndum svo með kápuna á báðum herðum.



Fólk segir við mig „hvað verður um heilbrigðiskerfið og menntakerfið ef Þjóðveldið verður endurreist á þann hátt sem þú boðar Guðjón? Þú vilt yfirgefa Lýðveldið og skilja allt eftir?“

Við förum í bátana á Þjóðveldishátíð og endurreisum Þjóðveldið. Við skiljum ósómann eftir, skrumið, spillinguna ásamt skuldasöfnun sem Lýðveldið hefur búið til í óþökk þjóðarinnar. Við sniðgöngum, yfirgefum og afskrifum skuldirnar í leiðinni. Þannig eignumst við húsinn okkar aftur, verðum skuldlaus þjóð á einu bretti og næstu árin eigum við öll sem eitt nægt fjármagn til að endurskapa efnahagslíf þjóðar vorrar. Við þetta mun ábyrgðartilfinning og skapandi hugsun einstaklinga endurfæðast og virkni samfélagsins margfaldast til nýsköpunar og endurmótunar.

Við ætlum ekki að glíma við Lýðveldið né hreinsa til í því. Við ætlum ekki að umbylta því eða lýja okkar dýrmætu þjóðarsál í fangbrögðum við það skrímsli sem Lýðveldið er orðið. Við löbbum út og tökum með okkur það sem er einhvers virði og við höfnum hinu.

Nú spyr gott fólk „hvað verður um heilbrigðiskerfið og menntakerfið?“ Þetta eru kerfi sem allir Íslendingar vilja og þessu er auðsvarað.

Á Íslandi eru þúsundir vel menntaðs fólks sem kenna í skólum landsins. Á Íslandi hafa alltaf verið til kennarar og verða alltaf. Ísland er þjóð hugmynda og þjóð hugsunar og hún hefur alltaf haft og mun alltaf hafa góða menntun.

Öll okkar gildi eru byggð á hugsun, viðhorfum og trú. Trú á okkur sjálf og á almættið. Við skilgreinum ekki almættið, á sama hátt og það hefur alltaf eðlilegt á Íslandi og hver einstaklingur á sína barnatrú hvers eðlis sem hún er. Ísland er fyrsta ríkið í mannkynssögunni sem lögleiddi trúfrelsi árið 1000. Þjóðin skyldi taka upp kristni, af pólitískum ástæðum, en hver maður gat iðkað heiðna trú ef hann kysi þó á laun væri.

Að bera virðingu fyrir skoðunum annarra hefur alltaf ríkt yfir Íslenskri þjóðarsál, líklega um lengri tíð en landnám telur. Þú góði Íslendingur berð virðingu fyrir



skoðunum annarra, jafnvel þó þú fyrirlítir þær berðu virðingu fyrir rétti annarra til að hafa eigin skoðanir. Enda ert þú stoltur Íslendingur.

Það eru þúsundir Íslendingar á þessu landi sem starfa við kennslu. Þeir munu halda því áfram hvort heldur í Þjóðveldi eða Lýðveldi. Við viljum mennta börnin okkar og við munum aldrei hætta því. Við viljum öll hafa menntakerfi sem virkar.

Hefurðu heyrt að almennt læsi á Íslandi sé verra en í Skandinavíu? Við vitum að eitthvað er ekki rétt gert í menntakerfinu í dag, eða heimilum. Ég veit ekki hvað við gerum rangt né heldur á mínu sviði. Ég veit að margir vilja gera hlutina betur í menntakerfinu en fá ekki að gera það.

Heilbrigðiskerfi snýst ekki um hátækisjúkrahús. Ekki heldur um það hvort við höfum þennan lækni eða hinn. Það snýst ekki heldur um hvort sjúkrahús sé reist á þessum stað eða hinum. Heilbrigðiskerfi hvílir á herðum lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og almenns starfsfólk í heilbrigðisstofnunum, fólksins sem annast sjúklinga og styrkja heilun.

Í dag er þetta starfsfólk að segja upp störfum og flýja land. Máttarstólpi Íslenska heilbrigðiskerfisins er að hruni kominn.

Allir sem gengið hafa inn á spítala á Íslandi vita að það eru hjúkkurnar sem drífa heilbrigðiskerfið áfram. Ég sé ekki að Lýðveldið sinni heilbrigðiskerfinu. Það er bara röflað um hátækisjúkrahús sem kostar margfalt á við þær launahækkanir sem starfsfólk þarfnast. Ég hef enga þörf fyrir hjartalínurit, þegar ég er lasinn, ég þarf umhyggju og umönnun.

Þjóðveldið mun reka heilbrigðiskerfi þar sem hjúkrunarfræðingar geta sinnt sínum störfum og brauðfætt heimili sín. Við vitum þetta því þjóðin mun hafa valdið í Þjóðveldi og hún vill gott heilbrigðiskerfi.

24. Hin Íslenzku gildi

„Hvað ertu að eyða tíma með þessari manneskju þarna, hún er svo rugluð.“ Ha? Já já.



„Hvað ertu að tala við þennan þarna, vissirðu að hann sat einu sinni inni?“ Já já.

„Hvað ertu að leggja lag við þennan gaur, veistu að hann hefur svikið allt út úr öllum sem hann hefur kynnst?“ Já já.

„Hvað ertu að tala við þennan jakkafataplebbba? Veistu hvernig hann hefur arðrænt og svindlað fé út úr fólki?“ Já já.

„Hvað ertu að tala við þennan þarna, hann heldur framhjá konunni sinni.“ Já já.

„Hvað varstu að tala við þennan mann þarna, sérðu hvernig hann er til fara?“ Já já.

Ísland er samsett úr Íslendingum. Þeir eru af ýmsu tagi. Þú átt sama erindi í Þjóðveldi og hinir, það tilheyrir þér. Ég er reiðubúinn að tala við hvaða Íslending sem er sem veit hvað hann stendur fyrir.

Íslendingur stendur fyrir frelsi.

Íslendingur stendur fyrir sjálfstæði.

Íslendingur stendur fyrir að hafa trú og dug í eigin brjósti. Í það minnsta trú á sjálfan sig. Trúi hann á eitthvað meira og betra mun ég ekki mótmæla því.

Íslendingur stendur fyrir að allir geta tekið sig á og betrumbætt sjálfa sig, burtséð frá hvað þeir gerðu eitt sinn. Mikið af góðu fólki hefur misstigið sig og síðar leitað sér bata og heilunar fyrir líf sitt. Ýmist á eigin forsendum eða með aðstoð annarra. Þjófar, siðblindingjar og fleira fólk sem hefur tekið sig á og eru traustir borgarar samtímans.

Þau eru öll Íslendingar.

Þú ert Íslendingur.

Ég þekki tvo Íslendinga sem fæddust af og eru af erlendri þjóð, fluttu til okkar lands fyrir mörgum árum síðan, kunna Íslensku, elska Ísland, starfa á Íslandi, eru Íslenskir ríkisborgarar og segja „Já“ við Þjóðveldi. Þetta er vinnusamt fólk sem sem hafa tileinkað sér gildi Íslenskrar þjóðar og ala upp börn sín sem Íslendinga.



Ég veit líka um Íslendinga sem eru barnfæddir af Íslenskum foreldrum og flúið hafa land því þeir höfðu ekki dug til að takast á við Íslenskan veruleika!

Ég hef enga mælistiku á hver sé góður eða vondur Íslendingur. Ég set engin skilyrði um það hvar hann fæddist eða hvernig húðin á honum lítur út. Manneskja með dug í eigin í brjósti sem stendur fyrir Íslensk gildi, þau sem Ísland hefur alltaf staðið fyrir, hann er góður Íslendingur.

Það eru líka til góðir Íslendingar sem vilja frekar Lýðveldið en Þjóðveldið. Endurreist Þjóðveldi er nógu þolinmótt og kærleiksríkt til að biðja þess að þeir vakni af doða og rifji upp hvað þeir standa fyrir. Þjóðveldið á erindi við alla.

Í þessu samhengi vil ég rifja upp að nýju hvað það er að vera andlegur Íslendingur. Leyfðu mér að segja þér frá hvað ég meina með þessum orðum. Ég á ekki við skyggnilýsingafundi eða spámiðla. Ég er heldur ekki að tala um presta. Heldur um eitthvað mun veraldlegra.

Hvað er virðing? Geturðu sýnt mér mynd af virðingu? Þetta er andleg hugarmynd í þínum huga. Hefur einhver sagt þér hvað virðing er? Virðing er hvergi kennd í skólum eða útskýrð nánar. Þú veist þegar einhver sýnir þér óvirðingu og þú veist þegar þú sýnir öðrum virðingu, þú veist hvers virði virðing er.

Frelsi? Getum við skilgreint frelsi? Það er til frelsi í viðjum!

Eigum við að ræða ást? Er ást, eignarhald? Allir Íslendingar hafa einhvern tíma elskað það sem þeir geta ekki átt og kennt þeim hvað ást er. Við vitum öll hvers virði ást er. Er betra að hafa elskað og misst en aldrei hafa elskað neitt? Þarf ég að útskýra ást nánar?

Hvað með trú? Það er ekki víst að þú trúir á Guð en það er öruggt að þú trúir að á morgun rennur nýr dagur. Það er öruggt að þú hefur einhvern tíma upplifað erfiðleika sem þú komst í gegnum, trúandi því að það yrði betra.

Sjálfstæði? Að standa fyrir sjálfan sig og standa með sjálfum sér. Að standa með því sem þú hefur trú á. Að standa með þeim sem þér þykir vænt um. Að standa með þeim gildum sem þér þykja einhvers virði!



Ég held að þú vitir nákvæmlega við hvað ég á með orðunum „andlega sinnaður Íslendingur.“ Veruleiki Íslendinga hefur alltaf verið huglægur, hann hefur alltaf verið byggður á andlegum verðmætum. Þessi verðmæti finnast ekki útskýrð með heimspekilegri skilgreiningu í orðabók. Samt vitum við öll hvað þau merkja og við þurfum ekki að skilgreina þau nánar. Sumt þarf ekki að ræða.

Virðing, heiður, heiðarleiki, sannsögli, áreiðanleiki, traust, öryggi, trú, frelsi, sjálfstæði. Þetta eru hugtök sem hjúpað hafa Íslenska þjóðarsál og skapandi hugsun.

Hafa Íslendingar skapandi hugsun?

Í átta hundruð ár, meðan við sultum undir erlendu oki Noregs- og Danakonungs, meðan við áttum ekki fyrir snæri til að veiða með fisk í soðið sköpuðum við fallegustu ljóð og sögur sem til eru í Evrópu. Feður okkar og mæður viðhéldu sögum Norðurlanda í munnlegri geymd. Engin önnur fátækrahéruð mannkynssögunnar hefur nokkru sinni sinnt andlegri sköpun á svangan maga.

Erum við andleg skapandi þjóð?

Þarf að ræða þetta nánar? Sumt er bara eins og það er, en stundum þarf að minna á það. Við höfum gleymt hversu stórfengleg þjóð okkar er, týnd í þrefi og neikvæðum samanburði. Það er tími til kominn að hinir beri sig saman við okkur.

Íslensk þjóðarsál hefur gengið í gegnum svipugöng sem voru sköpuð af Evrópuþjóðum. Þeir sem að vilja ganga í eina sæng með þeim geta keypt sér farmiða til Evrópskrar paradísar. Hér má minna á að Evrópa hefur aldrei upplifað sextíu samfelld ár án stríðsátaka.

Ég vil áfram byggja Íslenska jörð með þeim gildum sem forfeður okkar mótuðu hinna Íslenska þjóð. Sú hefð verður endurvakin á Þjóðveldishátíð í júní 2013.



25. Hugsað út fyrir rammann

Ég hef lengi haldið því fram að eitt af því sem geri Íslendinga merkilega þjóð er að þeir hugsa áreynslulaust út fyrir rammann. Þeir eru andlega sterkir og andlega skapandi. Þetta er staðreynd.

Margir eru þessu ósammála því þeir horfa á þætti okkar þjóðlífs sem eru lítt æskilegir. En maður með skapgerðarþrest þarf ekki að vera vondur maður. Ef þú horfir frekar á hans jákvæðu eiginleika sérðu kannski að hann er vandaður og góður maður.


Árið 1000 lögleiddum við kristni á Íslandi, við vorum þá heiðin þjóð. Þetta þykir ekki merkilegt í dag því við erum vön því að vera kristin. Hugsaðu þér, þetta var á þeim tíma í mannkynssögunni þegar menn erlendis leystu deilumál með sverði en ekki samræðu. Hér á landi voru vígaferli frekar undantekning við lausn deilumála og vígasögurnar voru bío myndir þess tíma.

Gætum við skipt yfir í Múslímatrú af pólitískum ástæðum? Við erum jú menntaðri og þroskaðri en þeir voru?

Íslendingar voru manna fyrstir til að leiða fram lýðræði fyrir ríkisheild. Þó lýðveldi hefðu áður þekkt meðal borgríkja hafði aldrei fyrr verið grundvallað heilt ríki á lýðveldis hugsjón. Auk þess má minna á að lýðveldisþróun hefur ætíð hafist í borgum, utan þetta eina skipti í mannkynssögunni, hjá okkar þjóð.

Íslendingar skópu því nýstárlega þjóðfélagsbyggingu með stofnun Héraðsþinga og Alþingis, sem þannig mynduðu Þjóðveldið. Þeir mótuðu þar farveg til að leysa deilumál með orðum eins og hægt var.

Þó ýmsir einstaklingar þjóðinni hafi haldið áfram að nota sverð umfram orð og sættir, þýðir það ekki að meirihluti þjóðarinnar hafi verið þannig. Meirihluti þjóðarinnar valdi að leysa deilumál með málefnalegri umræðu, skapa landslög og fara að lögum. Meirihluti Íslendinga var sammála Njáli á Bergþórshvoli þegar hann mælti „með lögum skal land byggja og ólögum eyða.“



Misjafn er sauður í mörgu fé og á Alþingi Lýðveldis sem ég kalla Alþingisómynd. Fyrirbæri sem Danir skildu eftir og hefur gleymt síðari hlutanum „með ólögum eyða.“

Okkar magnaða þjóð sem í þúsund ár hefur viljað vitrænar lausnir umfram vald, yfirgang og dónaskap, lögleiddi kristni á lýðræðislegan hátt. Jafnvel þó meirihluti þjóðarinnar væri heiðinn sáu þeir í hendi sér að þeim væri affarasælast að fylgja Hvíta Kristi í staðinn fyrir Óðinn og Frey og Þór. Um leið lögleiddu þeir trúfrelsi, fyrstir þjóða í hinum vestræna heimi. Svo djarfa hugsun gæti nútímalegt Lýðveldi Ísland ekki framkvæmt. Við gætum ekki lagt Kristni af og tekið upp aðra trú á einu sumri. Fornmenn okkar voru langt á undan sinni samtíð, og okkar samtíð þúsund árum síðar.

Þeir skilgreindu ekki trúfrelsi á sama hátt og við þekkjum það. Tímarnir breytast og mennirnir með. En þeir skilgreindu trúfrelsi engu að síður. Menn máttu vera heiðnir, þeir máttu blóta á laun, á laun en þeir máttu vera þarna. Ef þetta er ekki skapandi hugsun, sjálfstæði og frjáls hugsun, þá skal ég ekki raka mig framar.

Bíddu nú við. Höfum við breyst? Ef svo, þá til betri eða verri vegar?

Við erum fyrsta ríkið í hinum vestræna heimi. Líklega fyrstir í heiminum og hugsanlega fyrstir í mannkynssögunni sem kjósum samkynhneigða manneskju til að gegna valdamesta embætti þjóðarinnar. Manneskju sem er í viðurkenndu hjónabandi með manneskju af sama kyni. Það er ekki ein einasta manneskja á landinu sem segir múkk við því heldur samþykkir þetta orðalaust.

Geturðu séð fyrir þér að Bandaríkjamenn myndu kjósa homma sem forseta? Sérðu fyrir þér að Bretar kysu samkynhneigðan forsætisráðherra? Er nokkur önnur þjóð fær um svo stórt skref?

Okkur finnst þetta ekkert mál, því við búum að annnarri sýn en aðrar þjóðir. Mér finnst ekki neitt merkilegt að samkynhneigt fólk gegni valdastöðum, gifti sig eða hvað annað sem almennt fólk á að gera. Eru aðrar þjóðir að setja kvenbiskupa? Vorum við fyrst til að kjósa kvenforseta eða ekki? Íslendingar hafa alltaf meiri áhuga á innihaldi en umbúðum, það er þeirra náttúra.



Ég er svo stoltur af okkar Íslensku þjóð. Ég er svo fullur þjóðarstolts, og auðmýktar, að hafa fæðst af okkar dýrmæta og stórlega misskilda menningararfi. Í heiminum búa sjöþúsund milljónir manna en aðeins þrjúhundruð þúsund Íslendingar, og ég er einn þeirra.

Við erum þjóðin sem hugsar svo langt út fyrir rammann að hún þarf stundum að leita hans. Sjálfur hef ég allar hommafóbiur hins gagnkynhneigða sveitastráks. Ég er bara venjulegur strákur og hef lítinn áhuga á réttindabaráttu samkynhneigðra. Ég hef hisn vegar áhuga á allri réttindabaráttu fólks. Skiptir mig þar engu hvort hommar og lesbíur eiga að njóta sannmælis, nýbúar eða annað fólk sem er kúgað og þaggað.


Reyndar var ég alinn upp við að samkynhneigð sé eðlileg. Móðir mín ól mig upp við það viðhorf að samkynhneigt fólk sé fólk eins og annað fólk. Þannig er það bara og þannig á það bara að vera. Meirihluti Íslendinga sættir sig við þetta viðhorf og finnst það fínt. Þó annar hver gagnkynhneigður karlmaður hafi hommafóbiur þá viðurkennir hann rétt annarra til að lifa mannsæmandi lífi í okkar samfélagi.

Þetta er hin Íslenska hugsun. Mér líkar ekki lífsviðhorf þitt en ég viðurkenni rétt þinn til þess. Svona höfum við verið frá því fyrir hina frægu og sögulegu kristnitöku. Þetta er nákvæmlega sama hugsun, í öðrum búningi.

Ég gæti haldið áfram að telja upp atriði úr menningarlífi okkar Íslendinga til að styrkja stoðum undir þetta viðhorf. En þú veist þetta. Ég vil frekar heyra ábendingar frá öðrum skapandi Íslendingum, sannanir þess hvað Íslendingar hugsa út fyrir rammann. Ég vil heyra fleiri benda á hve andlega sterk og skapandi við erum, þar til þjóðin hefur öll vaknað.

26. Borgaraleg óhlýðni

Borgaralegur mótþrói er á ensku kallað „civil resistance“. Það má einnig kalla borgaraleg óhlýðni sem á ensku nefnist „civil disobedience.“ Bæði þessi hugtök eru meira eða minna sama fyrirbærið. Á okkar tungu er þó vinsælast að nota orð á borð við Sniðgöngun eða Sniðganga.



Þetta eru hugtök sem voru fínþússuð og æfð af Gandhi sem var þjóðfrelsishetja Indverja eftir síðari heimsstyrjöldina. Hans hugmyndafræði var notuð sem undirstaða í frelsisbaráttu Indverja með árangursríkum hætti.

Hinn heimsþekkti og dádí blökkumannaleiðtogi, Martin Luther King yngri, vann eftir svipaðri hugmyndafræði. Hann var mjög áberandi talsmaður blökkumanna í jafnréttisbaráttu þeirra Bandaríkjum Norður Ameríku upp úr miðri síðustu öld.

Þessi hugmyndafræði er afar einföld og árangursrík. Það er um margt áhugavert að fjölmiðlar samtímans beita þöggun á hana. Það er oft vafa undirorpið á hvers bandi fjölmiðlar eru í vinsældagjálfri samtímans. Aðferð borgaralegrar óhhlýðni virkar þannig: Ég tek ekki þátt.


Ég tek ekki þátt í því kerfi sem beitir mig ofríki og valdníðslu. Ég beiti ekki ofbeldi. Ég sniðgeng ofbeldisaðgerðir. Aðferðin er algjörlega friðsöm og um leið föst fyrir því sá sem sniðgengur tekur engan þátt í því sem valdboðun krefst.

Borgaraleg óhhlýðni byggist á þeirri afstöðu að taka engan þátt í valdníðslu og streitast á móti þar sem hægt er. Ég tek ekki þátt í kerfi sem beitir ofríki og valdníðslu. Ég svara ekki illu með illu heldur illu með jákvæðri en óbifanlegri afstöðu. Í raun er þetta grundvallaratriði kristinnar trúar. Þú býður hina kinnina en lætur ekki undan, gefur ekki eftir. Ef þú hefur réttlætið á þínu bandi, þá stendurðu með réttlætinu, tekur ekki þátt í óréttlætinu.

Við þekkjum þetta á persónulegum grundvelli. Ef einhver nöldrar og röflar í þér, eða beitir þig þvingunum, en þú skeytir ekki um viðkomandi þá tekur þú ekki þátt í rifrildi, rökræðu eða bulli. Fyrir eða síðast gefst ofríkisaðili upp. Þetta er bara spurning um vilja, afstöðu og þolinmæði.

Íslenska þjóðin kann á vilja. Hún er viljasterkasta og þrautseigasta þjóð í heimi. En hún er þreytt og því er mikið af umkvörtunum í umferð. En þetta mun hafast, eins og Nelson Mandela sagði „þetta virðist útilokað rétt áður en það hefst.“

Hvernig getum við Íslendingar beitt borgaralegri óhhlýðni?



Þjóðveldisbaráttan sem nú er að fæðast byggir á þessari afstöðu. Við yfirgefum Lýðveldið. Við stofnum Þjóðveldishátíð í júní 2013, þá fyrstu af mörgum og síðan á hverjum sumarsólstöðum héðan í frá. Þegar nógu margir mæta, hvaða ár sem það gerist, verður Endurreist Þjóðveldi stofnað. Þá verður ný stjórnarskrá innleidd, og þjóðin afskrifar skuldir sínar.

Einfalt?

Þjóðveldið sem reist var á Þingvöllum árið 930 er enn lifandi í hugum, hjörtum og trú Íslendinga. Við höfum verið ofríki beitt í átta hundruð ár síðan 1264. Fyrst af Noregs konungi, síðan af Dana konungi og að lokum af Alþingisómynd Íslenska lýðveldisins. Fulltrúalýðveldið Ísland fótum treður lýðræðishefð Íslendinga, með spillingu, ofríki og skattþíningu. Það misvirðir þrá þjóðar sinnar eftir raunlýðræði og ég segi Alþingisómynd því upprunalegt Alþingi þjóðveldis er hið sanna Alþingi.

Við göngum bara út.

Við gerum það sama og forfeður okkar þegar þeir yfirgáfu Harald hárfagra og hans hyski. Við settum eigur okkar og verðmæti í bátana, sigldum yfir Norður Atlantshafið á opnum bátum og reistum á Íslandi það fyrirmyndarríki sem við trúðum á. Þar með urðum við Íslendingar og næstu fjórar aldir mótuðum við þau gildi sem Íslenska þjóðarsálin skapaðist úr.

Í Þjóðveldi höfðu konur meiri réttindi en í Evrópu, og þó víðar væri leitað.

Konur gátu verið bændur, höfðingjar, goðar og prestar. Íslesnskar konur voru sjálfstæðar konur sem gátu skilið við eiginmenn sína ef þær vildu, að vísu þurftu þær að hafa dálítið fyrir því en þær máttu það. Þetta frelsi og jafnrétti var lagt af eftir að Evrópskur konungur tók hér völd og gaf kirkjunni síaukið vægi.

Íslensk þjóð var fyrst þjóða í heiminum til að móta þjóðríki eftir lýðræðishugsjón og Íslensk þjóð var fyrst þjóða í heiminum til að lögleiða trúfrelsi árið 1000. Við erum sama þjóðin og gerum hið sama, við göngum út og sniðgöngum Lýðveldið Ísland. Við tökum ekki þátt. En við getum gert fleira.



Í hvert skipti þú keyrir framhjá „Alþingishúsinu með danska skjaldarmerkinu,“ getur þú ýtt á flautuna og látið í þér heyra. Bara eitt flaut, og við erum fleiri sem getum það.

Þegar þú ferð í opinbera stofnun eða afgreiðslustaði hjá hinu opinbera geturðu tafið fyrir. Segjum að þú sért að borga reikning. Þú getur beðið um sundurliðun áður en þú greiðir. Þú getur beðið þann starfsmann sem afgreiðir að fara með þér yfir lið þátt á reikningnum og útskýra hvað þú sért að greiða.

Venjulega þegar við förum á stofnun og borgum reikninginn, flýtum við okkur og drífum okkur svo áfram, en þú getur tafið fyrir. Flestir nota í dag netbanka og kerfið ýtir okkur í þá átt, en við þurfum ekki að nota netbanka, við getum mætt á staðinn og tafið fyrir.

Í stað þess að vera fimm mínútur inni í stofnuninni að greiða reikning og koma þér síðan burtu, geturðu eytt tuttugu mínútum í það. Best að láta starfsmann vinna fyrir laununum sínum og útskýra fyrir þér reikninginn sem hann er að láta þig borga.

Þegar þú þarft að fylla út eyðublað hjá hinu opinbera geturðu farið í stofnunina og farið fram á aðstoð. Þú átt rétt á aðstoð við að fylla út opinber eyðublöð. Þú getur beitt óhlýðni og tafið fyrir. Þú hefur borgaralegan rétt til að fá útskýringu á hverjum reit sem þarf að fylla út.

Þú getur tekið þér tímann. Í hvert einasta skipti!

Ég hef beitt borgaralegri óhlýðni síðan í árslok 2008. Ég sniðgeng plastkort og netbanka. Ég mæti á staðinn og tek mér tíma og læt þannig hafa fyrir mér. Ég beiti öllum þeim mótþróa og töfum sem mér hugkvæmist, án ofbeldis. Ég læt aðstoða mig við eyðublöð og ég skrifa helst aldrei undir neitt samdægurs.

Það hvarflar ekki að mér að vera hlýðinn Þegn Lýðveldis, því ég er í hjarta mínu Borgari Þjóðveldis.

Segjum að ég fari á sýsluskrifstofu til að skrifa undir pappíra. Ég tæki mér tíma, ég sest ef stóll er í boði, annars halla ég mér fram á borðið. Ég tek mér tíma og



les setningu fyrir setningu, orð fyrir orð, og rekist ég á eitthvað sem ég skil ekki fullkomlega spyr ég út í það og bið um útskýringar. Ég tek mér góðan tíma.

Starfsfólki finnst þetta óþægilegt og þetta tefur fyrir. Þetta þyngir stjórnkerfið og gerir því erfitt fyrir. Ég er pirraður, enda beittur ofríki. Því gef ég pirringinn til baka. Rólegur, yfirvegaður og ákveðinn. Ég nölðra aldrei, ég rífst aldrei, ég þrefa aldrei. Ég sýni bara festu.

Ef ég á að skrifa undir blað sem ég er ekki alveg viss um hvað merkir eða hvaða lögfræðilega þýðingu það hefur þá spyr ég. Ég geri þetta oft. Þá spyr ég „er þér sama þó ég fari með pappírinn og sýni hann lögfræðingi áður en ég skrifa undir?“

Ég beiti því sama í bönkum. Ég nota hvert tækifæri til þess að fara í bankann og biðja um útskýringar á því sem ég þarf að borga. Ég er óþreytandi að senda tölvupóst á fulltrúa í bankanum, eða fulltrúa stofnana af ýmsu tagi og jafnvel ítreakað, og biðja um útskýringar eða frekari þjónustu af einhverju tagi. Ég skrifa stundum bréf og læt hafa fyrir mér. Ég hef rétt á því, það er réttindi mín sem borgari í landi og sem neytandi.

Þú munt hafa gaman af að sjá hvaða viðbrögð þessi afstaða vekur. Ég hvet þig til að prófa. Þetta er borgaralegur mótþrói.

Taktu vel eftir að ég nota helst ekki orðið þegn nema sem háðsyrði yfir þegna Lýðveldis. Íslendingar eru ekki þegnar konungs. Þeir eru frjálsir ríkisborgarar á Íslandi. Ég er stoltur af því vera Íslendingur. Ég er stoltur af sjálfstæði mínu og frelsi. Ég læt ekki vaða yfir mig. Ég sýni borgaralegan mótþróa.

Fleira er hægt að gera. Ég nota sjaldan plastkort heldur geri mér far um að fara í hraðbanka þar sem engin færslugjöld eru og taka út reiðufé. Bankar vilja helst halda reiðufé inni í bönkunum. Það er lítið reiðufé í gangi á landinu í hlutfalli við þær upphæðir sem eru vistaðar í bönkum. Bankar settu því færslugjöld á hraðbanka til að yta fólki til að nota kortin frekar. Þeir þarfnast þess að hafa sem mest af veltufé inni í bönkunum. Bankar eru skíthræddir við áhlaup og mjög viðkvæmir eftir hrún.



Fyrst ég minnst hér á bankana væri vert að vekja máls á peníngum. Hefurðu tekið eftir að meirihluti penínga, eða verðgilda, eru nú færslur í tölvu?

Það er rétt að ég taki hér að ég vil alls ekki sjá bankahlaup gerast. Ef það er framkvæmt banka hlaup þá myndu bankarnir velta falla og það hefði hræðilegar afleiðingar í Lýðveldinu. Ég vil sjá heilbrigt og gott bankakerfi á Íslandi en ég vil líka sjá það verða manneskjulegt. Ég býð því Þjóðveldis varðandi slíka hluti.

Ég hef tekið eftir í samskiptum við minn viðskiptabanka að starfsfólk leggur sig fram við að veita eins góða þjónustu og hægt er eftir þeim ramma sem þeim er fært. Ég ber virðingu fyrir starfsfólki bankans, þetta er yfirleitt fjölskyldufólk sem þarf að vinna fyrir sínu heimili og við skulum hafa það í huga. Bankar eru vinnuveitendur og það er engum í hag að valda heimilum frekari skaða en Lýðveldið og bankar þess hafa þegar gert.

Þjóðfrelsis barátta er ekki fólgin í að koma efnahagslífi í uppnám. Hún felst í að Íslendingar taki aftur sitt lýðræðisvald, eftir þeim mæli sem þeir vilja yfir sinni þjóð og sínum málum.

Áfram um borgaralegan mótþróa.

Þegar þú tekur út reiðufé muntu sjálfkrafa spara penínga. Þú minnst þannig bankann á að koma fram af virðingu. Þú minnst stjórnkerfið á að þú ert frjáls ríkisborgari þessa lands sem ætlast til þess að geta lifað mannsæmandi lífi. Þú máttætlast til þess að þeir komi þannig við þig. Þetta er það sem borgaralegur mótþrói gengur út á. Að beita því valdi sem þú hefur, sem er tími og budda. Þú ræður hvað þú tekur þér langan tíma og þú ræður í hvað þú eyðir fé þínu.

Borgaralegur mótþrói snýst þannig um að hinn almenni borgari skynji vald sitt og þori að beita því af virðingu og festu.

Lítum á hvað gerist þegar við ökum bifreið eftir umferðaræð í Reykjavík. Segjum að þú akir frá miðbæ og upp í Breiðholt eða Grafarvog, eða frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Þú ekur þá eftir tvíbreiðri götu eða umferðaræð. Það er kannski létt umferð en þú ert að flýta þér. Hvers vegna flýtir þú þér? Hverju missir þú af komirðu þrem mínútum síðar á endastað? Ef þú keyrir hægar þá hægir þú á



hjólum viðskiptalífsins. Hvers vegna liggur þér á? Þeim liggur á en þú getur hægt á þeim.

Það er auðvelt að vera viðbragðsseinn á rauðu ljósi. Það krefst hugrekks og festu, því það er erfitt að tefja fyrir samborgurum. Það krefst hugrekks og nýrra viðhorfa að beita borgaralegum mótþróa, þess vegna hefur hann vægi. Þessi aðferð beygði tvö heimsveldi til hlýðni við mannréttindi á síðustu öld.

Þegar þú hægir á hjólum viðskiptalífsins gefur þú skilaboð: „Ég er sjálfstæður einstaklingur, sjálfstæður Íslendingur, ég hef borgaraleg réttindi, ég á rétt á mannsæmandi lífi, ég hef vald.“

Þannig geturðu beitt eigin hugviti til að nýta fleiri leiðir en ég beiti. Ég beiti sjálfur þeim leiðum sem hér er lýst og hef gert frá hrúni. Sem baráttumaður fyrir endurreistu Þjóðveldi sé ég ástæðu til að hvetja aðra Íslendinga til að beita borgaralegum mótþróa. Ekki bara til að yfirgefa Lýðveldið og endurreisa Þjóðveldið, heldur til að minna Lýðveldið á að þú tilheyrir því ekki, heldur að það tilheyrir þér.

Við getum beitt borgaralegum mótþróa á öllum vígstöðvum þar sem borgarinn á snertiflöt við hin opinberu valdakerfi eða hjól viðskiptalífs og daglegrar virkni samfélagsins. Smátt og smátt fjölgar í okkar hóp og þannig eykst vægið, smám saman í fyrstu en að lokum með þunga sem valdakerfi kúgunar og spillingar standast ekki.

Ég tef því fyrir kerfinu. Ég hika ekki við að borga reikninga rétt við eindaga eða rétt fyrir milli-innheimtu. Mér liggur ekkert á að afhenda mína fáu peningana. Við höfum frá þrjátíu til sextíu daga til að borga áður en milli-innheimta hefst. Ég er að tefja fyrir og buddan er eitt af mínum tækjum.

Borgaralegur mótþrói, ég get tafið fyrir, ég get sniðgengið. Ég tek ekki þátt.

Þú munt finna, samlandi góður ef þú prófar borgaralegan mótþróa, að þú hefur vald sem og þú munt finna þann kraft sem í þér býr. Þú munt styrkjast í trú á sjálfan þig og þjóð þína. Þú munt finna að þú hefur áhrif og vægi. Þú munt þannig endurskapa þá sjálfsvirðingu sem af okkur var tekin frá 1264.



Við erum meðhöndluð sem vægislaus mannfjöldi með eitt atkvæði á fjögurra ára fresti. Ég hafna því. Hver einasti Íslendingur hefur vægi. Hver einasti Íslendingur á rétt á að lifa frjálsu og virðingarverðu lífi. Fáir hann ekki sitt rými getur hann beitt borgaralegri óhlýðni.

Við erum harðgerðasta, duglegasta, útsjónarsamasta og jákvæðasta þjóð sem á jörðinni býr. Við erum beitt andlegu ofbeldi og neitað um virðingu og vægi. Við erum heilapvegin og talið trú um að við getum ekki sýnt samstöðu. Skoðaðu okkar sögu eins og hún er en ekki með augum hins neikvæða sem dregur okkur niður.

Við höfum alltaf sýnt samstöðu um þau mál sem skipta máli. Þjóðfundurinn á Þingvöllum 1944, snjóflóðin á Vestfjörðum, snjóflóðin á Neskaupsstað, gosið í Vestmannaeyjum, Þorskastríðin. Gleymdi ég einhverju?

Íslendingar sameinuðust um að sniðganga Icesave. Við sameinuðust öll sem einn maður fyrir þann málstað og vorum tilbúin til að taka afleiðingunum. Núna getum við endurreist Þjóðveldið okkar. Besta verkfæri slíkrar baráttu er borgaraleg óhlýðni. Við getum sýnt hana í verki, hver með sínu nefi og við getum styrkt okkur í bjartsýni og skapandi hugsun á Þjóðveldishátíð við sumarsólstöður.

Ræktum aftur okkar þjóðarstolt. Við megum vera stolt að vera Íslendingar, hvort sem við erum fædd Íslendingar eða fædd af erlendum þjóðum. Það eru margir Íslenskir ríkisborgarar sem eru Nýbúar en standa fyrir frelsi, sjálfstæði og andlega sýn. Að vera Íslendingur þarf ekki að vera háð genum, það getur líka verið afstaða!

Það er mikilvægt að skilja að Þjóðveldið tilheyrir öllum Íslendingum, hvert sem móðurmál þeirra var. Við erum manneskjur fyrst. Hér á að ríkja frelsi, sjálfstæði, lýðræði, og kraftur. Sá andlegi sköpunarkraftur sem á Íslandi býr á aftur að skjóta föstum rótum. Við eigum aftur að vera kyndilberar meðal þjóðanna, að skapandi hugsun, trú og sjálfsvirðingu. Þjóðarsál vor hefur verið fótum troðin af erfingjum erlends kúgunarvalds, álbaróna, virkjanatrölla, bankabjólfa og klíkumyndunar, ég segi nei takk, ég vil frjálsa Íslenska þjóðarsál. Ég vil verðugan sess þjóðar minnar meðal þjóða heimsins.



Sagan hefur ítrekað sýnt að er borgaraleg mótstaða er skapandi kraftur og viljasterkur kraftur, sem virkar.

27. Þjóðveldið hvarf

Í mér lifir arfur forfeðra minna og formæðra. Fólks sem að flýði ofríki og valdníðslu í gamla heiminum, fór til Íslands og byggði Þjóðveldi. Ég er frjáls Íslendingur í frjálsu landi.

Í Þjóðveldi voru héraðsþing, hvar sem því var við komið. Það voru héraðsþing í öllum héruðum, sama hversu smá eða stór þau voru. Á héraðsþingum réðu menn málum síns héraðs, útkljáðu deilur og huggðu að landslögum. Ef ekki var hægt að útkljá mál á héraðsþingi tóku menn það til Alþingis og þar voru mál útkljáð, lög skilgreind og fest.

Þetta voru frjálsir menn í frjálsu landi. Þeir sniðgengu konung, fóru til Íslands til að reisa hér lýðveldi á Þjóðveldisöld. Þá ríkti frelsi og menn voru sjálfsstæðir Íslendingar. Sjálfstæðar konur og sjálfstæðir menn.

Þjóðveldið hvarf 1264.

Þá höfðu Íslendingar haft Þjóðveldi í þrjúhundruð og þrjátíu ár. Þeir höfðu stjórnað eigin landi farsællega og voru sáttir við sitt stjórnfyrirkomulag. Auðvitað var það Þjóðveldi barn síns tíma. Því lauk í lok Sturlungu aldar, eftir blóðug innanlandsátök og blóðsúthellingar að undirlagi Noregskonungs.

Þeir sem lesið hafa Sturlungu og þekkja vita þetta. Konungur dældi fé í menn hér, gagngert til að koma af stað úlfúð og uppnámi í landinu, því Ísland hafði engan her og menn hér vildu ekki reisa slíkt.

Það var því auðvelt að koma landinu í uppnám og það endaði með því að Noregskonungur eignaðist þetta land. Viltu að Evrópusambandið eignist það?



28. Íslensk þjóðarsál

Íslenska þjóðarsálin, hinn Íslenski maður og hin Íslenska kona hefur ávallt haft það í sér að hugsa út fyrir rammann og leita lausna þar sem aðrir sjá ekki leiðir. Þessi litla þjóð í harðbýlu landi hefur ávallt verið fær um að finna bestu leið út úr vanda. Þetta er ástæðan fyrir hversu djörf hún er að finna eigin leiðir. Þess vegna lifði hún af þau harðindi sem hér voru á tímum Danakonungs.

Þú, heyrandi góður, ert dóttir eða sonur hörðustu og útsjónarsömustu þjóðar á jarðarkringlunni. Það hefði engin af Evrópuþjóðunum getað lifað af hér, við þær aðstæður sem okkur var boðið uppá.

Við höfum gert mörg og stór mistök, vissulega er margt sem miður fer og setja má út á. Það er miklu fleira sem við gerum rétt og miklu fleiri mistök sem við höfum leiðrétt, miklu fleira til að dást að en setja út á. Horfðu á það sem miður fer og það vex, horfðu á það sem rétt er gert og ágallar visna.

Við búum enn við valdníðslu og áþján stjórnvalda sem ekki bera virðingu fyrir þegnum sínum. Okkar hálf-danska stjórnarkerfi sem Evrópskir menn skildu hér eftir og nefndu Alþingi en Þjóðveldi kallar Alþingisómynd veit að þú ert ekki frjáls, né vill að þú sért það. Þú ert ekki frjáls Íslendingur í frjálsu landi.

Þegar ég segi að hin Íslenska þjóðarsál, hinn Íslenski maður og hin Íslenska kona hafi í sér getu og tilhneigingu til hugsa út fyrir rammann þá vísa ég á eina sögulega staðreynd. Því stundum er gott að þekkja mannkynssöguna og Íslendingasögu.

Þegar Íslendingar sigldu til Íslands, eða frelsis elskandi Norðmenn sigldu til Íslands og gerðust Íslendingar, þá var það af frelsisþrá og af sjálfstæðisþrá. Taktu nú vel eftir einu. Við erum alin upp við þá trú að menn og konur sækí í sama farið.

Við höldum að fólk geri aðeins það sem þau eru vön og fyrir þeim er haft!



Landnámsfólk var vant að búa við konungsvald. Víkingar voru sigldir um alla Evrópu og þeir þekktu konungsvald alls staðar sem þeir fóru. Þetta fólk þekkti bara konungaveldi og lénsveldi.

En þau báru í brjósti sér hugmynd. Ég hef áður bent á hversu langt þetta fólk gat hugsað út fyrir rammann og hversu kjarkað það var til að fylgja hugmyndum sínum eftir.

Þau báru í brjósti þá hugmynd að skapa og móta lýðveldi. Virkt lýðveldi með raunverulegu lýðræði. Þau komu hingað og byggðu sér ból og þegar landið hafði byggst reistu héraðsþing um allt land þar sem frjálsir Íslendingar útkljáðu sín mál og af héraðsþingum riðu menn til Alþingis þar sem sett voru landslög. Allir frjálsir Íslendingar og þeirra fólk gat mætt og tekið þátt.

Hvaðan kom þessi hugmynd? Hvaðan kom þessi víðsýni og skapandi hugsun? Er þetta ennþá lifandi í okkar genum?

Þessir menn og konur sigldu frá Evrópu yfir úfið Norður Atlantshaf á opnum bátum til þess að reisa hér eitthvað sem þeir þekktu ekki. Eitthvað sem var hvergi til í mannkynssögunni.

Það hafði aldrei fyrr verið mótað þjóðríki eftir lýðveldishugsjón. Íslendingar gerðu það samt og viðhéldu því og voru sáttir við það í þrjú hundruð og þrjátíu ár. Jafnvel lengur sé skoðað samfélag héraðþinga öldina áður en Alþingi var reist. Í þessu lýðveldi höfðu frjálsir Íslendingar virkan atkvæðisrétt og málsrétt. Menn voru sáttir við þetta fyrirkomulag.

Það liðu nærri þúsund ár áður en lýðveldishugsjón festi sig aftur í sessi í heiminum, eftir blóðugar byltingar í Frakklandi og Bandaríkjunum Norður Ameríku. Vel að merkja, hvar sem lýðræðisþróun sögunnar hefst, er það í mannmörgum borgum. Nema á Íslandi, þar reis lýðræði í sveitum.

Síðan kom Norskt konungsvald, síðan kom Danskt konungsvald –eða Evrópuvald - og það fór, skildi það eftir stjórnkerfi sem við þekkjum að spillingu, valdníðslu og óstjórn.



29. Ísland til sölu

Lýðræði hefur verið við lýði, eða verið þekkt sem hugtak, í langan tíma. Umræðan hér á Íslandi um vilja þjóðarinnar eða um þjóðarsálina hefur verið virk frá hruni. Í fáein ár fyrir hrun var fólk upptekið af að endurnýja gólfefni og stækka íbúðirnar sínar. Gott og vel. Hver þarf ekki gott húsnæði?

Nýlega var ég að hlusta á útvarpið. Þar komu fram stjórnmálamenn úr fjórflokknum svokallaða. Það er áhugavert í umræðu samtímans að ég heyri sífellt fleiri Íslendinga tala um fjórflokkinn sem einn flokk og innan flokksins ríki fjórar megin stefnur. Ég heyri jafnvel að fólk sé hætt að líta á hægri og vinstri sem hugtök sem lýsi stjórnmálastefnu. Látum gott heita.

Ég er sjálfstæður Íslendingur og bý í sjálfstæðu Íslandi. Ég er stoltur af arfleifð forfedra minna, dugnaði þeirra, þrautsegu og útsjónarsemi. Íslenska þjóðin í heild hefur gert fullt af mistökum síðustu öldina. En við höfum staðið upp úr og stöndum ennþá sterk.

Ef það er eitthvað sem hinn almenni Íslendingur kann að meta þá er það sjálfstæði Íslendinga og sú einurð sem Íslenska þjóðin hefur sýnt í gegnum tólf hundruð ára sögu sína. Umfram allt að vera Íslensk og mæla á Íslensku tungu er afrek, fyrir svo fámenna þjóð sem var jafn fátæk og hún reyndist vera um aldir. Við megum vera stolt af arfi feðra okkar í skáldskapar hefð, skáldsagnahefð og fræðimennsku.

Ég heyrði í téðum útvarpsþætti, stjórnmálasköruna fjórflokksins - allt valinkunnir menn - segja opinskátt að ekki væri rétt að taka ákvörðun varðandi umsókn Íslenska lýðveldisins að inngöngu í Evrópubandalagið. Það væri ekki skynsamlegt að draga umsóknina til baka!

Þeir sögðu það skynsamlegra fyrir hag þjóðarinnar að taka þá ákvörðun eftir kosningar eða á kjörtímabili næstu ríkisstjórnar og næsta meirihluta Alþingis. Við hvaða aðstæður er skynsamlegt að selja frelsi þitt?

Þegar ég hóf umfjöllun um endurreist Þjóðveldi byrjaði ég á að athuga hvort sá málatilbúningur gæti flokkast sem landráð. Ég las viðeigandi lög á vef Alþingis



og ráðfærði mig við tvo mæta lögmenn. Málatilbúnaður endurreists Þjóðveldis er ekki landráð. Ef svo væri þá væri Lýðveldið landráð gegn hinu forna Þjóðveldi, eða hvað?

Landráð snúast um að vinna, leynt og ljóst, að því að koma Íslandi undir erlend yfirráð. Það er vitað mál að verði umsókn okkar um inngöngu í Evrópu bandalagið samþykkt þá gengur stór hluti af lögum Íslenska Lýðveldisins undir erlend yfirráð.

Hvernig fjórflokkurinn orðagjálfrar sig frá því að slíkt sé landráð er ekki svara vert.

Mér er slétt sama um hvað er skynsamlegt eða hagkvæmt fyrir budduna mína þegar frelsi mitt og sjálfsvirðing er annars vegar, því hvorugt er til sölu. Mér er slétt sama hvort að það kostar mig krónu eða hvort ég græði krónu. Ég hvorki sel né gef sjálfstæði mitt til stofnana og þings í Brussel.

Að dirfast að sækja um inngöngu í Evrópubandalag, biðja um samningaviðræður um hvernig skuli afhenda fullveldi okkar undir erlend yfirráð. Að voga sér að meta það til fjár! Ég er sjálfstæður Íslendingur, ég bý í sjálfstæðu landi. Ég vil gera það áfram. Mér er slétt sama hvort það kostar mig krónu eða hvort ég græði krónu.

30. Fjallkonan í fyrsta sæti

Hvers vegna að berjast fyrir endurreistu Þjóðveldi Íslands, eða Þjóðveldishátíð á sumarsólsöðum? Jón Sigurðsson sem var þjóðfrelsisbaráttuhetja okkar sagði eitt sinn „Íslandi allt.“ Þetta er svona einfalt. Vér Íslendingar mótmælum allir þeim yfirgangi sem Íslenska Lýðveldið sýnir þjóðinni.

Skattþíning, spilling, tillitsleysi, valdaníðsla.

Íslenska þjóðin stendur fyrir eitthvað. Taktu eftir að þegar ég segi „Alþingi Íslendinga“ þá hugsa ég um það Alþingi sem var reist 930, en ekki þá stofnun sem starfar við Austurvöll í húsi með dönsku skjaldarmerki. Hið upprunalega Alþingi Íslendinga mun Þjóðveldið endurreisa.



Í mínum augum er Alþingi Íslenska lýðveldisins alþingisómynd. Þegar ég nota orðið Alþingisómynd á ég við Alþingi lýðveldisins. Þegar ég nota orðið Alþingi meina ég Alþingi Þjóðveldis, þingið sem á heima á Þingvöllum.

Sjáðu til: Ég er Íslendingur. Ég er frjáls Íslendingur.

Ég er lýðræðis sinnaður Íslendingur. Ég er ófullkominn Íslendingur. Ég á sögu, hún er ekki öll falleg. Meirihluti hennar er fin en það er blettur á henni. Ég hef unnið úr og bætt fyrir eftir bestu getu og sýni vilja í verki. Sjáðu til ég er venjulegur, réttur og sléttur Íslendingur.

Það eru til margar tegundir af Íslendingum. Það eru til ríkir Íslendingar. Það eru til valdamiklir Íslendingar. Það eru til venjulegir Íslendingar. Það eru til embættismanna Íslendingar. Það eru til skáld Íslendingar, það eru til aðfluttir Íslendingar (við köllum þá Nýbúa). Það eru til hinsegin Íslendingar og það eru til skrátnir Íslendingar. Einnig eru til Íslendingar sem vita ekki hvað orðið Íslendingur stendur fyrir.

Ég komst nýlega að því að orðið nýbúi var fundið upp sem nýyrði í Íslensku til að tákna alla Íslenska ríkisborgara sem eru frá erlendum ríkjum en smám saman breyttist það í að tákna alla aðflutta Íslendinga sem voru frá öðrum svæðum en Vestur Evrópu eða Skandinavíu. Ég skammast mín fyrir hönd Íslendinga. Í mínum huga er nýbúi orð sem táknar „Íslenskur ríkisborgari sem er fæddur af öðru þjóðerni en Íslenskri þjóð“.

Íslenskur ríkisborgari sem er nýbúi og aðfluttur, er einstaklingur sem vill ala upp sín börn á Íslandi. Það er einstaklingur sem er að læra Íslensku, starfa í Íslensku atvinnulífi, láta gott af sér leiða í Íslensku samfélagi og börnin hans fæðast sem Íslendingar. Hann hefur tileinkað sér þau gildi sem Íslendingur stendur fyrir. Ég hef hitt marga góða Íslendinga sem eru í þessari stöðu og hafa búið hér í áratugi og eru stoltir af að tilheyra Íslenskri þjóð.

Vér Íslenskir Þjóðveldissinnar mótmælum allir þeim yfirgangi og þeirri valdníðslu eða virðingarleysi sem Alþingisómynd Íslenska lýðveldisins beitir Íslenska þjóð.



Ég get leyft mér að setja meiri tíma í þetta starf en gengur og gerist því ég er atvinnulaus. Ég hef leitað mér að vinnu á fjórða ár, og sótt um á þriðja hundrað störf í mínu fagi, svo að ég hef nægan tíma. Því beiti ég öllum mínum umframkröftum fyrir Íslands hönd og Íslands heill. Finni ég vinnu mun ég hafa minni tíma í starfið en Þjóðveldið er lifnað í minni sál og ég mun halda áfram að vinna að þess hag.

Það er margir sem segja hið sama. “Ég ætla að setja þann kraft sem ég hef, til að setja Ísland í fyrsta sæti, vinna að Þjóðveldishátíð, og setja Ísland í fyrsta sæti í mínu lífi þar til sanngjarnt, réttlátt, lýðræðislegt, Þjóðveldi Íslands endurfæðist.

Ég er ekki fyrsti maðurinn á vesturlöndum sem tekur afstöðu af þessu tagi.

Hinn ástsæli forseti Bandarísku þjóðarinnar. John F. Kennedy sagði eitt sinn “do not ask what your country can do for you, ask what you can do for your country.” Á Íslensku myndi þetta útleggjast þannig “ekki spyrja hvað landið á að gera fyrir þig, spurðu hvað þú átt að gera fyrir landið.” Ég leyfi mér að umorða þetta og segja „ekki spyrja hvað samfélagið getur gert fyrir þig, spurðu hvað þú getur gert fyrir samfélagið.“

Þessi hugsun hefur alltaf verið aðall hinnar Íslensku hugsunar. Hin Íslenska þjóðarsál hugsar svona og hefur alltaf gert. Þegar á bjátar í Íslensku samfélagi og vá steðjar að eða mikilvægt málefni kemur upp standa Íslendingar alltaf saman. Þeir setja alltaf heill samfélagsins fyrst í sínu lífi.

Við höfum verið undir áþjón þannig viðhorfa í fjölmiðlum samtímans sem hefur komið inn hjá okkur þeirri hugmynd að við ættum að setja sjálf okkur fremst og samfélagið í annað sætið. Þetta styður við efnahagslíf neysluhyggju. Við þekkjum öll afleiðingarnar af þessu viðhorfi. Enginn tekur ábyrgð á afleiðingum gjörða sinna og svo sterkt hveður að þeim hugsunarhætti að foreldrar fela mistök sín og skeytingarleysi við barnauppeldi á bak við greiningar, úrræði og lyfjagjafir.

Ísland er fyrst og Ísland á það skilið. Allt sem ég á, allt sem ég hef, allt sem ég lært, allt sem ég hef kynnst, allt sem ég hef öðlast í lífinu kemur frá okkar landi og okkar þjóð. Hún á skilið að fá smávegis til baka.



Hér mætti fara út í smá mýtu eða ímyndaleik. Ef fjallkonan er tákn Íslands og Íslenskrar Þjóðarsálar, er þá til fegurri kona en hún? Á hún það besta skilið frá þér, sem vinkona, ástkona, systir, móðir?

Er það mikil fórn að róa að því af öllum krafti að Þjóðveldishátíð verði haldin. Að opna farveg þar sem Þjóðveldissinnaðir, lýðræðissinnaðir og sjálfstæðir Íslendingar, fá að móta bráðabirgða stjórnarskrá til tveggja ára? Á Þjóðveldishátíð verður stungið uppá og mótuð bráðabirgða stjórnarskrá.

Ég ætla að endurtaka þetta á einfaldari hátt.

Á fjögurra daga Þjóðveldishátíð á sumarsólstuðum verða lögð drög að bráðabirgða stjórnarskrá Íslenska Þjóðveldisins. Þar verða lögð drög að stjórnarskrá sem annað hvort verður samþykkt eða hafnað. Hún verður síðan endurmótuð í rafrænum umræðum, rædd á næstu og þarnaestu Þjóðveldishátíð, allt til þeirrar hátíðar sem hún verður samþykkt í lokamynd.

Það verður opið fyrir að fólk geti mætt á Þjóðveldishátíð sem sett verður að kvöldi sumarsólstaða eins og gert var í þrjár til fjórar aldir. Hver sá Íslendingur sem þar mætir verður vísað á sitt Héraðsþing. Fyrir héraðsþingin verða lagðar tillögur að stjórnlögum Íslenska Þjóðveldisins og þar getur þú mótað þau.

Þessi bráðabirgða drög verða rædd og mótuð. Allar uppástungur og umræður munu fara á milli héraðsþinga. Skipulagt verður fyrirfram hvernig hægt sé að gera þetta með skilvirkum hætti.

Sumar hugmyndir þessara tillagna verða og eru kynntar á „frelsisvilji.is“. Því er hægt að kynna sér fyrirfram ýmsar uppástungur sem þarna koma fram. Eðlilega munu margir vilja meiri umræðu en gefst á einni útihátíð. Þess vegna er mælt með bráðabirgða stjórnarskrá sem verður rædd áfram og fínþússuð af fólkinu sjálfu. Allir geta tekið þátt í þessu. Drögin munu leggja grundvöll að frekari umræðu á héraðsþingum í héruðunum þar til þau taka gildi og Þjóðveldi endurreist.



Á hverri Þjóðveldishátíð kemur Alþingi saman síðasta dag hátíðar. Það þing mun einungis taka eina ákvörðun: Er rétti tíminn kominn til að endurreisa Þjóðveldi, yfirgefa Íslenska lýðveldið og afskrifa skuldirnar?

Um hádegi á sunnudegi Þjóðveldishátíðar verður Alþingi sett af lögsögumanni. Sé rétti tíminn kominn mun það Alþingi staðfesta stjórnarskrá sem þá liggur fyrir frá héraðsþingumog taka afstöðu til þess, að undangenginni kosningu í héraðsþingum hvort og hvernig Þjóðveldi Íslendinga verður endurreis á grunni hinnar nýju stjórnarskrár.

Þar verður tekin afstaða til þess hvort sú tillaga nái fram að ganga eða ekki að við yfirgefum Lýðveldið, í stað þess að endurbæta það og umbreyta því. Við reisum frá hreinum grunni skuldlausa þjóð í skuldlausu landi, með skuldlaust ríki.

Þetta er í hnotskurn barátta Íslenska Þjóðveldisfélagsins. Ég veit af samræðum við fjölda fólks að það er ósk hinnar Íslensku þjóðarsálar að Þjóðveldið rísi. Þegar þjóðin breytir ósk í vilja og eyðir vantrú sinni á einfaldleika þessarar hugsjónar mun Þjóðveldið lifna með þjóðinni. Þegar þessi ríka og kraftmikla hugsjón vaknar í þinni sál verður aldrei aftur snúið í þínu lífi.

Ég hef heyrt marga segja við mig „þegar ég heyrði þig tala um þetta fyrst, fannst mér þetta vera öfgakennt, en því meira sem ég hugsa um þetta sé ég að það er geranlegt, þetta er einfalt og ég er með.“

Hugmyndin þarf að gerjast með fólki og það tekur tíma. Gleymum ekki að Þjóðveldið hefur ríkt í hjarta þjóðar okkar síðan árið 930. Í tólf hundruð ár hefur trú á Þjóðveldi Íslands verið ríkjandi í hinni Íslensku þjóðarsál. Ég á ekki von á því að sá draumur deyi næsta sumar, þvert á móti. Ég er sá sem tala hæst um þessar mundir, en ég er hvorki sá fyrsti né sá síðasti.

Ég spái því að Þjóðveldishátíð verði haldin í júní ár hvert héðan í frá og svo lengi sem Ísland byggist Íslendingum. Þetta er mín trú og því stofnaði ég Íslenska Þjóðveldisfélagið í janúar 2013 ásamt fleirum. Félagið er opið öllum ríkisborgurum Íslenska lýðveldisins. Það er enginn munur gerður á félögum.



Þetta er vilji fjallkonu Íslands, sem er frumlandvættur okkar þjóðar. Sá vættur sem tengir þjóðina við landið, og landvættina í fylkingu. Sjáumst á hátíðinni sem upphefur hina sönnu fjallkonu Íslenskrar þjóðarsálar.

31. Þjóð skiptir um kennitölu

Það er mikilvægt að átta sig á að Þjóðveldið snýst um að standa með þeim gildum sem við trúum að best eru í heimi hér. Gildum sem hin Íslenska þjóð hefur haft í heiðri svo lengi sem hún hefur verið til.

Ég hef rekist á bækur um uppruna Íslendinga sem halda því fram að hin Íslenska þjóð sé afkomendur Germanskrar þjóðar sem flakkaði um Evrópu nokkur hundruð árum fyrr heldur en Ísland byggðist og nefndist Herúlar. Hún hafi flúið Noreg því að þar bjuggu Kvenir og að Haraldur Hárfagri hafi verið Kveni sem vildi undoroka Herúla.

Um þetta má lesa í „Uppruni Íslendinga“ eftir Barða Guðmundsson og aðra bók með sama heiti eftir Björn O. Björnsson. Auk þessara bóka má finna efni um þetta í fjölda innlendra og erlendra heimilda.

Nú legg ég ekki mat á þessa söguskoðun en mér finnst hún skemmtileg. Það er engin leið að vita með vissu sannleikann í þessu máli en það er alltaf gaman að góðum sögum. Það vita allir Íslendingar.

Það er ljóst að frá árinu 900 eftir Krist hefur hin Íslenska þjóð verið til. Það er ljóst hvaða gildi eru henni kærast. Þegar hin Íslenska þjóð endurreisir sitt Þjóðveldi verða þessi gildi fest í sessi. Þú átt Þjóðveldið, landið, og þau gildi sem þjóðin trúir á.

Frelsi og sjálfsvirðing snýst ekki um hvort við töpum nokkrum milljónum eða milljörðum. Það snýst ekki um hvort við græðum nokkrar milljónir eða milljarða. Þetta snýst um það hvað þú trúir á. Hvað kostar þitt frelsi?

Er þitt frelsi þess virði að berjast fyrir því?



Við ætlum ekki að koma efnahagslífinu í uppnám. Íslensk fyrirtæki sem eru í eigu Íslendinga eiga sama rétt á að ganga yfir í Þjóðveldi eins og þeir Íslendingar sem eiga þau. Þeir koma inn á sömu forsendum og aðrir Íslendingar. Íslendingar koma yfir með sínar eignir og afskrifa samtímis skuldir sínar.

Íslenska viðskiptalífið gerir hið sama, hvort sem það eru almenn fyrirtæki í eigu Íslendinga eða, bankar. Við tökum þó ekki stofnanir Lýðveldisins yfir. Við mótum stofnanir Þjóðveldis frá grunni og endurhönnum hið Íslenska kerfi. En embættismenn og annað heiðarlegt fólk sem sinnir sínum störfum hjá stofnunum Lýðveldisins geta að sjálfsgöðu komið yfir. Það er ekki vilji okkar að útskúfa neinum sem getur að gagni orðið fyrir Íslenska þjóð.

Það er eins með fyrirtækin. Þau fyrirtæki sem koma yfir og vilja taka þátt í endurreisn okkar lands geta að komið yfir með eignir sínar ef þau afskrifa sínar skuldir bæði innlendar sem erlendar. Þeir afskrifa skuldir Íslendinga við sig og taka þátt í endurmótun viðskiptalífs og starfsemi okkar lands. Við endurræsum Ísland með hreinan skjöld.

Nú segja sumir „það verður allt vitlaust hér í óðaverðbólgu.“ Ætlar viðkomandi að segja mér að hin Íslenska þjóð geti ekki lært af mistökum sínum? Getur þú lært af þínum mistökum?

Ég trúir á hina Íslensku þjóð. Ég trúir fyrst á Guð og síðan á Íslenska þjóð og að lokum á sjálfan mig. Ef þú trúir ekki á þjóðina, skal ég biðja fyrir þér, þangað til trú þín vaknar.

Ég hef sagt áður og ég segi aftur, við hendum því sem ekkert gagn er í. Við hendum því sem er okkur verðlaust og brennum það. Við varðveitum og endurmótum það sem er okkur einhvers virði.

Þjóðaríþrótt Íslenska viðskiptalífsins er kennitölufلاك. Kennitölufلاك hefur auðveldað mörgum Íslenskum fyrirtækjum að ná fótfestu. Íslenskt viðskiptalíf er ekki alltaf auðvelt. Að þjóð skipti um kennitölu? Hví ekki?

Ísland skiptir um kennitölu og skellir inn raunlýðræði í leiðinni.



32. *Brautreyndar hugmyndir*

Ég fékk frábæra athugasemd í dag. Ég hef nú fengið þessa athugasemd gefna í skyn öðru hvoru og venjulega svarað henni í persónulegum samtölum. Ég hef sagt frá upphafi að ég vil deilur um Þjóðveldi. Ég vil skoðanaskipti og málefnalega umræðu. Á Þjóðveldis hugmyndin erindi? Þess vegna stíg ég fram. Ég vil umræðu og niðurstöðu.

Endurreist Þjóðveldi er hugmynd og hún er gjaldgeng. Hún var notuð á Íslandi í þrjú hundruð og þrjátíu ár. Íslenska lýðveldið er fulltrúalýðveldi – sem er grundvallað 1874 og standsett árið 1918. Það er því helmingi yngra.

Við höfum því tvær nothæfar hugmyndir sem báðar virka og hafa verið notaðar á Íslandi. Þeirrar eldri er saknað áttahundruð árum eftir að hún var lögð af. Fjöldi fólks er reitt út í Lýðveldið. Báðar eru hugmyndir og hafa verið prófaðar. Báðar eru virkar í huga þeirra sem hafa kynnt sér þær. Hið eina nýstárlega er að þó margir segi „við þurfum Þjóðveldið aftur“ hefur engum hugkvæmst hvernig það sé geranlegt.

Þjóðveldisfélagið hefur uppskrift að geranleika sem er vissulega djörf en vel geranleg.

Ég var tvístígandi mánuðum saman áður en ég hóf að stíga fram með hugmyndina. Ég reyndi að vega og meta hana á heimspekilegum forsendum. Ég vildi meta þessa hugmyndafræði frá sem flestum sjónarhornum áður en ég hóf umræðuna. Því hóf ég hana þannig að ég ræddi við fólk í mínu tengslaneti og smám saman fíkraði mig áfram og tók fólk talki hvar sem ég fór. Fyrst og fremst til að fá annarra sjónarmið og sjá hvort hugmyndin gæti staðist málefnaleg rök.

Ég hóf því umræðuna á Vefnum því ég fékk jákvæð viðbrögð frá átta af hverjum tíu sem ég ræddi við, og ég hef ekki enn rekist á mótsvör sem erfitt er að hrekja.

Fyrrgreindur kunningi minn skrifaði mér þessa athugasmed: „Hvaða tryggingu hef ég fyrir því að í Þjóðveldi verði ekki áfram þetta nöldur, og útásetningar, og rígur og rógur, og niðurrif, og rifrildi eins og er í dag?“



Ég segi eins og er. Þú hefur enga tryggingu fyrir því!

Í enni þeirrar bóka sem ég hef lesið um eldra Þjóðveldið sá ég þá athugasemd að á þeirri öld mikið rifist, en málefnalega. Menn útkljáðu sín deiluefni á þingum, og fyrir dómstólum. Þá var æðsti dómstól landsins Lögrétta á Alþingi. Við höfum öðru vísi dómskerfi í dag.

Ég á engu að síður eitt svar við þessari spurningu. Það er byggt á hugmyndafræði sem er þekkt hugarkerfi sem heitir „Ferli hins jákvæða vilja.“ Hún er þessi: Þegar þú finnur í þér þann kraft sem byggist á jákvæðum forsendum og finnur hvaða sköpunargáfu þú býrð yfir, þá finnur þú aukinn kraft til athafna og umsbreytinga. Það fyllir segl þín meðbyr og þetta hef ég sannreynt að sé rétt.

Þetta er akkúrat mergurinn málsins: Ferli hins jákvæða vilja er máttugt, kröftugt og jákvætt. Þegar maður finnur sinn eigin jákvæða meðbyr og vilja, finnur maður þann kraft sem í manni býr. Þegar maður á þann eld missir maður áhugann á nöldri, rifrildi, þrætum, og niðurrifi. Maður fær aukinn áhuga á uppbyggingu, samvinnu, málefnalegum umræðum, ásættanlegri niðurstöðu og maður fær virðingu fyrir vilja meirihlutans. Svona mætti áfram telja.

Ég hef áður sagt að ég hef Þjóðveldið í blóðinu eins og aðrir Íslendingar. Gildi þess eru lýðræði, jöfnuður, skapandi hugsun, umræða, frelsi og svo framvegis. Trú á sjálfstæði og dug í eigin brjósti er einn af hornsteinum okkar þjóðar. Því hef ég mikla trú á hinni jákvæðu hugsun, bæði minni eigin og bræðra minna og systra. Ég veit að það verður jafn mikið stagl í Þjóðveldi eins og í Lýðveldi. Ég veit að út úr því stagli mun fólk finna betri niðurstöður en finnast í dag. Fólk mun finna aukinn jákvæðan kraft til uppbyggingar og endurmótunar okkar samfélags. Það mun búa vel í hagin fyrir framtíðina og kenna börnum sínum slíkt hið sama.

Þetta veit ég að Íslensk þjóð mun gera.

Íslenska lýðveldið og Alþingisómynd þess hefur kennt okkur að búa við ótta, kvíða, svartskýni og vantrú. Þjóðveldið stendur fyrir mun jákvæðari og sterkari gildi.



Á Þjóðveldishátíð rís Íslenska þjóðin og segir „Já ég vil Þjóðveldi og yfirgef Lýðveldið.“ Þegar hún gerir þetta framkvæmir hún vilja sinn í stað þess að tala um hann. Hún hættir að bíða eftir að Þjóðkjörnir fulltrúar geri það fyrir hana. Þegar Þjóðin eigin örlög í eigin hendur veit ég að skoðanaskipti sem áður hétu ríður verða að skoðanaskiptum og umræðum. Þær munu leiða til jákvæðrar og uppbyggilegrar niðurstöðu þjóðinni til heilla.

Ég hef svo mikla trú á þessu og er svo sannfærður að ég fagna neikvæðum athugasemdum. Ég fagna því að fá óttann upp á yfirborðið svo ég geti beint slökkvitækinu á eldinn. Ég fagna málefnalegri umræðu, því þar sem tvær skoðanir mætast og rífast í bróðerni fæðist sú þriðja sem kjósa má um og sameinast um.

33. Ástríða lýðræðis

Þegar Þjóðveldið hefur búið um sig í sál þinni þá er eins og ástin grípi þig. Hún gagntekur þig. Þannig er ég gagntekinn af Þjóðveldinu. Ég get get ekki hætt að hugsa um það. Ég ástríðufullur og mér hitnar í hamsi.

Sumir vilja setja allt á fullt og taka samfélagið með stormi. Aðrir vilja undirbúa málið vel, kynna það vel og ræða það vandlega. Allir eru þó sammála um að umræðan skal vera málefnaleg og lýðræðisleg. Engin ákvörðun sé tekin fyrr en vilji meirihlutans er skýr.

Taktu vel eftir að ég tala ekki um kvótamálið eða auðlindirnar. Ég minnst lítið á hvernig skuli móta ríkisstjórn. Hvort við eigum að kjósa forseta eða ekki. Sumir vilja forseta og ríkisstjórn eins og verið hefur. Aðrir vilja að Héraðsþingin velji ríkisstjórn. Enn aðrir vilja að kosið sé um forsætisráðherra og þann ráðherra lista sem hann leggi fram. Enn aðrir vilja að forseti ríkis og þings sé sama embættið. Sumir vilja lögsögumann Alþingis. Ég tek ekki afstöðu til einstakra þátta af þessu tagi.

Hvernig á að skipuleggja heilbrigðis og menntakerfi? Ég tek afstöðu eingöngu til tveggja mála. Ég Þjóðveldishátíð þar sem reisa skal héraðsþingin. Ég vil að



héraðsþing kjósi fyrsta Alþingi Þjóðveldis síðan 1264. Ég vil að Alþingi Þjóðveldis taki afstöðu til þeirrar tillögu að yfirgefa Lýðveldið og afskrifa skuldir Íslendinga.

Mín barátta snýst eingöngu um þetta tvennt: Að yfirgefa lýðveldið með afskriftum skulda, og endurreisa raunlýðræði. Einstök mál verða leyst þar lýðræðislega. Í þeim skilningi tek ég ekki neina afstöðu til stjórn mála lýðveldis né stjórn mála þjóðveldis, fyrr en þjóðin velur á milli stjórnkerfa.

Hvernig Þjóðveldi útfærir einstök mál er tek ég enga afstöðu til. Ég treysti Héraðsþingum og Alþingi þjóðveldis til að móta afstöðu.

Ég fylgist vandlega með þjóðmála umræðunni og hef gert í fáein ár. Fólki þrefar um hverju má sleppa, hverju má sinna, hvar vanti málamiðlun, hvað eigi að vega og meta og svo framvegis.

Fólk bendir oft á stóru málin. Hvernig eigi að móta menntakerfi, kvótakerfi, heilbrigðiskerfi, utanríkis mál, erlendar skuldbindingar eða erlenda samninga og svo framvegis. Ég svara fæstum þessara spurninga í greinum mínum. Ég svara einstökum málefnum persónulega en snerti sem minnst af þeim í greinaskrifum. Ég sé þörf fyrir að útskýra þetta nánar.

Í mínum augum er málefnið skýrt. Ég er heimspekingur og hef áhuga á frelsi, heiðri og sjálfsvirðingu, auk annarra heimspekilegra hugtaka. Það er minn styrkur og minn veikleiki.

Einn maður sagði mér nýlega að hann óttast að tapa íbúðinni sinni. Þessi maður á milljónir og er í öruggu starfi. Hann hefur verið í öruggu starfi í meir en þrjá áratugi og með góðar tekjur allan tímann. Það er stutt í að hann fer á eftirlaun og þá mun hann halda góðum eftirlaunum. Hann hefur búið í sömu íbúðinni í þrjátíu ár. Hann eyðir tveimur mánuðum á hverju ári í ferðalög erlendis.

Ég spurði hann „hvernig líður þér að lifa í silkipúða, hefurðu einhverja hugmynd um hvernig það er að búa á landinu okkar? Þú hefur áhyggjur af einni lítilli íbúð samt geturðu keypt aðra á morgun ef þú kærir þig um.“



Samræðurnar urðu ekki lengri því hann varð svo reiður. Ég eyði engu púðri í slíka reiði. Lífið á jörðinni er þannig gert að þú fæðist ekki með sjálfsögð mannréttindi. Þú átt ekki þau líf skjarraréttindi að eignast fimm herbergja íbúð eða einbýlishús og lifa í bómull það sem eftir er. Berjast þarf fyrir lífinu og færa þarf fórnir stöku sinnum.

Ég segi því enn og aftur. Hvers virði er frelsi? Hvers virði er að vera sjálfstæður einstaklingur? Hvers virði er að búa sem frjáls maður í frjálsu landi? Hvaða verðmiða ætlar þú að setja á þetta?

Ertu tilbúinn að selja sálu þína, fyrir eina íbúð? Ertu tilbúinn að selja sálu þína fyrir 110% leið? Ertu tilbúinn að gefa lýðræði þitt fyrir þá von að stjórn mála flokkur sem lofar öllu fögru og er þekktur fyrir að svíkja sín loforð í málþófi, málalengingum, þrefi og þvættingi? Viltu þannig samfélag? Hvers virði er að fá það samfélag sem þú vilt og átt skilið?

Þetta er mín afstaða: Ég tók þá afstöðu að veraldleg verðmæti skipta mig litlu þegar heiður minn er að veði. Ég er alinn upp af mér meiri manneskju. Föðuramma mín innprentaði mér að heiður skipti máli. Grandvarleiki skipti máli. Sjálfsábyrgð skipti máli. Afstaða til góðra málefna skiptir máli. Skoðanir má skipta um en afstaða er styrkur.

Hvort þú átt hundrað kall í veskinu eða þúsund kall er ekki það sem máli skiptir. Í báðum tilfellum áttu afgang og þú þarft ekki að eiga fyrir sjónvarpsrás eða örbylgjuofni. Þú þarft ekki að eiga fyrir nýjasta bílnum eða endurnýja eldhúsinnréttingu. Þú þarft ekki ný gólfefni og þú þarft ekki að stækka íbúðina þína.

Þú þarft mat, þak yfir höfuðið og fólk í kringum þig sem þú berð virðingu fyrir og ber virðingu fyrir þér. Ég spyr því hvers virði er virðing?

Við horfum á samfélagið vera að hrynja í sundur. Það eru hjónaskilnaðir úti um allt og fjölskyldur standa á svo andlega veikum grunni að þær þola ekki smá bankakreppu. Hvort næsta stjórn stendur vörð um heimilin eða skellir inn



skuldaúrræðum eða hvort ein stjórnin orsakar bankahrun skiptir engu. Það sem máli skiptir eru grunnstoðir Íslensks samfélags og þær eru mótaðar með afstöðu.

Tekur þú afstöðu með skuldaúrræðum og bráðabirgðaúrræðum eða afstöðu með frelsi, virku lýðræði og sjálfstæði? Kreppan okkar er þannig gerð að fólk í Afríku hlær að okkur. Þar býr fólk við alvöru erfiðleika. Ekki láta það hvarfla að þér eina sekúndu að fólk í Afríku sé verra fólk en þú eða minna gáfað en þú bara vegna þess að það hefur annan hörundslit en þú. Það er fólk úti um allan heim með þinn hörundslit sem býr við meiri erfiðleika en litla kreppan okkar.

Kreppan okkar er fjölmiðlakreppa. Hún er mest til í fjölmiðlum og í bankakerfi. Það er satt að stór hluti okkar þjóðar á um sárt að binda í dag en það er hægt að laga efnahgslífið á einni helgi og það verður gert þegar Þjóðveldið rís.

Þá helgi munu Íslendingar afskrifa skuldir sínar. Þeir munu endurreisa sjálfsábyrgð, styrk sinn og andlegt frelsi. Þeir munu sjálfir taka vald yfir landi sínu. Þeir munu taka lýðræðið í eigin hendur og endurmóta það eftir hugsjón sem virkar, hugsjón sem var notuð í rúmar þrjár aldir með virkum árangri.

Það er nóg af húsnæði á landinu. Bankar eru nú í eigu óþekktra erlendra aðila sem eiga margar íbúðir hér sem standa tómur því Íslenskar fjölskyldur voru flæmdar úr þeim. Daginn sem Þjóðveldið rís er það lagfært með einfaldri aðgerð.

Það gengur ekki upp að einhverjir aðilar taka húsnæði af heiðarlegu Íslensku fólki, útaf tölum í töflureikni reka það út á gaddinn og láta húsnæðið standa autt. Það gengur ekki að ríkiskerfi sem í orði kveðnu tilheyrir fólkinu standi aðgerðalaust hjá vegna málamiðlunar og miðjumoðs þvættings sem engum gagnast. Þetta er afstaða.

Íslenska lýðveldið hefur brugðist þjóð okkar. Þjóðveldið mun leysa þá smán og þjóðin mun ákveða sjálf hvernig það verður gert.

Ég legg fram einfalda lausn á því að Íslendingar taka aftur það sem þeir eiga: Vald yfir eigin örlögum. Ef það kostar eitthvað þá kostar það eitthvað.



Til að baka eggjaköku þarf að brjóta egg. Ef grilla skal hrygg þarf að slátra lambi. Til að smíða nýja eldhúsinnréttingu þarf fyrst að fleygja þeirri gömlu.

34. Kóngur valdi fánann

Ég elska Ísland og Íslenska þjóð, sem er hið sama í mínum augum og að elska sjálfan mig. Allt það góða og besta í sjálfum mér sprettur af sama meiði og Íslenska þjóðin. Ég er hluti af henni. Allt sem er gott í minni þjóð er líka gott í mér. Það er eins með það sem er óæskilegt. Í mínum augum er ekkert sem er vont eða illt en sumt er óæskilegt.

Ég var eitt sinn reiðibolti og endaði í fangelsi það. Þar áttaði ég mig á að ég vil ekki vera reiðibolti. Þegar ég kom úr afplánun spurði ég sjálfan mig, tengslanetið og sérfræðinga: „Hvernig get ég hætt að vera reiðibolti?“

Ég leitaði mér aðstoðar og fann mikið af heilræðum, leiðbeiningum, kerfum og uppskriftum. Skref til að vinna bug á þunglyndi, skref til að lækna neikvæðni og svo framvegis. Bækur sem kenndu „líf í gleði“ og margt má telja fleira. Þetta var allt saman frekar flókið. Ég fékk að lokum á tilfinninguna að þessi kerfi snérust meira um tekjur höfundana en þá sem ættu að nota kerfin.

Svo ég ákvað að rækta bara gleðina og gera eitthvað einfalt. Reiðin hvarf. Ég þurfti ekki að vinna á reiðinni. Ég þurfti ekki að berjast við reiðina. Ég þurfti ekki að lækna reiðina. Ég þurfti bara að rækta gleði, mótvægi reiðinnar. Hafi ég verið reiður á skalanum einn til tíu, er ég núna glaður á skalanum fimmtíu til hundrað. Hvað ef heil þjóð gerir þetta?

Ég er alinn upp í samfélagi þar sem ákveðnir hlutir ganga á ákveðinn hátt. Smám saman hættir maður að taka eftir því. Þegar ég var reiðibolti tók ég ekki eftir því. Það er eins með fánann. Hann táknar Ísland og þú elskar hann. Hann er hins vegar ekki þinn og enginn hefur sagt þér það. Fáni Lýðveldisins táknar arfleifðana á Íslandi og Íslenska lýðveldið. Hvítbláinn táknar frelsi Íslands og honum var hafnað.



Ég ók í dag framhjá lögreglustöðinni og þar var ríkisfáninn við hún. Ég horfði á ríkisfánann og hugsaði „hvers vegna eru þeir að flagga ríkisfánanum? Hvaða viðburður er í dag?“

Ég áttaði mig skyndilega á því að spurning er gild. Við erum vön að keyra framhjá opinberum byggingum og stofnunum, við sjáum að þeir gera eitthvað og þeir mega það. Við erum vön því að þeir mega gera allt sem þeir vilja, innan ramma laganna. Þegar þeir fara út fyrir ramma laganna er heilmikil barátta að stilla þá af aftur og oft hafa stofnanirnar mótað lögin um sig.

Ég hef alist upp í samfélagi sem hugsar þannig og er vant því að lýðurinn, eigandi valdsins, hafi ekkert vald yfir eigin stofnunum. Ég hef alist upp sem þegn Íslenska lýðveldisins. Íslenska lýðveldið má gera það sem því sýnist. Stofnanir þess ráða yfir mér. Ég ræð engu! Því vel ég að verða borgari Þjóðveldis. Ég vil frekar vera frjáls ríkisborgari en kúgaður þegn.

Skyndilega gaus upp í mér afleiðing þess að lesa mínar eigin greinar um Þjóðveldi. Það gaus upp í mér hugsunin „ég á þetta, þetta tilheyrir mér, ég er Íslenskur borgari, í Íslensku landi og það kemur mér við ef aðrir Íslendingar þó þeir séu í einkennisbúningi draga ríkisfánann að hún. Ég á jafn mikið í þessum ríkisfána og þeir. Þetta kemur mér við.“

Svo ég vitni nú annan Íslending sem ræddi sem sagði „við munum ekki geta gert þetta, þetta verður ekki hægt.“ Ég svaraði honum „ég veit að þetta er langsótt þó hugmyndin sé einföld.“

Hann svaraði „já hún er falleg en það er svo mikil spilling í kerfinu og mikið af fólki sem er fast í sofandahætti, eða fast í efnahagslegri lægð og dugleysi. Fólk trúir ekki lengur að það geti haft áhrif eða sameinast eins og í Þorskastríðinu.“

Ég svaraði „já það veit ég líka, en ég er ekki að berjast fyrir því hvort þessi skoðun eða hin nái fram að ganga. Það getur verið að Þjóðveldishátíðin hafni mínum hugmyndum!“ Hann leit á mig svo ég bætti við „ég er ekki að berjast fyrir að mínar hugmyndir nái fram að ganga. Ég vil ekki stjórna þessu samfélagi. Ég berst fyrir því að mín rödd sé jafn rétthá og fulltrúa hjá Alþingisómynd lýðveldisins.“



Þegar ég horfi á verk „Alþingis Lýðveldisins“ lít ég niður á það. Ef ég fyrirlít Alþingi þá er eitthvað að. Ég vil Alþingi sem ég get litið upp til og borið virðingu fyrir. Ég vil fá Íslendinga sem líður eins og mér til að hitta mig á Þjóðveldishátíð. Ég vil lýðræðissinnaða, frelsiselskandi Íslendinga sem kjark og dug í eigin brjósti til að hittast á Þjóðveldishátíð og ræða saman. Ég vil ræða um þau gildi sem móta okkar þjóð og skoða hvort þau hafi merkingu.

Ég bætti við „ég vil líka fá þig og þitt sjónarmið þangað svo Íslendingar sem vilja ræða hugmyndir geti skoðað málin. Ekki koma á Þjóðveldishátíð til að samþykkja mínar skoðanir, komdu til að leggja þínar fram og sjá svo til hvað kemur út úr því!“

Ég á tilkall til þjóðfánans, rétt eins og aðrir Íslendingar þó þeir séu í einkennisbúningi, eða í jakkafötum með bindi og segi „háttvirtur þingmaður.“ Ég hef kannað sögu þjóðfánans, farið á kaf ofan í gildin sem hann er mótaður eftir. Ég veit að Íslenska þjóðin vildi Hvítbláann og að danskur kóngur hafnaði honum. Ég veit að rauði liturinn táknar danska fortíð landsins, og þar með kúgun á lýðræðinu.

Ég hef þetta að segja um fánann og ég vil nýjan fána. Ég vil endurmótaðan fána sem táknar þau gildi sem Íslenska þjóðin stendur fyrir. Ég ber virðingu fyrir þessum gildum. Ég hef lifað eftir þeim og verið dæmdur eftir þeim. Ég segi við háldanska fánann, sem við höfum aldrei gefið nafn, þú út og annar inn. Ef þú hefur eitthvað um þetta að segja þá skiptir máli hvort þú talar af þekkingu og virðingu.

Þó viðmælandi minn hafi viðhaft efasemdir um þjóðveldisbaráttuna, þá er hann lýðræðissinni. Hann þráir það lýðræði sem endurreist Þjóðveldi boðar en hann efast um trú og dug þjóðar sinnar. Hann verður upptekinn á sumarsólstöðum vegna ýmissa atriði sem hann segir frá í hálfum hljóðum. Hann veit að þjóðveldishátíðin er það mikilvægasta sem gerst hefur á Íslandi síðan 1264. Hann veit að ég mun einn mæta og standa með þessum gildum. Íslenska þjóðin hefur fórnað gildum sínum fyrir fána sem ber ekki nafn!



Mér þótti mjög vænt um að skyldi koma og tjá mér efasemdir sínar. Það segir mér hvaða traust hann ber til þess málflutnings þjóðveldis. Hann treystir að hann geti sagt mér efasemdir sínar, vitandi að ég tek þeim vel. Þó ég sé ósammála öðrum þá virði ég skoðanir annarra og sérstaklega málefnalega umræðu, því sú virðing er hornsteinn raunlýðræðis.

Hann var því að tjá mér efasemdir sínar til að gefa mér færi á að bregðast við þeim. Sem ég gerði á eins jákvæðum forsendum og mér var unnt, með því að bera virðingu fyrir hans skoðunum og tjá honum mínar skoðanir á eins virðingarfullan máta og mér var unnt.

Mér er nefnilega sama hvaða skoðun aðrir hafa. Mér er sama hvort þú ert Þjóðveldissinni eða Lýðveldissinni. Mér er ekki sama um hvort þú takir afstöðu með ónefnda fánanum eða endurgerðum Hvítbláanum. Mér er alveg sama hver verður niðurstaðan í þessu gamla deilumáli Íslensks samfélags. Deilumáli sem er beitt svívirðilegri þöggun: Viljum við Þjóðveldi eða Lýðveldi?

Við getum ekki litið framhjá þessari spurningu. Við getum ekki litið framhjá spurningunni „ertu frjáls maður?“ Við getum ekki litið framhjá spurningunni „viltu lýðræði eða spillingu?“ Við getum heldur ekki litið framhjá grundvallar spurningunni „hvernig samfélag viltu og hvað ertu tilbúinn að leggja af mörkum til að skapa þitt samfélag?“ Þetta er grundvallar spurningin.

Ég áttaði mig á því fyrir löngu síðan að ég get ekki tekið afstöðu til sjálfs mín nema taka afstöðu til samfélagsins. Ég get ekki tekið skref til að endurbyggja eigin sjálfsviðhorf og eigin persónu eftir jákvæðum gildum nema gera með tilsjón til samfélagsins. Því allt sem ég segi og geri innan um annað fólk tekur þátt í mótun þess samfélags sem ég á með þessu fólki.

Ég hef endurmótað sjálfan mig til að geta tekið þátt í samfélaginu á eins jákvæðan máta og ég treysti mér til. Það er því grundvallar spurningin í mínum huga, hvernig samfélag viltu? Ég áttaði mig á því þegar ég svaraði þessari henni að ég gæti ekki sætt mig við að bíða í sófanum með fjarstýringu og bíða þess að einhver gerði þetta fyrir mig. Þess vegna fór ég að gera eitthvað sjálfur.



Í dag fékk ég tölvuskeyti frá Íslendingi sem ég hafði sent tölvuskeyti fyrir nokkru. Ég hafði beðið hann að íhuga hvort hann vildi taka að sér ákveðið verkefni í hag Þjóðveldis. Ég bað hann að íhuga hvort hann tæki að sér mjög vandasamt ólaunað verkefni. Ég átti ekki von á að hann myndi svara mér.

Hann svaraði mér kurteislega og ég brást við svari hans á jákvæðan máta. Mér þótti vænt um svar hans án tillits til þess hvað svarið inniheldur.

Rétt eins og ég nefndi fyrr að maður sýndi mér traust til að bregðast við skoðunum sínum með jákvæðni þó við værum óssamála.

Svarskeytið tók afstöðu og skiptir afstaðan ekki máli hér. Hann svaraði mér því honum fannst beiðni mín vera svara verð. Hann tjáði sig um erindi mitt af yfirvegun og kurteisi. Fékk hann sömuleiðis kurteist svar með þeirri virðingu sem honum bar.

Hver afstaðan sjálf er skiptir engu máli. Hver og einn tekur afstöðu til eigin tilveru um hvernig henni sé lifað og eftir hvaða trú. Ég ber virðingu fyrir þessu og ætlast til að aðrir sýni sömuleiðis virðingu fyrir mínu. Þetta er grundvallar sjónarmið raunlýðræðis og þar með Þjóðveldis. Ég er frjáls maður í frjálsu landi. Ég á rétt til að lifa mínu lífi á þann hátt sem ég grundvalla. Ég er reiðubúinn að sýna grundvallargildum samfélagsins virðingu.

Ég er þannig reiðubúinn að sýna skoðunum annarra og afstöðu þeirra virðingu. Það er til fólk í þessu samfélagi sem tekur afstöðu til lífs og þjóðríkis á þann veg að ég fyrirlít skoðanir þeirra. Ég fyrirlít ekki fólkið sjálft. Ég fyrirlít í raun engan mann.

Það eru allir velkomnir í Þjóðveldið og allar skoðanir eru velkomnar í Þjóðveldið. Þetta er kjarni málsins: Hvernig samfélag viltu og ertu tilbúinn að bera virðingu fyrir skoðunum annarra? Geturðu lagt reiði, ólund og nöldur til hliðar og taka upp málefnalegar samræður og virt niðurstöðu meirihlutans? Þetta er Þjóðveldið.

Þjóðveldið er þannig jákvæð og kraftmikil hugsjón til góðra gilda samfélags og einstaklinga.



Ég hef séð hjá fólki sem hefur tekið afstöðu til Þjóðveldis og hugleitt gildi þess að þau hafa áhrif á fólk. Ég sé hjá fólki sem notar þessi viðhorf sem Þjóðveldið stendur fyrir að það hefur jákvæð áhrif inn á við til styrkingar. Ég hef séð fólk byrja á að segja Já, síðan segja Nei, síðan segja Kannski og smám saman hefja jákvæð skref í eigin lífi til að umbreyta eigin samfélagi.

Þjóðveldisumræðan opnar þannig fyrir gildi á borð við virðingu, jákvæðni, samræður og traust. Gildi sem margir telja að séu víkjandi nú til dags.

Við, þú og ég, erum í samræðu. Ég er að segja þér skoðun mína, ég veit að þú munt taka afstöðu til hennar þó ég viti ekki hvaða afstöðu. Þú veist nú að þú getur haft áhrif á þessa þróun, haft samband og tjáð þín viðhorf. Að vera sammála er ekki það sem við stefnum að. Þjóðveldishátíðin er ekki fjöreggið sem við stefnum að.

Ég sjálfur vil að Þjóðveldi verði endurreist, að við yfirgefum Lýðveldið og höfnum okkar skuldbindingum þar. Afstaða til þessa verður tekin á Héraðsþingum og Endurreistu Alþingi þegar þar að kemur. Ég veit ekki hvenær það verður en ég veit að Þjóðveldi rís aftur.

Verði spá mín ekki að veruleika skiptir þó heldur engu máli: Hvernig samfélag viltu, hvaða afstöðu tekurðu, hvað vilt þú gera í málinu?

Umfram allt taktu afstöðu og sýndu virðingu. Mótaðu samfélag okkar til betra lífs fyrir aðra, eftir góðum Íslenskum gildum - innan Lýðveldis, Þjóðveldis, eða Evrópu - sem stoltur Íslendingur. Þú hefur efni á að vera stoltur af uppruna þínum, þú ert kominn af frábæru fólki.

35. Gildi Íslands sálar

Allt sem ég á, allt sem ég veit, allt sem ég þekki, allt sem ég hef öðlast, allt sem ég hef unnið mér inn, öll mín reynsla, allir mínir vinir, öll mín fjölskylda, allt fólk sem ég hef kynnst, er allt saman Íslenskt. Ég er með Íslenskt blóð, Íslensk gen, Íslenska sögu í mér.



Eins og komið hefur fram lít ég ekki á þetta sem neina þjóðrembu. Ég lít á þetta sem virðingu fyrir aðstæðum mínum og arfleifð. Íslenskt samfélag hefur skapað mig og mótað, það er samfélag sem ég er stoltur af að tilheyra og ég er virkur þátttakandi í. Það er samfélag sem mér finnst ég bera ábyrgð á rétt eins og þú og allir hinir.

Ísland hefur gefið mér mikið og ég ber ábyrgð á því rétt eins og þú. Nú ætla ég að gefa því eitthvað til baka. Ég ætla að setja Íslenskt samfélag í fyrsta sæti fram að Þjóðveldishátíð. Með því sýni ég virðingu mína í verki og dags daglega er þetta mitt hlutverk, hvort sem Þjóðveldi rís eða ekki vinn ég daglega að þeim góðu gildum sem ég trúi að best séu í heimi hér og Íslensk eru.

Ég get því ekki borið fyrir virðingu fyrir Alþingi Lýðveldisins. Heyrt hef ég að svo sé um fleiri Íslendinga. Ég ber ekki virðingu fyrir þingi sem á einum degi rekur fjóra þingmenn úr Íslenskum handgerðum lopapeysum og skipar þeim í vélþrjónaða leppa. Ég ber ekki virðingu fyrir þingi sem niðurlægir natni, samvirkusemi, útsjónarsemi, vandvirkni og fegurðarnæmi Íslenskræra þrjónakvenna.

Íslensk lopapeysa er þrjónuð í höndunum. Hún er þúsundfalt verðmeiri en útlenskt fatadrasl úr næstu verslun.

Alþingi sem leggur meira upp úr leppum sem engu skipta, frekar en peysum sem eru þrjónuð á þig af manneskju sem þú hugsar til í hvert sinn sem þú ferð í flíkina, er ekki það Alþingi sem mínir forfeður stofnuðu til árið 930. Þeir stofnuðu Alþingi sem stóð fyrir dýrmæt gildi sem áttu djúpar rætur í okkar sál, en ekki yfirborðsgildi og orðagjálfur.

Alþingi Þjóðveldis stóð fyrir frelsi, jafnrétti, sjálfstæði, virðingu fyrir lögum, landsins heillum og virðingu fyrir fólki. Virðingu fyrir því hvað við stöndum fyrir en ekki orðagjálfri og sýndarmennsku.

Á því Alþingi sem var rekið í þrjúhundruð og þrjátíu ár, gátu allir Íslendingar kveðið sér hljóðs. Átt þú málsrétt í dag hjá málamyndalýðræði alþingisómyndar lýðveldisins, með bindi eður ei? Hvernig Ísland vilt þú?



36. Endurvarp á umræðuna

Ég átti skemmtilegar samræður í dag við mann sem hefur aldrei gefið neitt út á Þjóðveldið. Hann tekur sína afstöðu en gefur þó áhugavert endurvarp á umræðuna. Hann segist vilja Þjóðveldið og vera því fylgjandi. En hann viðurkennir þó að hann sé vantrúaður á að hægt sé að fá hinn venjulega Íslending til að samþykkja þessa djörfu aðferð sem ég sting uppá.

Taktu vel eftir orðalaginu: Hann er vantrúaður á að hægt sé að fá fólk til að samþykkja þessa djörfu uppástungu.

Í því liggur mergurinn málsins því mikið af fólki hefur heyrt hugmyndina og mun heyra hana sem mun taka sambærilega afstöðu. Því mun finnast hugmyndin falleg, það mun segja „já ég vil sjá þetta gerast“ en lítur svo á að ég sé að reyna að fá fólk til fylgis við mig. Svo er ekki.

Það ætti hverjum að vera ljóst sem heyrir mig tala fyrir hugmyndinni. Ég er fyrst og fremst, og eingöngu, að útskýra eigið sjónarmið.

Vissulega vil ég að Þjóðveldið risi á ný en ég er ekki að reyna að fá neinn inn á mitt sjónarmið. Ég er að kynna mitt sjónarmið og bjóða upp á Þjóðveldishátíð. Þar verður rædd stjórnarskrá, þar verður prófað að halda sýndar héraðsþing og kosið til endurreists Alþingis. Þar mun vilji meirihlutans og málefnaleg umræða ráða. Þar verður raunlýðræði mótað, og ég neita að „reyna að fá einhvern“ inn í það, enda stríðir slíkt gegn lýðræðislegri hugsun.

Það segir sig sjálft eð ef enginn mætir á Þjóðveldishátíð þá er það bara gott og vel, þá er málefnið steindautt. Ég held þá bara áfram minn farveg í tilverunni og þannig verður þetta bara. Hafi Íslendingar misst áhuga og trú á þau gildi sem forfeður okkar mótuðu þjóðina eftir í upphafi þá er það í góðu lagi, vilji meirihlutans ræður.

Ég finn þó og heyrir á fólki að það vill hugsun Þjóðveldis. Það hefur viljað Þjóðveldi aftur síðan 1264. Það er undirtónn og undiralda í þjóðarsálinni sem segir „ég vil þetta.“ Við notuðum svona fyrirkomulag í þrjúhundruð og þrjátíu



ár og við viljum fá þetta aftur.“ Þannig er þetta bara. Svo er annað hvort fólk vill nota mína hugmynd til að endurreisa Þjóðveldið.

Það er alltaf stór hluti fólks sem er hrifið af miðjumóði. Það tekur afstöðu með meirihlutanum og sér sínum hag borgið með því að haga seglum eftir vindi. Sá hópur er ekki tilbúinn til að standa upp og berjast fyrir málstað, heldur vill bíða og sjá hvar meirihlutinn liggur. Það er bara gott um slíkt að segja. Ákveðinn hluti fjöldans tekur slíka afstöðu og það er hluti hins mannlega veruleika. Þægilegasta afstaðan með sem minnstri fyrirhöfn hentar þeim og er það þeirra val.

Þess vegna er ég líka að ræða um þjóðveldishugmyndina, til að gefa þeim sem vilja taka afstöðu og vilja berjast fyrir verðugum málstað færi á að slást í hópinn. Það er mitt markmið. Ég er að ræða um hugmynd til þess að gefa fólki sem hefur svipaða lyndiseinkunn eða svipaða ástríðu fyrir lýðræði og frelsi vettvang til að stíga fram og fylkja sér í verðuga baráttu. Þess vegna undirstrika ég í öllum mínum greinum að hugmyndin er byggð á þrautreyndum hugmyndum sem þekktar eru í sögunni, hugmyndin er ekki mín þó matreiðsla hennar sé rituð af mér.

Ég er því ekki að reyna að selja neina hugmynd, ég er ekki að reyna að fá einhvern í neitt lið. Ég hóf að tala opinberlega þegar ég sá að fólk vill þetta en þorir ekki. Fólk á erfitt með að stíga fram gegn ríkjandi skipulagi og það er átak að skera sig úr með óvenjulegan málstað. Hann verður þó ekki óvenjulegur lengi.

Ég er atvinnulaus og hef ekkert betra að gera en að skrifa og tala. Það er allt og sumt sem ég geri. Ég er ekki að skipuleggja neitt heldur einungis að ræða um Endurreist Þjóðveldi og stinga upp á þjóðveldishátíð, ég er ekki einu sinni að skipuleggja hana.

Ég veit að þegar fjölgar í hópnum verður þar fólk sem mun skipuleggja Þjóðveldishátíð. Ég ætla bara að skrifa og mæla á meðan ég get. Ef ég get ekki lengur talað eða ef það verður þaggað niður í mér þá verður bara að hafa það. Skrif mín, ræður og myndskreið eru öll á Vefnum og verða það áfram.



Hugmyndin er því komin af stað. Hún er komin á Vefinn, hún er læsileg, hún er jafnvel hljóðrituð. Hún hefur verið til í tólf hundruð ár. Hugmyndin fer ekki neitt. Ef eitthvað er þá rís hún.

Það er líka annað viðhorf sem mér þykir skemmtileg í þessum samræðum. Taktu eftir því að hér koma tvö atriði sem bæði koma frá fólki sem ég ber djúpa virðingu fyrir og eru að mínu mati frábær viðhorf.

Seinna viðhorfið er þetta: „Það er búið að vera þannig undanfarið, Guðjón minn, að það er ekki hægt að tala við þig!“

„Nú?“

„Þú finnur tækifæri í öllum umræðuefnum til að koma Þjóðveldinu að og þú eiginlega talar ekki um neitt annað!“

Ég hlýt að viðurkenna að ég sé erfiður vinur þessa dagana. Ég reyndi mitt besta það sem eftir var samtalsins að að ræða um eitthvað annað. Það var afskaplega erfitt.

Þar sem ég er nú kominn á miðjan aldur og hugsa því dálítið hægar en yngra fólk þá lagði ég þetta til hliðar og eftir samtalið eldaði kvöldmat og sinnti heimilisstörfum og þvíumlíkt. En það var eitthvað í þarna sem lét mig ekki í friði og eftir smá umhugsun rann upp fyrir mér ljós.

„Ég er ekki að tala um vogunarsjóðina sem eiga efnahagslíf landsins í gegnum bankana!“

„Ég er ekki að tala um hvað sé skemmtilegt í bíó!“

„Ég er ekki að tala um ástandið í stjórnmálum rétt fyrir kosningar!“

„Ég er ekki að tala um bilaða startarann í bílnum mínum!“

„Ég er ekki að tala um hvað sé í sjónvarpinu!“

„Ég er ekki erfiður vinur með eitthvað lítið atriði á heilanum sem talar í hringiðu um hið sama!“



Ég er að ræða um að endurreisa lýðræðishugsjón sem Ísland var byggt á frá fyrsta landnámsmanni og var ríkjandi fyrirkomulag með okkar þjóð í þrjú hundruð og þrjátíu ár þar til erlendur valdaræningi lagði það niður!

Ég er að tala um að sú spilling sem hefur viðgengist hér síðan 1264 og er enn við lýði hjá Lýðveldinu sé sniðgengin. Að þjóð okkar fái tækifæri til að taka sín réttmætu völd í eigin hendur og leggja spillinguna niður. Ég er að tala um það að þjóðin hætti að bíða þess að Alþingisómyndin við Austurvöll efni loforð sín. Ég er að tala um að þjóðin standi upp og rendurreisi virkt lýðræði!

Annað eins hefur ekki gerst á Íslandi í tólf hundruð ár og þú ætlast til þess að ég líti á það sem kaffibollaspjall sem megji ræða í tíu mínútur og spyrja svo „hvernig líst þér á veðrið?“

Þarf að ræða þetta viðhorf nánar? Ert þú frjáls Íslendingur eða heilaþveginn neytandi?


37. Kraftur landvætta

Ég hef sagt það áður og ég stend við það: „Íslenska fulltrúa lýðveldið“ var skilgreint fyrir okkur og skilið eftir af danskinum. Taktu vel eftir að þegar danskurinn leyfði endurreist Alþingi árið 1874 þá var það eftir danskri uppskrift. Það tók síðan fimmtíu ár að innleiða almennan kosningarétt í áföngum.

Lýðræði hefur ekki verið endurreist á Íslandi frá því það var lagt niður árið 1264. Hefurðu tekið eftir hve hatrammlega stjórnámálamenn Lýðveldisins berjast gegn málskotsrétti forseta síns?

Ég kann ekki fagað orðfæri Íslenskrar stjórnsýslu, sem notar mörg orð um ekkert, en Íslenska lýðveldið er ekki lýðveldi og það hefur ekki ríkt lýðræði á Íslandi frá því Þjóðveldi féll. Þjóðveldið var felld af Noregs konungi árið 1264.

Það valdarán sem fram fór á Íslandi og það ofríki sem elti okkur frá Evrópu lagði lýðræði á Íslandi niður. Eftir að Alþingisómynd fulltrúa lýðveldisins var reist árið 1874 var smám saman innleiddur kosningaréttur fram undir 1930, eða þar um bil. Í fyrstu máttu einungis efnameiri karlmenn kjósa og smám saman efnaminni,



smám saman lækkuðu mörkin niður í tuttuguogfimm ára aldur og með tíð og tíma niður í tuttugu og eins árs aldur og með tíð og tíma fengu konur kjósa.

Þvílíkur höfðingsskapur! Þetta ferli segir allt sem segja þarf um valdaskipan Lýðveldis að fyrst um sinn máttu aðeins hagsmunatengdir aðilar kjósa til þings. Það veit hver sá sem fylgst hefur með hvers konar lýðræði þetta skapaði.

Forseti Íslenska fulltrúa lýðveldisins situr á Bessastöðum. Árið 1944 þegar við slitum konungssambandi við Dani var breytt einu smáatriði sem varð til 1. desember 1918 þegar Ísland varð sjálfstætt konungsríki. Það var aldrei lýðveldi. Það var frá upphafi fulltrúa lýðveldi byggt upp eftir Danskri fyrirmynd þar sem konungsríki var smám saman að sleppa völdum af þjóðinni og reisa þingræði.

Því miður höfum við látið blekkjast af nafninu Alþingi. Engin önnur þjóð notar þetta orð, því ævinlega er rætt um þjóðþing og þingræði erlendis og án undantekninga er þá átt við fulltrúaþing eftir fyrirmyndum Evrópumanna. Hið raunverulega Alþingi Þjóðveldis sem sótti völd sín til Héraðsþinga sem byggð voru eftir hugmyndum raunlýðræðis á ekkert skylt við þá ómynd í þinglíki sem situr við Austurvöll og rænir hinu upprunalega nafni.

Þetta var að gerast líka í Danmörku á smaa tíma og það er þannig í Danmörku að þjóðhöfðingi þarf að undirrita lög. Frá 1918 til 1944 breyttist ekki neitt breyttum við konungi yfir í forseta. Eini munur á hlutverkum þeirra er að sá síðari er kosinn. Ekki nóg með þetta heldur tókum við landsstjórasetur Danska konungsvaldsins á Bessastöðum og settum forseta í staðinn.

Forsetinn situr á höfðingssetri konungsvaldsins. Auðvitað hefði verið réttast að hann sæti á Þingvöllum, helgasta stað vorrar þjóðar sem nú er túristastaður með sumarbústaðalóðum handa fyrimennnum. Þarf að útskýra eðli Lýðveldisins nánar?

Endurreist Þjóðveldi Íslands mun rísa. Ég veit ekki hvaða dag það rís og persónulega er mér sama. Rétt eins og Íslensku landvættirnir og Íslenska þjóðarsálin hafa beðið eftir Þjóðveldi síðustu átta hundruð ár. Eitt ár til eða frá



skiptir mig engu því lífið er andartaks draumur og nornir örlaga vita hvenær réttur tími er kominn.

Ég vil þó opna umræðuna. Ég vil sjá Þjóðveldishátíð og aftur er mér sama hvort hún verði fámenn eða fjölmenn. Því ég vil fyrst og fremst mæta á Þjóðveldishátíð fyrir sjálfan mig. Ég vil mæta þar og hitta fólk sem er sama sinnis og á sér sama draum. Hvort ég er síðasti Þjóðveldissinninn sem sýnir afstöðu og mæti þá einn eða hvort við erum fá, það skiptir mig engu, heldur að sýna afstöðu mína í verki.

Læknar íhuga uppsagnir og hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp, enda er þeim boðin smánarlaun. Hálft bankakerfi þjóðarinnar er í eigu erlendra vogunarsjóða sem enginn veit hver á. Bankar fengu 40% af skuldum þjóðarinnar gefins og eru að rukka þær upp í topp með verðtryggingu.

Fólk missir húsnaði sín til banka og Íbúðalánasjóðs. Vinnandi fólk er að lenda á götunni, þúsundum saman, til þess að bankakerfið fái sitt. Skjaldborg var slegin um bankana. Fólk er að hrópa og kalla á réttlæti.

Ég sýni afstöðu mína gegn þessari smán. Geri ég það einn fær fólk það sem það á skilið, því ef þú stendur ekki gegn ofbeldi og valdakúgun áttu skilið að hún éti þig upp.

Þjóð og efnahagslíf hennar hvílir á herðum fólksins. Stjórnámálamenn nota orð á borð við „fólkið í landinu“ og „þjóðin í landinu.“ Þeir tala eins og þjóðin skipti þá einhverju en gjörðir þeirra sýna að þjóðin skiptir stjórnámálamenn engu. Þjóðin er Íslendingar, vinnandi fólk, sem skapar samfélagið í landinu.

Hvernig samfélag viltu? Ertu hluti þeirra röflandi aumingja sem flakka á milli sjónvarpsstöðva og baula í kór yfir óréttlæti en taka enga afstöðu eða ertu stolt og sjálfstæð mannvera sem þorir að standa upp og sýna í verki hver þú ert?

Þessi þjóð okkar! Ekki þessi þjóð, heldur okkar þjóð, hefur ökklað á fótunum. Hún er bundin á klafa spilltra stjórnmála og efnahagsstefnu þar sem einu lausnirnar á vanda fólks sem koma fram eru að láta það skulda 10% meira en 100% af eignum sínum, að virkja fleiri ár og byggja fleiri álver. Hækka skattana svo gjörsamlega í topp að það er búið að hækka alla hugsanlega skatta, búið að



bæta við fleiri hugsanlegum sköttum og skrúfa fólk alveg upp við vegg. Svo koma aðrir stjórnámálamenn sem lækka skatta smávegis en halda áfram að skrúfa spillinguna upp svo þú borgar allt til baka á endanum.

Ég nefndi lækna og hjúkrunarfólk því margir hafa sagt við mig „hvað með heilbrigðiskerfið okkar?“

„Hvaða heilbrigðiskerfi“ spyr ég á móti. Heilbrigðiskerfi snýst ekki um byggingar og röntgentæki heldur fólk sem mætir glatt til vinnu. Fólk er ekki að mæta glatt til vinnu í dag. Það er margra klukkutíma bið eftir einfaldri lækniSSkoðun og margra mánaða biðlisti í einfaldar aðgerðir, það eru fá sjúkrarúm, fólk vinnur á tólf tíma vöktum svo svo örþreytt og útkeyrt að það veit varla hvað það heitir hálfa vaktina. Hvað þá að það geti annast sjúklinga.

Heilbrigðiskerfið snýst um umönnun. Ég ætla ekki einu sinni að ímynda mér hvernig ástandið er hjá kennurum, í okkar góða landi, sem eiga að uppfræða börnin okkar en halda varla einbeitingu í vinnu af áhyggjum af afkomu sinni.

Við vinnum svo mikið og erum bundin í samfélagi lífsgæðakapplaups. Þú ferð með barnið í skólann. Þegar barnið er búíð í skólanum klukkan tvö þarf að setja það í skammtí mavistun til klukkan fimm. Þegar þú sækir barnið úr skóla hefurðu kannski tvo til þrjá tíma með barninu áður en huga þarf að háttatíma.

Einn Íslendingur á mínum aldri sagði mér nýlega. „Meðan við vorum að ala upp börnin okkar neitaði ég mér um að taka þátt í Íþróttum eða félagslífi fyrir sjálfan mig því þessi tími á kvöldin, voru bara pínulítið gægjugat til að eyða með börnunum okkar og þessi tími var mér svo dýrmætur.“

Fólk útréttir á laugardögum og hefur sunnudagana örþreytt eftir vinnu vikunnar til að eyða með börnum sínum. Hvað þá að finnist tími og þrek til að sinna félagslífi? Félagslíf á Íslandi er í lágmarki í dag en félagslíf er lím samfélagsins. Ef ég segi við vin minn sem er uppalandi, „við þurfum að fá okkur kaffi saman“ svarar hann „en ég þarf að finna tíma!“

Fólk í dag er þreytt. Samt höfum við aldrei haft eins mikinn tíma í mannkynssögunni.



Við höfum bíla, við erum fimm mínútur að skjótast eitthvað sem fólk fyrir fimmtíu árum þurfti að fara fótgangandi eða hjólandi og tók kannski klukkutíma. Við eigum í samskiptum við fólk úti um allt land í gegnum síma. Við höfum aldrei haft fleiri tækifæri til það eiga í stöðugum tengslum hvert við annað. Ef þú hefur ekki gsm síma þá með Netinu. Það eru fáanlegir smartsímar sem hafa Netið innbyggt.

Allt kostar sitt. Ef þú ert mánuð á eftir með einn reikningu, þá er hann fljótur að fara til milliinnheimtu. Nýlega þurfti ég að borga þrjúþúsund króna reikning. Hann hafði lent á eftir og var sendur til Motus. Ég hafði verið önnur kafinn og tók ekki eftir því.


Þegar ég fór til að greiða reikninginn var það ekki hægt því að hann hafði verið sendur í milliinnheimtu. Ég fer til Motus og fæ að vita að reikningurinn var kominn í sjöþúsund krónur. Hann hafði hækkað 90%! Milli innheimtustofur og lögfræðistofur hafa það vald samkvæmt lögum, að beita þig fjárkúgun.

Hvað er það annað en fjárkúgun þegar þjónusta sem þú getur ekki verið án, og býr við fákeppni, sendir reikning í milli innheimtu með skömmum fyrirvara og þú hefur ekki val um hvort þú greiðir hann því annars er lokað á síma, hita eða rafmagn? Milliinnheimtan setur það gjald sem henni hentar og kemst upp með að gefa ekkert eftir. Einn ráðherra vildi í upphafi hruns vildi setja þak á slíka fjárkúgun, honum var ýtt til hliðar nær strax!

Hvað ef reikningurinn hefði verið þrjúhundruð þúsund? Hefði hann þá hækkað í sjöhundruð þúsund? Ég var bara einn mánuð á eftir!

Ef reikningur er ekki greiddur hjá mörgum fyrirtækjum innan þrjátíu daga er hann sendur á þrítugasta og fyrsta degi í milliinnheimtu. Ef þú kemur á þrítugasta og öðrum degi að borga þá skaltu biðja fyrir þér því milliinnheimtan gefur ekki eina krónu eftir. Þeir ætla að fá sitt og þú mátt blæða.

Kæri Íslendingur, eða frændi: Þetta er veruleiki Íslands í dag. Ég veit að þú getur bætt við þennan lista á augabragði yfir spillingu og valdkúgun sem beitt er í skjóli Lýðveldis. Ég hef því tekið þá ákvörðun með sjálfum mér að halda áfram baráttu



fyrir Þjóðveldishátíð og Endurreistu Þjóðveldi. Það er nóg komið, hér eru mörkin. Þó ég standi einn er mér sama, það er þá einn Íslendingur sem segir „hingað og ekki lengra“ og meinar það.


Fólk þarf langan tíma til þess að íhuga og taka afstöðu til hugsjónar af þessu tagi. Ég skil það vel. Fólk sem hefur heimili og lítinn tíma og er þreytt, vill hugsa sinn gang vandlega.

Landsvættirnir, almáttugur Guð og örlögin hafa spilað mínar aðstæður þannig að hugmyndin fæddist. Ég hef nú þegar misst allt mitt eins og útskýrt er í bók minni „Varðmenn kvótans.“ Það krefst hugrekks að hefja umræðu af þessu tagi en mér var spilað í þannig aðstæður að hugmyndin fæddist. Ég hef engu að tapa þó ég hefji þessa baráttu. Ekkert starf að missa, engu heimili að tapa og lífi nú þegar á hálmstrái, fjölskyldulaus og alls laus. Það eina sem ég á í dag er heiður minn og ritfæri.

Þetta er kjarni málsins, heyrandi góður. Þó ég sé að þylja upp hluta minna erfiðu örlaga þá er það ekki af reiði eða biturð í garð þeirra sem sök eiga á. Heldur til að að draga fram að ég þekki af eigin raun hvað er að gerast hér á þessu landi.

Ég skil þessar aðstæður, að vinnandi fólk sem er að berjast í bökkum og er þreytt. Það vill eðlilega fara sér hægt, það er mikið þrengt að fólki að það vill ekki fórna því litla sem það hefur. Ég hefði tekið sömu afstöðu hefði ég verið í mínu þægilega starfi hjá hinu opinbera. Ég hefði ekki viljað taka meira en klukkutíma á viku í að ræða Þjóðveldið. Ég hefði gert það með hangandi hendi og hálfum huga, líklega tekið mér ár eða meir í að hugsa málið, án þess að taka áhættu.

Líklega hefði ég þá aðeins litið á Þjóðveldið sem skemmtilega hugmynd og aldrei farið að ræða hana. Því er þó öfugt farið, ég hef nægan tíma til að hugsa og ekkert betra til að gera. Þannig var staða mín þegar ég vaknaði. Ég las mér til um Þjóðveldið, hlustaði á lýðræðisumræðu samtímans, skoðaði heimspólitíkina og lagði saman tvo og tvo. Því næst ræddi ég við vini, því næst félagsnetið og að lokum tók ég ókunnugt fólk tali.



Niðurstaða mín er sú að Fjallkona Íslands vill þessa umræðu í gang. Ég nota svo þjóðlega ímynd því Íslenskur veruleiki er raunverulegur. Sautjándi júní ár hvert bregður Íslensk kona sér í hlutverk fjallkonunnar. Við höfum skjaldarmerki Lýðveldisins byggt upp af fjórum landsvættum. Fólki í sveitum og áhugafólki um dulvísindi ræðir um vætti landsins sem raunverulega. Þetta er okkar Íslenski veruleiki og hann á jafn mikið erindi í umræðuna og raunvísindi eða faglegt orðagjálfur fræðimanna.

Við trúum kannski að vættir þessir séu raunverulegir. Sumir trúa því og aðrir ekki, en þessar ímyndir hafa ákveðið tákni og merkingu sem er okkur raunveruleg. Í nútímanum er búið að móta okkur inn í steriótýpískan veruleika sem við völdum ekki. Okkur er haldið þar fönnum af athyglisverðu efnahagsumhverfi og yfirborðskenndri fjölmiðla afþreyingu. Okkur er misþyrmt af spilltri stjórnmalastétt og ég heyri sífellt fleiri tala um stofnanakerfið á neikvæðan hátt, að þar þurfi að taka til.

Niðurstaða ræðu minnar er mjög einföld: Umræðan þolir enga bið! Við erum hluti þjóðfélags sem er komið fram á bjargbrún. Við stöndum við hengiflug, fyrir framan okkur er hylðýpið og fyrir aftan okkur eru stjórnmalamaður, embættismaður og bankastjóri. Þeir hafa hendurnar í veskjunum okkar og bundið fyrir augun á okkur, þeir hafa ökklaþjárn um fæturnar á okkur, og blóðmjólka alla orku þjóðarsálarinnar.

Þannig er Íslenska þjóðin í dag. Málið þolir því enga bið. Það er ekki Þjóðveldihátíðin sem mun endurreisa Þjóðveldið, heldur er það fólkið sem tekur þátt í umræðunni og mótastöðu. Fólkið sem lærir Borgaralega óhlýðni og styrkir afstöðu sína er fólkið sem mun endurreisa Þjóðveldið.

Þjóðveldihátíði er því samkoma Íslendinga sem hrópa og kalla á réttlæti og eru tilbúnir að gera eitthvað í því. Ég vil móta þennan vettvang fyrir þetta fólk. Þetta er fjölskylda mín, fólk sem tekur afstöðu með kjark og sýn að vopni.

Það er fólkið sjálft sem ákveður hvort Þjóðveldi rís á ný eða ekki og það er hægt að gera það á fjórum dögum. Það tekur fjóra mánuði að ganga út úr Lýðveldinu og endurreisa Þjóðveldið frá grunni í nýtt ríki. Nýtt ríki eftir vilja þjóðarinnar,



mótað af þjóðinni, sem endurnýtir þekkingu sína og afskrifar skuldir sem henni koma ekki lengur við.

Þetta mál þolir augljóslega enga bið. Ég veit ekkert hvað koma margir menn eða konur á þjóðveldishátíð við sumarsólstöður. Ég hef ekki hugmynd um það en ég hlakka til að hitta bræður mína og systur. Þau ákveða svo hvað þau vilja gera.

Ég fylgist með fjölmiðlum og sé marga sérfræðinga koma fram í sjónvarpi, útvarpi, prentmiðlum og á Netinu. Ég skoða hvað sérfræðingar okkar segja. Þeir tala um lífeyrissjóðakerfi, vaxtakerfi, um efnahagslíf, pólitískan raunveruleika, fólkið í okkar góða landi, menntun, heilbrigðismál, auðlindamál og fiskveiðistjórn. Alls kyns sjónarmið koma fram, mörg misgóð, og þau eru vel flest sniðgengin og beitt þöggun af Lýðveldinu rétt eins og þar ráði ferð þverlynd og þröngsýn valdaklíka.

Við lifum á tuttugustu og fyrstu öldinni. Við erum tæknivæddasta þjóð í heimi og í mannkynssögunni. Við erum best menntaða þjóð í heimi og í mannkynssögunni. Við erum engu betur sett en þrælar í suðurríkjum Bandaríkjanna fyrir hundrað og sextíu árum. Það er tími til kominn að viðhorf þjóðarinnar og hennar bestu hugsuða fái rými til að heyrast og að þjóðin fái að ráða örlögum sínum sjálf.

Ég veit að þegar það gerist mun vit hennar og sálarþroski vakna til dáða og við munum á örfáum árum verða leiðandi andlegrar og vitrænnar hugsunar í heiminum, ekki bara í lýðræðisþróun heldur einnig í efnahagsmálum, hugvísindum og öðrum þekkingar og þroskasviðum. Um þetta þarf enginn Íslendingur að efast sem sér hvað í þjóð hans býr.

38. Við erum öfgakennd og sterk

Við Íslendingar erum öfgakennd. Í því felst bæði styrkur okkar og veikleiki. Við duttum í peningasukk á árunum 2004 til 2007. Stækkuðum húsnæðið, skiptum út gólfefnum og eldhúsinnréttingunum og það er gaman. Við erum svoldið svona og förum ekkert að breytast.



Sama hversu margir segja í fjölmiðlum „Íslendingar eru svona og hinsegin“. Hefurðu farið í hinsegin gönguna? Er ekki gaman í'enni? Ég er öfgakenndur Íslendingur. Ég er ástríðufullur Íslendingur. Ég er bjartsýnn Íslendingur. Ég er skapandi Íslendingur. Ég er vinnuglaður og vinnusamur Íslendingur. Ég er kjáni í mörgu en ég er með hjartað á réttum stað.


Flestir Íslendingar hafa hjartað á réttum stað. Þeir sem eru það ekki munu vafalaust færa það til einn daginn. Það er svolítið gaman að því að tala við fólk um Þjóðveldi. Hjá flestum vakna tvær hugsnir. a) Ég er frjáls Íslendingur í frjálsu landi, ég er lýðræðissinni. b) Ég er andlega hugsandi og andlega skapandi, ég vil samfélag eins og Þjóðveldið boðar. Fólk skilur þessar hugsjónir eftir þriggja mínútna samræður.

Ég áttaði mig á þegar ég var að hefja umræðuna fyrir fáeinum mánuðum að hægt var að útskýra hugmyndina á þrem mínútum fyrir næstum því öllum sem ég hitti. Ég vissi vel að það var ekki því ég væri snjall í mæltu máli. Heldur því að ræddi um eitthvað sem býr í hjörtum allra Íslendinga. Eitthvað sem þó er sjaldan rætt um.

Hinn venjulegi maður er þannig gerður að hann vill að einhver gangi fram fyrir skjöldu og segi það sem hann er að hugsa. Þannig er mannlegt samfélag. Það þarf einhver að reisa fánann til að fólk geti fylgt sér á bak viðhann. Við erum von að hugsa í gömlu hjólfari hugans og þurfum að hugsa áfram í gamla hjólfarinu á meðan við erum að hugleiða nýjungar. Við viljum ekki breytingar í hugsun nema vita fyrirfram að þær borgi sig. Stundum er þó hik hið sama og að tapa

Þegar Japanski herinn réðist á Bandaríkin árið 1941, var Kyrrahafs flota Bandaríkjanna rústað á einum morgni. Japanir gerðu sögufræga árás með flugher á Pearl Harbor. Þeir komu með flugmóðurskip aftan að Hawai eyjum þar sem Kyrrahafsfloti Bandaríkjanna átti höfuðstöðvar og megnið af honum var í höfn. Klukkan sex að morgni flugu þeir með tugi og hundruðir sprengjuflugvéla og orrustuflugvéla sem réðust á kyrrahafsloftann þar sem hann var bundinn í höfn.

Japanir vissu vel að Bandaríkin höfðu tífalt meiri framleiðslugetu. Þeir vissu að það yrði tvísýnt hvort þeir myndu vinna þetta stríð. Þetta var mikil hugdirfska



og það var mikið af fólki í Asíu sem bar virðingu fyrir hugdirfskunni þó hún hafi kannski verið kjánaleg.

Bandaríska þjóðin áttaði sig öll sem einn maður á því að Japanir frömdu illvirki á sér. Japanski flotinn réðst í skjóli nætur á flota sem var í höfn og það voru engar stríðsáætlanir í gangi hjá Bandaríkjunum á þeim tíma. Japanir réðust fyrirvaralaust á Bandarísku þjóðina og sökkta kyrrahafsflotanum á einum morgni.

Bandaríska þjóðin er upp til hópa vel þenkjandi og gott fólk sem við öll berum virðingu fyrir. Það er margt gott að gerast í Bandarískri menningu sem hefur jákvæð áhrif á þjóðlönd um allan heim. Þó það sé umdeilt hvað þeir gera fyrir botni Miðjarðarhafs, þá vitum við þetta öll. Þessi þjóð ásamt Frakklandi hafa staðið í fararbroddi lýðræðisþróunar í heiminum og í þessum ríkjum stendur menntun og skapandi hugsun mjög framarlega.

Bandaríska þjóðin fylkti sér öll sem einn maður á bak við efnahagslífið og herinn og hóf mikla uppbyggingu. Japanir vissu í upphafi stríðs að Bandaríkin hefðu fimmfalda framleiðslugetu á við sig en hún reyndist verða fjórtánföld því það var svo mikill kraftur settur í uppbyggingu og átak. Bandaríski flotinn var endurbyggður á hálfu ári og hóf mikla gagnsókn sem stóð yfir í fjögur ár. Japanir reyndust erfiðir andstæðingur en hann varð að láta undan.

Bandaríski flotinn sigraði Japani með einu kjörorði eða setningu: Það útleiggst þannig á ensku „Into Harm's Way.“ Við eigum Íslenskt með sömu merkingu sem hljómar svo: „Inn í hættuna miðja.“

Þegar fámennur hópur manna vegur að heilli þjóð eins og var gert á árunum 2004 til 2008 og þegar fámennur hópur manna fjótrar heila þjóð eins og hefur gerst á árunum 2008 til dagsins í dag: Þá er ekki alltaf best að hugsa málið og huga að því hvort þú tapir bílnum eða orðspori við að fara inn í hættuna miðja.

Stundum þarf að gera það sem gera þarf og geta sagt: „Ég stend með þjóð minni og arfleifð. Ég stend með siðferði, ég stend með réttlæti.“

Við erum ekki að tala um lítið verk og það getur vel verið að það þurfi langan aðdraganda að því, en Þjóðveldihátíð verðum við að reisa. Við verðum að ræsa þá



umræðu meðal hins almenna manns hvað hann standi fyrir og hvernig samfélag hann vilji móta. Hvort hann vilji að valdaklíkur Lýðveldis móti samfélagið eða hvort við eigum að gera það sjálf.

Ég vil hitta mitt fólk á útihátíð á Þjóðveldishátíðinni. Ég vil taka í hendurnar á því, horfa í augun á þeim sem ég hitti. Ég vil að sjá og heyra aðra sanna Íslendinga. Ég vil finna að ég sé partur af þeim. Þjóðveldið rís þegar Þjóðveldihátíð verður nógu fjölmenn af slíku fólki!

Fólk segir „þetta er allt of skammur undirbúnings tími.“ Það tekur fjögur símtöl að útvega þjóðhátíðar tjaldbúð og fá þau á staðinn. Það tekur örfá símtöl í viðbót að finna tónlistarfólk sem vill mæta. Þá kemur einhver og segir „það verður að skipuleggja og undirbúa!“


Ég segi „nei“ við alla hælbita. Ég er tilbúinn til þess þegar ég mæti á Þjóðveldishátíð að eyða smátíma með þeim Íslendingum sem geta gengið beint til verks að reisa tjöldin og byrja að grilla. Íslendingar eru duglegt og útsjónarsamt fólk sem eitt sinn nennti að vinna og taka til hendinni. Við erum útsjónarsöm, hugvitssöm og vinnusöm þjóð. Smá ringurlreið eitt kvöld við að reisa eina Þjóðveldishátíð þarf engan undirbúning með slíkt fólk í liðinu.

Ég er ekki þess konar Íslendingur að ég þurfi að láta gera allt fyrir mig, skipuleggja fyrir mig eða úthugsa fyrir mig. Ég vil taka þátt sjálfur og þetta fínt tækifæri til þess.

Þjóðveldið reisir þann fána að hún að við tökum sjálf ábyrgðina. Við gerum þetta sjálf. Við þurfum ekki að hugsa málið í fyrir framan sjónvarpsþátt, til að ákveða hvers virði frelsið er, eða hvers virði það er að teljast upprétt manneskja í okkar landi. Við þurfum ekki að hugsa málið hvort við séum verð okkar forfeðra. Þetta er málið!

Viltu Þjóðveldi? Viltu lýðræði? Viltu héraðsþing? Viltu málefnalega umræðu? Viltu jákvæðan, orkumikinn sköpunarkraft?

Ef svarið er já þá vertu með. Skráðu þig í félagið. Mættu á Þjóðveldisfund, þegar hann verður fjölmennur þá rís Þjóðveldið sjálfkrafa.



Hugmyndin er úthugsunin og mótuð. Hún hefur verið tilbúin í áttahundruð ár. Við þurfum að breyta örfáum hugtökum. Við þurfum að laga til og fínpússa einhver smáatriði. Ef við getum það ekki á nokkrum dögum, hvers virði er þá öll okkar menntun?

Auk þess höfum við alla menntun og dug í landinu til að endurmóta allar okkar stofnanir til bráðabirgða á fjórum mánuðum, og tveim árum síðan fullmóta það kerfi í gegnum virkt raunlýðræði.

39. Að kúga kerfið

Ég sniðgeng heimabanka og það hvarflar ekki að mér að fara í hann. Ég treysti ekki bönkum. Ég get ekki treyst fyrirtækjum sem blóðmjólka þjóð án samvisku. Ég borga því aldrei reikninga í heimabanka. Ég nota heldur aldrei plastkort sem greiðslumiðil. Ef greiða þarf reikninga, fer ég á staðinn og borga yfir afgreiðsluborðið. Þar fer ég yfir reikninginn og á samskipti við þann sem ég á í viðskiptum við. Í mínum huga snúast viðskipti um fólk en ekki tölvufærslur.

Mér er sama þó ég sé rukkaður um seðilgjald og hraðbankagjald. Þessi gjöld eru ofbeldisaðgerðir ætlaðar til að halda mér við kortin og heimabankann, svo bankinn haldi mér innikróuðum.

Mér er því sama þó ég borgi seðilgjald og færslugjald. Ég sniðgeng tölvukerfi bankakerfis til að sýna vanþóknun mína í verki. Ég tef fyrir kerfinu þegar ég mæti á staðinn til að greiða. Ég held fé utan við hvelfingar þeirra með því að taka út það sem ég ætla að nota í hverjum mánuði. Ég meina þeim um veltuvexti þegar ég meina þeim um að geyma fé mitt.

Ég geri mér ferð á afgreiðslustaði og greiði í persónu, þannig tef ég fyrir þeim. Auk þess er góð tilfinning að hafa fé á milli handanna, tilfinning sem heimabankinn meinar mér um. Þannig er það raunverulegri reikningur sem berst mér í pósti en inn í tölvukerfi. Þannig er peningurinn raunverulegur.

Að fara í heimabanka og merkja við reikninga á skjá og smella á bunkagreiðslu er ekki raunverulegt. Það er bara eitthvað á tölvuskjá. Það er ekkert verðmæti í



því. Athöfnin er óraunveruleg og kerfið sem beitir okkur ofríki vill þetta. Þeir vilja að við skreppum inn í heimabankann og afgreiðum okkur sjálf. Þeir vilja að við missum tilfinningu fyrir verðgildi. Þannig geta þeir beitt bóluna þöggun.

Það er ekki mörgum ljóst að bólan er enn í gangi enda er hún þöggud. Fjölmiðlar standa illa vaktina í þeim efnum og þeim er vel ljóst að fjármálakreppa er hluti af ríkjandi fjármagnskerfi og er þessu kerfi nauðsynleg. Almennigur er illa upplýstur um þetta og fjölmiðlar standa illa undir ábyrgð sinni og reyna jafnvel að sniðganga ábyrgð. Margt fjölmiðlafólk heldur því fram að fjölmiðlar séu bara venjuleg fyrirtæki sem litlu skipti í framvindu samtímans. Sá þvættingur er auðhrakinn en er ekki viðfangsefni mitt.

Valdakerfin vilja að við eyðum tíma í tölvunni heima frekar en gera ferð til þeirra. Þar með geta þeir fækkað starfsfólki og einnig vanið fólk á viðbragsleysi. Fólk sem vill sitja heima og fela öðrum ábyrgð tekur síður afstöðu ef það lætur vel við taum. Ég neita að vera tjóðraður í sjálfvirk kerfi og vel að tefja fyrir. Ég er þannig að beita borgaralegri óhlýðni.

Þetta er eina virka verkfærið sem ég hef til mótrþóa. Ég vel að láta þannig vita að ég læt ekki vaða yfir mig. Í hvert sinn sem ég fer á afgreiðslustað ræði ég við starfsfólk og gef því færi á að vera manneskja en ekki starfsmaður. Ég geri viðkomandi ljóst með einum eða öðrum hætti hvað ég er að gera og hvað ég stend fyrir. Oft lendi ég þannig í áhugaverðum samræðum við fólk.

Ég læt afgreiðslufólkið vita hver staða mín í samfélaginu er og hvernig búið er að fara með mig. Ég læt það vita fyrir hvaða gildi ég stend. Yfirleitt hitti ég fyrir jákvæða Íslendinga sem hafa áhuga á gildum rétt eins og þú. Mér finnst tíma mínum vel varið að hugsanid Íslendinga, jafnvel þó viðkomandi sé í afgreiðsluhlutverki. Ég hef átt mörg góð kynni af fólki einmitt vegna þess að ég gerði mér far um að láta hafa aðeins fyrir mér.

Ekki má gleyma að starfsfólkið er í hlutverki. Starfsfólkið er ekki alltaf sammála yfirboðurum sínum. Það er styrkjandi fyrir starfsfólk að finna að þau eru ekki ein. Það að taka sér ferð á hendur í bankann, eða stofnunina, og eiga fimm mínútna samtál við annan borgara gæti orðið atvik sem viðkomandi man dögum saman.



Þú gætir skapað samskipti með þessu sem skapa ný viðnáttutengsl eða í það minnsta eykur virðingu innan samfélagsins.

Þú veist ekkert um hvaða áhrif þú hefur fyrr en þú tekur afstöðu. Það er sístækkandi hópur fólks að taka afstöðu dag frá degi. Það er þess virði að finna til samstöðu með hugsandi fólki, í það minnsta frekar en að sitja heima yfir afþreyingum í sjónvarpstækjum. Ég neita því að láta loka mig inni við imbakassann einangraður frá öðru fólki.

Því nota ég ekki heimabanka. Ég læt ekki stjórnkerfið beita mig þvingun sem gerir mig að dofnu hjóli í þeirra vél. Minn borgaralegi mótþrói stendur gegn því að ég sé tannhjól í vél. Ég lifi sjálfstæðu lífi. Ég fæddist sjálfstæður, frjáls, einstaklingur inn í náttúruna. Ég fæddist ekki sem kennitala inn í maskínu eða vélrænan heim. Ég streitist því á móti þessari maskínu.

Þessi grein er viðauki við aðra grein mína um borgaralegan mótþróa. Rétt eins og ég hef áður nefnt þá strauja ég aldrei kortið. Ef mig vantar eitthvað sem kostar tvö til þrjú hundruð krónur og ég er ekki með upphæðina í veskinu þá hvarflar ekki að mér að strauja kortið.

Ég nota ekki kort sem greiðslumiðil heldur nota peninga. Að meðaltali er ég að sjá 15% sparnað frá því ég hóf mótþróann. Ég tek því hýruna mína út um hver mánaðamót, geymi hana á öruggum stað og eyði bara því sem ég hef á mér.

Ég veit um fullt af fólki sem gerir þetta. Sumt fólk hefur keypt ódýran peningaskáp og boltað hann við steinvegg á földum stað, læstan bæði með lykli og talnalás og geymir þar allt sitt fé. Slíkir skápar kosta sáralítið og hefur sala á þeim aukist frá hruni.

Vasabankinn er þannig borgaralegur mótþrói og hann hefur vægi.

„Þá færðu ekki vexti!“ Segir einhver.

„Kannski ekki, en með þessari aðferð spara ég meira og fær meiri pening út úr þessu en ég hefði annars fengið með vöxtunum.“



Bankar og stofnanir vilja að þú notir heimabanka því þá borgar fólk fleira og mögmunarlaust. Ekki má gleyma að bankar tengjast víða inn í viðskiptalífið. Nú orðið greiði ég eingöngu það allra nauðsynlegasta og ég fer alltaf í eigin persónu að greiða reikninga og aldrei fyrr en á eindaga, eða rétt áður en reikningur fer í milliinnheimtu. Þannig held ég fé mínu lengur hjá mér og finn fyrir vægi mínu.

Auk þessa skrifa ég kvörtunarbréf yfir hverju einasta atriði sem fer í taugarnar á mér í viðskiptum. Ég minni viðskiptavinum mína á að viðskipti snúast um fólk og að kennitalan mín er meira en númer í tölvufærslu. Ég hef einnig samskipti við fulltrúa bæjarstjórnar og bæjarstjórn þygi mér það eiga við.

Vantar hraðahindrun í götuna þína? Var opinber starfsmaður frekur við þig? Láttu vini þína vita að þú ert að þessu og í hvert sinn sem þú sérð árangur, minntu þá á það. Láttu í þér heyra, bréflega, með tölvupósti eða símleiðis. Það er gaman að því þegar þú kemst upp á lagið með það.

Til gamans má ég til með að nefna uppistand sem varð nýlega í grenndinni. Ég kom á bensínstöð til að kaupa eitthvað smálegt en greiðslukerfið var bilað og hafði verið í rúman hálf tíma. Átta af hverjum tíu viðskiptavinum voru í hræðilegum vandræðum því ekki var hægt að greiða með plasti. Við sem höfðum reiðufé fengum skjóta afgreiðslu. Í hvorum hópnum hefðir þú lent?

Fólk er ekki fífl heldur sofandi í doða og þeim er talið trú um að ekki eigi að trufla kerfið og starfsmenn stofnana að óþörfu. Smám saman er okkur kennt að við eigum að virða stóra bróður og gleymum að hann tilheyrir okkur. Við erum alin á minnimáttarkenndi, ótta og vanlíðan, auk náttúrulegrar meðvirkni.

Þú ert vekjaraklukka kerfisins og félagsnetsins. Þegar þú finnur mótþróaaðferð sem mér yfirsést, láttu mig þá vita svo ég geti sett hana hér inn. Þú hefur meira vægi en þú heldur.

- Viðbót við sniðgengi: Keyptu pylsur og pasta með pakkagrænmeti fyrir „annan hvern dag“. Þannig minnkarðu matarinnkaup um helming og sýnir búðunum hver hafi valdið.



40. *Sæmd er að góðri Stjórnarskrá*

Hvað þarf að koma fram í stjórnarskrá? Hvað kemur fram í stjórnarskrár tillögunum frá stjórnlaganefndinni hennar Jóhönnu?

Já ég veit að hún var kosin! Með mjög flóknum kosningareglum, mjög flóknum. Það þurfti stærðfræðing til að skilja þær.

Stjórnlaganefndin var í raun ekki kosin. Hún var útnefnd af Alþingi lýðveldisins eftir að Hæstiréttur Íslenska lýðveldisins dæmdi kosningarnar ólöglegar.

Ég var ekki sammála dómi Hæstaréttar, vegna þess að dómur hæstaréttar byggðist á hæpnu og erfiðu álitamáli. Hann var lagalega réttur þessi dómur en hver er andi laganna?

Grundvöllur allra laga er sá andi sem þau eru skrifuð í. Sú merking sem samtími þeirrar lagasetningar fer fram á. Þess vegna erum við með dómskerfi þar sem dómari leggur mat á gildi ákveðinna laga eftir flutning bæði sækjanda og verjanda. Þar sem flest rök með og á móti koma fram.

Íslendingar bera mikla virðingu fyrir dómi og lögum. Þess vegna sköpuðum við Alþingi fyrir tólf hundruð árum. Þinghefð var líklega eldri en mest í formi héraðsþinga. Alþingi var fyrsta þing sem grundvallaði Þjóðríki í mannkynssögunni. Við höfðum Lögréttu á Alþingi og síðan hafa Íslendingar alltaf trúað því að með lögum skuli land byggja og ólögum eyða. Lýðveldið er svolítið hrifið af seinni hluta þeirrar setningar.

Ég var ekki sáttur við kosningu til Þjóðlagaráðs á sínum tíma því að kosningareglurnar sjálfar voru flóknar. Ég reyndi að lesa reikniformúluna sem skilgreindi hvernig atkvæði yrðu talin og mér fannst hún flókin. Ég var þó tilbúinn að setta mig við kosninguna engu að síður og sáttur við niðurstöðu kosninganna. Mér fannst reglurnar vissulega flóknar og erfitt að skilja þær en ég sætti mig við þær og kosninguna sem málefni. Hugsjónin á bak við þá kosningu var mér mjög að skapi sem lýðræðissinna.



Sem lýðræðissinni reiddist ég þegar hugtakið „ráðgefandi kosning“ var fundin upp á tíma Jóhönnustjórnarinnar. Ég er algjörlega mótfallinn því að breyta kosningu í skoðanakönnun og nefna ráðgefandi kosningu. Kosningar eru merkilegri en svo að megi gera þær að skoðanakönnun. Ég er stórhneykslaður að þetta nýja, og svívirðilega hugtak sovétríkjanna, mætti engri andstöðu hjá alþingisómynd Lýðveldisins.

Stjórnlagaráðið var því sett á Alþingi lýðveldisins í trássi við dóm Hæstaréttar. Þar með sýndi stjórn og þing landslögum og lagarétti óvirðingu. Þegar stjórnvöld komast upp með að sýna dómsvaldi ríkisins óvirðingu þá er stjórnlagakerfi landsins í uppnámi. Skiptir þar engu hvort alþýða fólks sé sátt við niðurstöðu þeirrar óvirðingar.

Við erum engu betur settari með fasistastjórn eða kommúnistastjórn ef við erum komin í þessa stöðu. Hvað ef stjórnin hefði sniðgengið lög og rétt með óvinsælli aðgerð?

Ef stofnanakerfið og efnahagskerfið sættir sig við svona stjórnarhætti þá spyr ég „hvað með Ísland? Hvað með Íslendinga? Hvað með Íslenska þjóð?“ Fyrir hvað stendur þetta ef alþýðan lætur traðka svo freklega á gildum sínum? Hvað er fleira traðkað og þaggað?

Guð blessi Ísland, það á það svo sannarlega skilið.

Við megum aldrei gleyma þessari valdníðslu. Þó hún þyki ekki merkileg því við vildum fá stjórnlagaráð og vildum ræða nýja stjórnarskrá, þá verðum við að átta okkur á hvað þessi vinnubrögð tákna.

Umræðan sem fram fór í kjölfarið endaði á „tillögum stjórnlagaráðs“ sem skyldu lögð fyrir Alþingi. Taktu eftir að þessar tillögur voru lagðar fyrir Alþingi með samþykki um þrjá fjórðu hluta meirihluta kjósenda en aðeins tveir þriðju hluta kjósenda mættu. Með öðrum orðum var aðeins rúmur helmingur fólks sem vildi tillögurnar.



Meirihluti fólks hafði lítinn áhuga á þessari kosningu og margir sem ekki vildu leggja tillögurnar fyrir! Þriðjungur þjóðarinnar tók ekki þátt. Þar af var þriðjungur þeirra sem mættu, á móti!

Hvers konar stjórnarskrá er rædd þegar helmingur þjóðarinnar tekur ekki þátt eða sniðgengur? Voru það tillögurnar sem voru sniðgengnar, yfirgangur stjórnar við landslög eða val á spurningum? Hver valdi spurningarnar? Hvers vegna fengum við bara að kjósa um fimm atriði af rúmlega hundrað atriðum? Hvaða lýðræði er við völd?

Ég ræddi við fólk sem var ósammála mér varðandi þessi atriði. Margir misskildu orðræðu mína og túlkuðu sem svo að ég væri ósammála þeim atriðum sem tillögur að stjórnarskrá tilgreindu. Fólk vildi fá þessar nýju stjórnarskráartillögur inn á Alþingi og helst að fá Alþingi til að samþykkja þær óbreyttar. Þarna var því fimmfaldur misskilningur á ferðinni sem margur vel upplýstur þegn lýðveldis hreinlega skildi ekki.

Það stóð aldrei til að Alþingi myndi samþykkja þessar tillögur óbreyttar. Þessi stjórnarskrá var samin sérstaklega til þess að ríkisstjórn Jónhönnu og Samfylkingar gæti gengið í Evrópubandalagið. Þetta er hverjum manni ljóst sem fylgst hefur með umræðunni síðustu ár. Jónhönnustjórnin var tilbúin að sniðganga dómsvald og lagahefð Íslendinga til þess að knýja sitt fram. Þetta er vel flestum ljóst.

„Viltu persónukjör?“ Spyr fólk í hita umræðunnar.

Ég svara þá „jú ég vil persónukjör þess vegna berst ég fyrir Þjóðveldi!“ Oft rekst maður á að fólk heyrir bara það sem það vill heyra. Ég óttast oft um gildi þeirrar menntunar sem fólk fær nú til dags.

Margir sem sögðust vilja persónukjör og raunlýðræði vilja ekki ræða um Þjóðveldi. Það virðast ótrúlega margir skoðanabelgir halda að Þjóðveldi sé bara gamalt moldarkofa fyrirbæri.

Þjóðveldi er ein framsæknasta lýðræðis hugmynd sem sést hefur í heiminum. Hún var meira en þúsund ár á undan sinni samtíð, því ekki raunlýðræði hefur



nokkru sinni verið framkvæmt í ætt við það sem þarna var mótað. Þetta er grunnurinn að lýðræðis og umræðuhefð Íslendinga: Forfeður okkar tóku virkan þátt í héraðsþingum og gat nýtt persónukjör til Alþingis í anda síns tíma.

Ég tek ekki mark á nútímafólki sem er ekki málefnalegra en svo að það getur ekki rætt raunlýðræði Íslendinga heldur þrefar bara um stjórnarskrártillögur sem voru jafn langt frá lýðræði og gamla sovét.

Það voru yfir hundrað greinar í stjórnarskrár tillögunum og meirihluti þess fólks sem ég hef rætt við hafði ekki lesið þær og en tók samt afstöðu til þeirra með miklum hita. Fólk virtist sama um að það tók einungis afstöðu til tveggja atriða sem voru mest markaðssett í fjölmiðlum. Fólk er stundum fyndið, það verður að viðurkennast.

Við erum að ræða um að setja upp Íslenska stjórnarskrá fyrir Íslenska Lýðveldið og meirihluti þjóðarinnar hefur enga afstöðu til þess sem þessi stjórnarskrá tilgreinir! Vilt þú búa í samfélagi slíks fólks?

Hvað á að vera í stjórnarskrá? Ég hef lesið stjórnarskrána Íslenska Lýðveldisins og einnig söguna á bak við tilurð hennar. Þetta er auðveld lesning sem tekur tuttugu mínútur í grunninn. Í mínum huga er auðvelt að semja stjórnarskrá eftir að hafa lesið bæði þá gömlu og nýlegu tillögurnar. Ég er rétt rúmlega grunnskólagenginn!

Stjórnarskrá er grundvöllur að því hvernig við mótum okkar lagahefð, réttarríki og mannvænt samfélag. Það er hornsteinn að varðveislu okkar dýrmætu menningar. Ég er sjálfur þáttakandi í mótun stjórnarskrártillagna fyrir Þjóðveldi, þó með hálfum huga því ég vil sem minnst móta hana heldur sjá mér hæfara fólk taka þar til hendinni.

Mín baraátta fyrir Þjóðveldi snýst algjörlega um að reisa Þjóðveldishátíð, rökstyðja hvernig megi yfirgefa Lýðveldið og afskrifa skuldir okkar. Við þurfum þó að móta umgjörð fyrir stjórnarskrá Þjóðveldis og ég styð þá vinnu. Þær tillögur verða ræddar á héraðsþingum og mun ég taka þátt á mínu héraðsþingi í mótun þessarar stjórnarskrár.



En hvað á að vera í henni? Eigum við að hafa forseta? Hvernig á að móta kosningalög? Hvað með auðlindir? Hvernig á að skilgreina eign á auðlindum? Er vatn auðlind þjóðar eða er vatn eign þess sem á landareignina þar sem vatnið rennur? Hver á vindinn? Ef þú reisir vindraforkustöð á þínu landi, hver á þá vindinn sem knýr raforkustöðina? Hver á ána sem er virkjuð til að búa til virkjun eða gufuna sem dælt er upp úr jörðu til þess að búa til virkjun? Er gufulindin það djúpt að hún sé sameign aðliggjandi jarða og hreppa? Hvað ef bæjarfélag ákveður að taka land þitt eignarnámi? Hvaða reglum þarf þá að fylgja?

Hver eru mín mannréttindi? Hvernig á að skilgreina mannréttindi? Hvað með mennina sem fengu dæmt hjá Sameinuðu Þjóðunum að það væri mannréttindabrot að meina þeim um veiðikvóta?

Það er fullt af atriðum sem þarf að skoða ýmist í stjórnлага grunni, eða stjórnarskrá og ákveða hvað skuli frekar móta á Héraðsþingum og Alþingi. Hvað á að vera í stjórnarskrá? Hvernig á að skilgreina hvað sé Íslenskur ríkisborgari? Hvaða kröfur á að setja nýbúum til þess að þeir teljist Íslendingar? Þessa þætti á að ræða og það er ekki hægt nema öll þjóðin ræði það. Smáúrtak í Laugardalshöll sem sníðir lista fyrir stjórnlagaráð valið af Alþingi, það er ekki umræða þjóðar og það sést á þeirri afstöðu sem rúmlega þriðjungur þjóðar sýndi í október 2012.

Nú eru til lög um fyrirbæri sem heitir Bótanefnd. Ég þekki það vel því ég hef verið dæmdur til þess að greiða bætur og er það vel. Bótanefnd hefur leyfi til að hækka dæmdar bætur upp að ákveðnu hámarki og nú er verið að hækka það hámark. Með öðrum orðum: Bótanefnd hefur vald til að þyngja þinn dóm. Þetta er brot á stjórnarskrá Íslenska lýðveldisins.

Þetta er jafn alvarlegt og ef fangavörður mætti loka þig inni í fangelsi lengur en dómur segir til um. Ætti að vera ákvæði í stjórnarskrá við stjórnarskrárbrotum? Hvers vegna fjallar enginn um þetta? Hvers vegna þaggar Lýðveldið allt sem er óþægilegt?



41. Nöldurkeppnin

Íslenska þjóðin er sífellt að nöldra og það er í lagi því það hefur einhverja merkingu. Taktu vel eftir því hvers vegna hún nöldrar en ekki út í hvað. Þjóðin er samsett úr sterku og vel hugsandi fólki, sem hefur ekki vald yfir eigin tilveru.

Á síðustu hundrað árum og sérstaklega síðustu fjörutíu hefur verið þrengt að tilveru fólks í okkar landi (ekki Þessu landi, heldur Okkar landi) og fólk er orðið bæði reitt og biturt.

Fólk sem ekki hefur vald yfir eigin lífi verður yfirleitt reitt og biturt. Það hefur ekki vald eða kraft til að gera eitthvað í málum sem því er umhugað um, eða trúir ekki á getu sína til að gera eitthvað í málum. Því verður það reitt og biturt og finnur að öllu. Sá sem sér hvað er að en hefur ekki vald til að gera neitt í málum verður eðlilega aðfinnslusamur.

Íslendingar eru ekki aðfinnslusamir út af því að þeir séu að upplagi neikvæðir og vanhugsandi. Það er búið að heilaþvo fólk með sjónvarpstækjum, yfirborðskenndum fjölmiðlum og spilltum stjórnmálum áratugum saman og það var geranlegt því samfélagið er smátt. Það er auðvelt að svæfa smávaxið þjóðfélag en erfitt að svæfa stærra, því það er alltaf viss hluti samfélagsins sem stendur vaktina en í smærra samfélagi er sá hluti mun lágværari og því áhrifaminni til að vekja hina. Í okkar smáa samfélagi hefur því verið auðvelt að benda á þá sem vilja vekja umhverfi sitt sem aðfinnslusama og skrítna. Þetta er ástæðan fyrir að samfélag okkar hefur staðið dáðlaust frammi á bjargbrún.

Það hefur alltaf verið veikleiki okkar þjóðar – ekki þessarar þjóðar –hvað hún er mannfá. Það er auðvelt fyrir valdamikla hópa eins og peningahópa og pólitíska hópa að stjórna fámennum hóp. Það er svo auðvelt að valda sundrunu í hópnum og að stjórna mismunandi undirhópum með því að gefa þeim eitthvað sem þeir þrá.

Síðan má einnig stjórna fólki með því að ala á ótta þess við að missa það litla sem það hefur. Sá sem á góða íbúð eða flottan jeppa hefur lítinn áhuga á að berjast fyrir djörfum málefnum ef það gæti kostað hann jeppann og íbúðina.



Hér liggur einmitt mergurinn málsins. Það er búið að heilaþvo okkur. Það er búið að telja okkur trú um að við séum að upplagi reið, bitur, þröngsýn og þverlynd.

Hefurðu séð mynd af tömdum fíl? Hann hefur nægan kraft og styrk til að ráða við temjara sinn og brjóta af sér hlekkina. Fílar eru teknir sem litlir kálfar og bundnir með keðju sem þeir geta ekki slitið. Smám saman venjast þeir því að þeir geta ekki slitið keðjuna og þegar þeir eru orðnir nógu stórir til þess trúa þeir ekki lengur á sjálfa sig.

Ég sé þetta dálítið skýrt í samræðum við fólk um Þjóðveldið. Í samtölum „maður við mann“ er auðvelt að fá hann til að segja „já, þetta líst mér á“. Margt af því fólki sem segir „já ég vil vera með“ þorir þó ekki að sýna opinberlega hvernig því líkar hugsjónin eða taka þátt frekari umræðum. Það er vissulega stórt skref að standa út úr hópnum í litlu landi. Þó þora því margir en standa þá andspænis tveimur hugarhlekkjum.

Annar er sá að fólk er vant að bíða þess að fá lýðræði matreitt fyrir sig. Það hefur falið valdhöfum að fara með valdið og er hætt að sjá að það sjálft hafi vægi, jafnvel hætt að sjá að það beri ábyrgð á því frelsi sem það í raun á. Hin hindrunin er að það trúir ekki lengur á vilja annarra til að stíga fram og vill ekki gera það nema sjá hina gera það fyrst. Svo liggur það yfir bíómyndum sem sýna hetjur gera einmitt það sem við í Þjóðveldisfélaginu erum að gera, stíga fram og taka afstöðu.

Umræðan í fjölmiðlum hefur núið okkur í þá átt að hugsa sem svo. „Þessir Íslendingar, geta ekki neitt, þessir Íslendingar rífast bara, þessir Íslendingar nöldra bara“ og svo framvegis. Hann er hættur að hugsa „við Íslendingar“ og sér sjálfan sig sem stak í neytendaheimi og sér samlanda sína sem „þessa Íslendinga“.

Venjulegur Íslendingur er því farinn að trúa að hann tilheyri þjóð aumingja. Hann sér ekki að með afstöðuleysi sínu en háværum skoðunum gerist hann sjálfur aumingi. Sá fámenni hópur sem núna berst fyrir endurreistu Þjóðveldi eru aumingjar. Munurinn felst í því að þeir vilja ekki vera það áfram og eru tilbúnir að gera eitthvað í því.



Á vissan hátt má segja að munurinn á aumingjunum heima fyrir og aumingjunum í félaginu er að annar hópurinn kastaði sjónvarpsfjarstýringum á haugana. Ég tek svo djúpt í árinni því hraði stærstu fjölmiðla mótar keðju fólksins. Sá sem ekki lætur leiðast með straumi þeirra heldur leitar sjálfur eftir sinni andlegu fæðu og fréttum yfirleitt aukinn andlegan kraft og innri styrk. Ef þú trúir mér ekki prófaðu þá að slökkva á sjónvarpinu í þrjá mánuði. Þú getur það ekki því þú þarft eiturfíð þitt.

Ég prófaði þetta í þrjá mánuði fyrir tveimur árum síðan og það gjörbreytti mínu lífi til hins betra. Ég get ekki hugsað mér að kveikja á sjónvarpi í dag, þó finnst mér sjónvarpsmiðlun frábær uppfinning. Það er ekki hægt að útskýringa þá tilfinningu sem felst í að taka af sér sólgleraugin og fara að sjá birtuna í kringum sig en þannig leið mér fjórum mánuðum eftir að ég slökkti á imbanum svo ég seldi tækið.

Ýmsar stærri grannþjóðir okkar þekkja þetta. Skandinavískar þjóðir eru mun óháðari sjónvarpsnotkun en við erum og fólk sem notar sjónvarp meðal þessara þjóða hafa umtalsvert meira úrval af stöðvum, því er mun erfiðara að miðstýra hugsun þessara þjóða. Fyrir vikið er lýðræði og lýðræðisþrýstingur fólks þar á stjórnvöld mun kraftmeiri en hér hefur verið.

Vil ég taka hér skemmtilegt dæmi máli mínu til stuðnings. Frá því fyrir hrún hafa margir ritað um veru Íslendinga í Schengen samstarfinu. Vel flestum Íslendingum er illa við að Schengen og vilja út úr því, en stjórnvöld héraðs svara ekki þeirri umræðu. Danir ákváðu árið 2011 að yfirgefa Schengen samninginn án þess að Íslenskir fjölmiðlar segðu frá því!

Um þetta má lesa í frétt á BBC. Læt ég tengil fylgja hér með: <http://www.bbc.co.uk/news/world-europe-13366047>.

Ég vil alls ekki hvetja þig lesandi góður til að hætta að fylgjast með fréttum og málefnum. Ég vil alls ekki beina þér í þá átt að loka á afþreyingu. Ég vil hins vegar að þú sért frjáls. Í hundruðir ára hefur mannkynið sótt í félagsskap og mannlega skemmtun sér til afþreyingar og uppbyggingar, sjónvarpið tekur það frá þér.



Ég vil að þú endur uppgötvir þá gleði sem finnst í mannlegum samskiptum, lestri góðra bóka, lestri fjölmiðla sem eru utan þægindahringsins og víkka sjóndeildarhringinn og ég vil að þú endurnýir gleði af mannlegum samskiptum. Þó ég sé með þessum orðum að fara út fyrir málefni Þjóðveldis og út í lífsstíl þá hlýtur þetta tvennt að tengjast. Því ég veit að þú ert meira virði en taminn fill: Brjóttu hlekkina.

Þetta rekur mig að stórrri spurningu. Hvers vegna er Þjóðveldi þess virði að endurreisa það? Að mínu mati er framangreind skoðun mín tengd svarinu við þessari spurningu. Við Íslendingar höfum þróað með okkur minnimáttarkennd. Við höfum ekki áttað okkur á hvaða hlutverki okkur er ætlað í örlagakeðju sögunnar.

Við erum friðarboðinn úr norðri, eins og Nostradamus benti á. Við erum þjóðin sem ekki vill stríð. Við erum þjóðin sem lifir fyrir frelsi. Við erum þjóðin sem er andlega skapandi. Við erum þjóðin sem erum fyrnasterk þó við séum svona fá. Þetta eru djörf orð og úr takti við þann hugarstraum sem þú venst úr fjölmiðlum. Reyndar koma öll þessi orð mín úr meðvitaðri mystík þjóðar vorrar, en slíkt á ekki upp á pallborð hjá þeim sem vilja tjóðra hugsun þína.

Ég hef áður sagt að hægt var að heilaþvo okkur og berja niður því við vorum fá. Það hefur þó aldrei verið hægt að kveða niður þann anda sem í brjósti okkar býr. Það er ekki hægt því hann er sterkur. Við erum nefnilega miklu sterkari en við höldum að við séum. Mystík okkar – eða mín matreiðsla hennar - kann að virka óvísindaleg og órókrétt en hún er þó kjarni okkar mikla styrks.

Við erum Þrjúhundruðþúsund manna þjóð í eigin landi, með eigin þjóðtöngu, sjálfstæði í efnahgsmálum og hugvísindum sem rífur kjaft við stórveldin! Við erum margfalt stærri en mannfjöldinn segir til um. Við værum alveg jafn stór og sterk þó við hefðum flutt til Jótlandsheiða.

Með þeim orðum að Íslendingar séu friðarboðinn úr norðri á ég ekki við neitt yfirsíkvitlegt. Þegar við endurreisum Þjóðveldið endurmótum við raunlýðræði. Við munum þá finna til þess hver við erum. Ég hef í greinum mínum „Kjarni Þjóðveldis“ reint að útskýra hversu langt við stöndum öðrum þjóðum í andlegri



sýn og skpandi hugsun. Við skópum raunlýðræði, rétt kvenna til sanngirnis og mótuðum trúfrelsi, virðingu og málefnalega umræðu þúsund árum á undan öðrum þjóðum.

Þegar við endursköpum þetta eðli okkar og brjótumst út úr þeim hlekkjum sem Lýðveldið hefur bundið okkur í sýnum við öllum heiminum hvað raunlýðræði. Með þessari aðgerð sýnum við allri heimsbyggðinni hvað andlegt frelsi er og um leið hvernig brjótast megi úr hlekkjum efnahagslífs sem kúgar fólk.

Hvað heldur þú að gerist í Evrópu? Fólk er þar nú þegar að kvarta hástöfum yfir að þeir hafi ekki raunlýðræði. Nú þegar er hávær umræða innan Evrópusambandsins að það fótum troði lýðræði. Sú rödd er sístarkari og í öllum þjóðum þess er vaxandi rödd sem krefst þess að liða sambandið í sundur. Um er að ræða hóp sem hafa verið í bandalaginu áratugum saman en orðræða þeirra er þögnuð hérlandis.

Hvað mun gerast úti um hinn gjörvalla heim þegar Ísland beitir frábærri aðferð Mahatma Gandhi, borgaralegum mótþróa eða andstöðu án ofbeldis og einfaldlega yfirgefum Lýðveldið og reisum Þjóðveldi?

Ein kona sem ekki var búin að hugleiða Endurreist Þjóðveldi spurði mig nýlega: „Ertu að berjast fyrir því að verði tvö ríki í landinu?“

Tvö ríki yrðu samtímis í landinu með friðsömum og lýðræðislegum hætti. Slíkt hefur aldrei gerst. Munum að Ríki er bara hugmynd! Mun annað þeirra liðast í sundur? Hver veit, hver veit hver verður vilji þjóðarinnar. Í það minnst er þessi hugmynd þess virði að vera rædd málefnalega. Vilji þjóðin það ástand sem ríkt hefur síðustu öld þá virði ég það. Vilji fólk ekki standa upp og sýna í verki að það trúi á sjálft sig og gildi þjóðar sinnar þá umber ég það.

Ég er vissulega að berjast fyrir því að við vörpum einni hugmynd og endurvirkjum aðra. Sú sem ég vil endurreisa sannaði sig á þrjúhundruð og þrjátíu árum. Hugmyndin sem við erum ósátt við hefur afsannað sig á einni öld.

Málið liggur ljóst fyrir sé horft á það í réttu ljósi. Aðeins þarf að standa upp og segja „ég er frjáls Íslendingur, mér er sama hvað aðrir segja um það.“ Það er stór



hópur Íslendinga sem eru að gera þetta nú þegar en þeir eru sundraðir eins og er. Hvað heldur þú að gerast ef þessi hugmynd mín verður lesin víðar?

42. Skrýtinn maður en venjulegur

Hver á Ísland? Vogunarsjóðirnir eiga Ísland því allir skulda bönkunum og vogunarsjóðirnir eiga bankana? Nei, það eru útgerðarmennirnir sem eiga Ísland! Því þeir eiga kvótann og það er kvótinn sem heldur Íslandi uppi. Hvað ef þeir flytja úr landi með kvótann? Bíddu er kvótinn veðsettur í bönkunum? Nú, vogunarsjóðirnir eiga þá kvótann líka.

Íslenska þjóðin á ekki landið, hún á ekki kvótann, hún á ekki bankana, hún er þó blóðmjólkuð af bönkunum. Embættismannakerfið á Ísland því það er embættismannakerfið sem ræður öllu. Það ræður hvernig þú fyllir út opinber skjöl, hvernig þú færð leyfi til að byggja hús, eða gera hvað sem er.

Einu sinni þurfti leyfi til að flytja úr sveit í bæ, vissirðu það? Einu sinni þurfti leyfi til að flytja lögheimilið. Einu sinni var viðhorfið hjá embættismannakerfið, við ráðum hér og allt er bannað nema vera leyft sérstaklega.

Þingið á landið! Þingið ræður! Það myndi ekki ráða ef það ætti þetta ekki.

Ertu sammála mér? Hver á Ísland? Hver á lýðræðið? Hver á valdið í þessu ríki, þessu landi, meðal þessarar þjóðar? Hver á Ísland? Eru hér frjálsir menn í frjálsu landi? Eru þeir ekki veðsettir upp fyrir haus?

Ég get ekki betur séð en hálf þjóðin sitji í sófanum heima með fjarstýringu og bíði eftir að einhver leysi úr landsmálum fyrir hana. Er það fólkið sem á landið? Ég sé það ekki haga sér þannig.

Hver finnst þér að eigi að eiga landið? Hvað ertu tilbúinn að gera í málinu? Skipta um stöð? Skrifa lesendabréf? Blogga? Hringja í spjallþátt á útvarpsstöð? Skrifa stöðulínu á Facebook? Ertu tilbúinn að gera eitthvað? Eða áttu ekkert í þessu? Áttu rétt á kvótanum? Áttu rétt á auðlindunum? Áttu valdið? Átt þú embættið?



Ef þú býrð í lýðveldi, þá er embættismanna kerfið þín eign. Hagar það sér þannig? Þá væi hið pólitíska stjórnkerfi líka þín eign. Hagar það sér þannig? Hagar þú þér þannig? Hver ber ábyrgðina, þú eða þeir sem ráða yfir þér? Hver á að ráða yfir þér? Er ég bara að bulla? Er ég bara skríttinn?

Ég vil ráða mér sjálfur. Ég lít svo á að embættismannakerfi, eða stofnanir, tilheyri þjóðinni og ég sé hluti hennar. Ég lít svo á að stjórnkerfi Íslands sé kosið til að fara með málefni þjóðarinnar og þá að hennar vilja og hennar óskum. Ég er á þeirri skoðun að bankarnir eigi ekki landið og ég er á þeirri skoðun að útvegsmennirnir eigi ekki kvótann.

En ég er líka skríttinn og er ekki með sjónvarp og er að berjast fyrir lýðræði. Hvers vegna ætti hinn almenni maður að vera að velta fyrir sér Þjóðveldi? Hinn venjulegi maður vill hafa vinnu. Hann vill geta sótt sína vinnu og hann er til í að vinna hvaða vinnu sem í boði er svo fremi hún sé á hans sviði.

Hvers vegna ætti fjölskylda, sem stundar sína vinnu og eyðir tíma sínum í að ala upp börnin sín, að spá í eitthvað á borð við Héraðsþing og virkt persónukjör? Hún þarf föt eða bíl og greiða af reikningum. Hví ætti hún að pæla í því að endurmóta heilt stjórnkerfi?

Hún hefur alið sinn aldur við þá trú að stjórnkerfið sé máttugra en hún. Hún veit auk þess að annað fólk hefur eingöngu áhuga á sínum eigin málum og vill ekki spá í einhverjar hugsjónir sem eru stórar og flóknar. Hugsjónir eru fyrir skríttið fólk á borð við heimspekinga. Við skulum því fara þúsund ár aftur í tímann.

Núna er 2013 en við skulum horfa á konu árið 1013. Hún gæti verið vinnukona á stærra býli.

Hún þarf að vakna snemma á morgnana og koma hlóðunum í gang í eldhúsinu. Hún þarf að vinna við þrjónaskap og saumaskap og stagla í. Hún þarf að fylgjast með hvort verið sé að gefa kindunum og hún þarf að mjólka kýrnar. Hún þarf að vinna við að breyta mjólk í skyr og áfir og súrmjólk og slíkt. Hún þarf að þæfa ull og spinna svo hægt sé að búa til fatnað.




Á þeim tímum var oft þannig, sérstaklega á vetrum, að þegar vinnumenn sem unnu úti við komu aftur í bæ, kaldir og þvældir voru sauðskinnsskórnir kreptir á fótum þeirra. Þeir voru yfirleitt blautir í fætturnar og í lopasokkum í sauðskinnsskónum. Þegar menn komu inn voru þeir því að drepast í löppunum. Þá var hefð fyrir því á sveitaheimilum að hver vinnumaður átti sína vinnukonu. Sá hún um að taka af honum skóna og þrifa á honum lappirnar. Þetta var ekki gert í einhverjum undirlægjuhætti heldur var partur af þjónustuhlutvekum þar sem allir ræktu sín hlutverk. Fólk var stirt þegar það kom inn og þetta var gert af nauðsyn.

Menn komu þreyttir inn eftir gegningar og útivinnu, oft búnir að ganga um heiðar með sauðfé auk annarra útiverka. Það var oft sem menn voru að ganga með sauðfénu úti hálfan veturinn og leita að hvar sauðfé gæti kroppað upp snjó. Menn voru jafnvel að hjálpa sauðfé að finna snjó, moka í gegnum snjóskafla og gá hvort það væri gras undir þeim. Þegar komið var inn eftir svona vinnu var notalegt að geta sest aðeins niður og lata taka af sér ískalda og skorpna sauðskinnsskóna og blauta lopasokkana. Að láta nuddar lífi í lappirnar á sér með hlýju klæði og setja sig í hreina sokka var hluti þess sem téð vinnukona gæti þurft að sinna.

Þetta var partur af því að vinnukonur á sveitabæjum gerðu gott fyrir karlana sem unnu útistörf. Það er alveg öruggt að þeir unnu sín stöf fyrir þær í staðinn. Gagnkvæm virðing kynja var mjög sterk á Þjóðveldisöld.

Téð vinnukona þurfti að vakna löngu fyrir birtingu til að skara upp eldi í hlóðum, hún vann allan daginn fram að háttatíma. Vinnukonur sáu um að hörkuvinnu. Karlarnir unnu sín verkefni mest úti við en algengt var þegar þeir voru inni við sinntu þeir fræðslu barna. Þreyttur karlinn sem var kominn inn úr gegningum og kominn í hlýju sokkana, sá kannski um húslestur um kvöldið. Það var sjónvarpsefni þess tíma. Þeir þurftu að fara aftur út á kvöldin til að fylgjast með skepnunum. Þetta líf var hörkuvinna fyrir bæði kynin.

Þetta fólk dundaði sér við að tefla skák, spila á spil, segja sögur eða kveðast á og hafa þannig ofan af fyrir sér. Þetta var duglegt fólk. Þeirra líf var margfalt erfiðara



en er í dag á tímum bifreiða, síma og rafmagnstækja. Þetta fólk hafði þó virkan áhuga á þjóðmálum.

Þetta fólk þurfti ekki að borga skatta. Þetta fólk hafði ekki áhyggjur af utanríkismálum. Þau þurftu ekki að velta fyrir sér ástandi hins opinbera. Það var engir bankar og engar flækjur. Ef þetta fólk þurfti að redda einhverju, þá sá það um sig sjálft. Það beið ekki eftir að einhver reddaði hlutum fyrir sig.

Þetta fólk leit svo á að það kæmi engum við hvað fram færi á sínum bæ. Það leit svo á að hver bæri ábyrgð á sjálfum sér. Það bar ábyrgð á sér sjálft en þau höfðu samt hugsjónir.

Þau voru tilbúin að fara á héraðsþing og ýmist fótgangandi eða ríðandi á hestbaki. Þau gátu ekki setst upp í þægilegan bíl og keyrt á staðinn. Þegar þau komu á staðinn var þar ráðið málum héraðsins og settar reglur fyrir hvert hérað. Þessar reglur voru sjaldnast skrifaðar í bækur sem yrðu meitlaðir lagabókstafir eða fundargerðir eins og í dag. Munnleg geymd var málið og virðing fyrir henni var aðal.

Þetta fólk hafði engin fangelsi fyrir þá sem brutu lögin heldur þurfti að móta persónulegar leiðréttingar. Yfirleitt þurfti sækjandi dómsmáls að sjá sjálfur um framkvæmd dómsins.

Reglur héraðsins gátu breyst frá ári til árs og fólk tók þátt í umræðum. Ef bændur deildu um landamörk eða í ljós kom að vinnumaður á einum bæ barði vinnumann á öðrum, að ég tali nú ekki um nauðgun, þá þurfti fólk að taka ákvörðun um hvað ætti að gera. Allir tóku þátt í málefnum og fundu til ábyrgðar á samfélagi sínu.

Í dag sé ég samfélag þar sem hinn almenni maður kvartar í sífellu útaf engu, þó hann lifi lúxuslífi og enginn hefur áhuga á samábyrgð, frelsi eða málefnalegum samræðum. Við viljum bara tékka á því hvar sé næsta útsala eða hvað sé á á dagskrá sjónvarpsstöðva. Við erum varla fær um að mæta á útihátíð þar sem við getum rætt um þróun samfélags okkar. Við getum þó öll farið á útihátíð til að drekka okkur full, hlusta á rokktónlist og eðlast í köldum tjöldum.



Það er meira virði að fylgjast með hvar næsta útsala sé, eða skoða nýjasta smábílinn á markaðnum. En að orðræða um hvernig samfélag þú vilt móta er bara leiðinlegt og fyrir skrítið fólk. Hvernig samfélag vilt þú móta? Viltu ræða það eða skreppa í bíó?

43. Fjölmiðlavægi

Ríkisfjölmiðill er umdeilt mál á Íslandi og hefur verið frá því að Ríkisútvarpið var stofnað. Það er ekkert dagblað gefið út af hinu opinbera í samtímanum. Menn vilja það heldur ekki. Það er engin opinber fjölmiðla vefsíða með fréttum á Íslandi. Menn vilja það ekki. Getur fjölmiðill verið hlutlaus þó hann væri í eigu ríkisins?

Hvað með upplýsingar? Upplýsinga stofnun hlýtur að vera skyldug til að bregðast við upplýsingaþörf borgaranna? Ég var rétt áðan að hlusta á útvarpsþátt þar sem Pétur Gunnlaugsson las upp eign lífeyrissjóðsins Gildis í Íslenskum fyrirtækjum og mér er brugðið.

Það er enginn upplýsingamiðill á Íslandi að fjalla um eignasöfnun Íslenskra valdastofnana. Lífeyrissjóðirnir eru löngu orðnir að valdastofnun. Þeir ráða yfir miklu fjármagni, okkar fjármagni.

Það er ekki minn þáttur í Þjóðveldisbaráttunni að fara út í hvernig lífeyrissjóða kerfið ætti að vera eða hvernig við ættum að uppræta spillingu af hinu og þessu taginu. Ég geri ráð fyrir því að borgarar Þjóðveldis muni sjálfir finna þessa hluti út þegar við endurreisum Þjóðveldið.

Það er mikið deilt um Ríkisútvarpið, sjónvarps rásina og báðar hljóðvarps rásirnar. Hvernig er valið það efni sem er flutt á þessum fjölmiðli? Er einhver munur á því að ríkið haldi úti rekstri hljóðvarps og sjónvarps, prentmiðils eða upplýsingasíðu? Hvers vegna leyfum við að ríkið reki áhrifamesta fjölmiðil landsins en meinum því að vera í fjölmiðlarekstri? Hvers vegna sætti fólk sig við þegar vinstri stjórnin samþykkti nýlega fjölmiðlalög sem setja óbeina ritskoðun á aðra fjölmiðla?



Ef hinn almenni borgari ætlar að afla greinargóðra upplýsinga þarf hann að hafa mikið fyrir því nú orðið. Þó mikið magn upplýsinga sé til á Vefnum, hvar á hann að leita og að hverju á hann að leita? Hraði þeirra fjölmiðla sem steypast yfir hann dags daglega er mikill og fréttamiðlun fleytir kerlingar á yfirborðinu, ef hann vill grafa dýpra þarf hann að bera sig eftir því.

Ég er á þeirri skoðun að þegar Þjóðveldishópurinn stækkar þurfi að stofna starfshóp upplýsingastofnunar til þess að svara áleitum spurningum varðandi miðlun upplýsinga og fréttu. Hvaða upplýsingar viljum við fá? Hvernig viljum við vinna úr þeim? Hvernig gætum við hlutleysis? Hvernig miðlum við þessum upplýsingum? Hvaða hlutiverki á hið sameiginlega (hið opinbera) að gæta á þessum vettvangi? Sérstaklega með tilsjón til framtíðar.

Á að vera til farvegur handa borgarurm sem þeir geta treyst varðandi upplýsingamiðlun á vegum hins opinbera til hins almenna manns. Er þörf á farvegi fyrir þá sem kæra sig um að vita meira en yfirborðið?

Ég hef sjálfur mjög sterkar skoðanir um hvernig ætti að reka ríkisútvarp og hvort það ætti yfir höfuð að vera til. Ég ætla þó ekki nánar út í það hér. Ég mun berjast fyrir mínu viðhorfi eins og hver annar borgari Þjóðveldis þegar þar að kemur. En ég fer ekki ofan af því að hið opinbera þurfi að standa að varðveislu og miðlun upplýsinga fyrir fólk.

Í umræðuþætti að Stjórnarskrá Þjóðveldis kem ég að hlutverki Upplýsingastofnunar. Þetta er stór málaflokkur og snýst um mun meira en miðlun upplýsinga. Að mínu mati þarf að vera til staðall um upplýsingageymd, gagnahögun og framkvæmdir. Slík stofnun bæri til að mynda ábyrgð á skilgreiningum tölvukerfa og ýmissa ferla við starfssemi hins opinbera. Hún væri að því leiti sjálfstæð að hún færi eftir lögum sem mótuð eru sameiginlega af Héraðsþingum í tengslum við stjórnarskrármyndun. Er sú hugsun til að fyrirbyggja spillingu á borð við upplýsingaþöggun.

Er það mín skoðun að slíkt fyrirbæri ætti fyrir löngu að hafa risið.



Borgaralegur mótþrói snýst að hluta til um upplýsingar. Birta má upplýsingar á okkar vefsíðu um valdasöfnun, fákeppni, spillingu og samþjöppun í viðskiptalífi, stofnunum og stjórnámum Lýðveldis.

Þegar við áttum okkur á að einhver lífeyrissjóður hafi eignast Íslenskt olíufélag. Við getum spurt okkar félagsmenn í okkar fréttabréfi, „þetta olíufélag er núna í eigu þessa lífeyrissjóðs, viltu versla þarna?“

Mörg Íslensk fyrirtæki, stór og smá, eru nú á hendi lífeyrissjóða. Sjóðirnir eru ógegnsærir og völd þeirra teygjast víða. Við sem greiðum í sjóðina höfum ekkert að segja um stjórnun þeirra. Uppgjör þeirrar eru heilög vé og óskiljanleg leynd hvílir yfir ráðstöfun þeirra á okkar fjármunum.

Ég held því fram að lífeyrissjóðir hafi verið tómir við hrun en blekkingum og þöggun verið beitt til að telja okkur trú um annað. Ég trúi að hefði þjóðin haft þessa þekkingu hefði hún umbylt kerfinu sem er gjörspilt. Viltu versla við þau fyrirtæki sem þau eiga? Hver á Lífeyrissjóðina? Hverjir stjórna þeim? Hvað eiga þeir? Viltu endurskoða þetta kerfi?

Aðferð Þjóðveldis hlýtur því að vera „Borgaraleg mótstaða“ og upplýsingar hljóta að vera nauðsynlegt verkfæri: Viltu versla við banka sem eru í eigu erlendra vogunarsjóða? Viltu vera með þín bankaviðskipti þar? Getur þjóðveldisfélagið stofnað opinn banka, jafnvel lífeyrissjóð?

Stjórnlagagrunnur

Vel mætti sundurgreina og skoða stjórnarskrá Lýðveldis og bera saman við stjórnlagatillögur stjórnlagaráðs frá 2012. Sérstaklega mætti taka tilsjón til valinna erlendra stjórnarskráa s.s. Frakka og Bandaríkjanna. Einnig mætti skoða stjórnlagagrunn Breska heimsveldisins sem er eitt öflugasta ríki heims en hefur enga staðlaða stjórnarskrá.

Þá þyrfti eðlilega að greina skilmerkilega hvernig Þjóðveldi var stjórnað frá 930 til 1264. Þó margt sem þar var gert stæðist tæplega heimsmynd nútímans þá byggðist lýðræði þess tíma á hugsjónum og hefðum sem voru vel ígrundaðar. Slík



rýni gæti bætt sjónarhorn nútímafólks á þau gildi sem tryggja myndu stöðugleika og ábyrgðarfullt raunlýðræði.

Að þessu sögðu yrði eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- Stjórnarskrá sé stutt og auðskilin.
- Viðmið stjórnarskrár sé formfastur grunnur stjórnлага.

Í þessari vinnu er að miklu leiti stefnt að því að birta hugmyndir á vefnum og þá sem umræðuefni sem ræða mætti frekar á Héraðsþingum eða á Þjóðveldishátíð.

Litið er svo á að stjórnarskrá sé ekki skrá eða listi heldur grunn samsetning samanber enska orðið „Constitution“ og því heitir þessi málaflokkur „Stjórnlagagrunnur.“ Síðar kemur í ljós hvað fólki finnst um orðaleik af þessu tagi.

Hornsteinn þessarar vinnu er sá að allir ríkisborgarar með kosningarétt eigi erindi í umræðuna. Þeir hafi virka rödd og atkvæði, svo fremi þeir vilji nýta sér þann rétt.

Eitt sjónarhorn þessa er að stjórnarskrá er aðeins breytt með þjóðaratkvæði og taki aðeins gildi sé 80% atkvæða því samþykkt og þá sé kosið um hverja grein fyrir sig. Stjórnlagagrunnur sé þannig þjóðarinnar en ekki þinga né nefnda. Aðeins sé hægt að móta stakar greinar hafi víðtæk umræða hennar farið fram innan samfélagsins.

Sú hugmynd er í gangi að að í stjórnarskrá mætti setja viðmið til skattastefnu og að skilningur á stjórnarskrá sé hluti af námi unglinga og skylduþekking nýrra ríkisborgara. Með þessari hugmynd er sóst eftir auknu vægi eða virðingu ríkisborgarans fyrir sinni lýðræðishefð og að hann sé jafn ábyrgur fyrir hag landsins sem landsfeður og jafnhliða stefnt að meiri ábyrgð og stöðugleika í opinberum fjármálum.



Mótunarskref stjórnskrár

Mjög fámennur hópur fólks er nú að sundurgreina og skoða stjórnskrá Lýðveldis, stjórnlagatillögur stjórnlagaráðs 2012, með tilsjón til valinna erlendra stjórnskráa s.s. Bretta, Frakka og Bandaríkjanna.

Fyrst og fremst er horft á þann grunn sem skilgreindur er í greinasafninu “Baráttan” hér á vefnum. Það greinasafn horfir bæði á sögulega hefð hins forna Þjóðveldis og þeirrar stefnu sem mótuð er í baráttu Íslenska Þjóðveldis félagsins.

Að þessu sögðu verður horft til þeirra framúrstefnulegu viðhorfa sem birtust í „Þjóðveldi hins eldra.“

Að þessu sögðu verður eftirfarandi haft að leiðarljósi:

1. Stjórnskrá sé eins stutt, einföld, og auðskilin sem auðið er.
2. Viðmið stjórnskrár sé formfastur og virðingarverður grunnur stjórnлага.
3. Að hún taki mið af anda þess nútíma er þjóðin samsamar sig við m.a. með tilliti til mannréttindasáttmála og slíkra *gilda*.

Í þessari vinnu er eingöngu stefnt að því að hafa *hugmyndir* á vefnum og þá sem umræðuefni sem rædd verði á Héraðsþingum á Þjóðveldishátíð og í heimahéruðum síðar.

Litið er svo á að stjórnskrá sé ekki skrá eða listi heldur grunnur samanber enska orðið „Constitution“ og því heitir þessi málaflokkur „Stjórnlagagrunnur.“ Síðar kemur í ljós hvað fólki finnst um orðaleik af þessu tagi.

Hornsteinn þeirrar vinnu sem hér verður lagt upp með, er sá að allir ríkisborgarar með kosningarétt eigi erindi í umræðuna þ.e. virka rödd og virkt atkvæði sé *það hans vilji*.

Ennfremur að stjórnskrá sé aðeins breytt með þjóðaratkvæði og taki aðeins gildi sé 85% atkvæða því samþykkt og þá sé kosið um hverja grein. Stjórnlagagrunnur sé þannig þjóðarinnar en ekki þinga né nefnda.



Litið verður til þess að í stjórnarskrá séu viðmið til skattastefnu, kosningaréttar og að skilningur hennar sé hluti af námi unglunga og skylduþekking nýrra ríkisborgara. Með þessu er miðað að auknu vægi eða virðingu ríkisborgarans fyrri sinni lýðræðishefð og að hann sé jafn ábyrgur fyrir hag landsins sem landsfeður.

